



Myrti konu sína í afbrýðisemiskasti

■ Kallaði nafn annars manns í samförum

14. DESEMBER 2018 / 48. TBL. 108. ÁRG. / VERD 995 KR.

DV



MAÐUR ÁRSINS 2018 KOSNING Á DV.IS



Hollywood-
stjarnan

Hera
Hilmarsdóttir

HRAÆDSLAN MIKILVÆGUR ÞÁTTUR Í VELGENGNINNI

■ Mikil skuldbinding að taka að sér hlutverk Hester Shaw ■ Ætlar að halda áfram að taka að sér hlutverk héraendis ■ Fékk hlutverkið í afslöppuðu Skype-spjalli



„Allt var ömurlegt í gamla daga“

■ Rithöfundurinn Sif Sigmarsdóttir er stoltur feministi ■ Vændiskona í símaklefa eyðilagði ein jólin



Bella bjargaði lífi Kjartans

■ Veitir huggun og gleði á erfiðum tímum

Úttekt

FROST Í SÖLU FASTEIGNA Í MIÐBÆNUM

Margar gerðir af
FARANGURSBOXUM

Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla

VÍKURVAGNAR ehf.

Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is



Síðustu orðin

„Eru öll hamingjusöm? Ég vil að öll séu hamingjusöm. Ég veit að ég er hamingjusöm.“

– Bandaríska leikkonan Ethel Barrymore (1879–1959)

Á þessum degi, 14. desember



557 – Verulegt tjón verður í Konstantínópel vegna jarðskjálfta.



1542 – María Stúart verður drottning Skota, aðeins einnar viku gömul, í kjölfar dauða föður hennar, James V.



1903 – Wright-bræður gera sína fyrstu tilraun til að fljúga vélinni Wright Flyer. Þetta á sér stað í Kitty Hawk í Norður-Karólínu.



1911 – Leiðangur Roalds Amundsen, sem samanstendur af honum sjálfum, Olav Bjaaland, Helmer Hanssen, Sverre Hassel og Oscar Wisting, kemst fyrstur allra á suðurpólinn.



1918 – Kosningar eru haldnar í Hinu sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands. Konum er heimilt að kjósa í fyrsta skipti.



2012 – 28 manns falla í skotárás í Sandy Hook-grunnskólanum. Á meðal þeirra er ódæðismaðurinn.



Það má vera að þetta sé óheppilegt en væntanlega hefur þetta verið sett inn með réttum tilgangi og hugsun

Lögreglan auglýsti umferðaráttak með ökuleyfisviptum útfararstjóra

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Ökuleyfisviptur bílstjóri var notaður til að auglýsa áttak gegn ölvunarakstri hjá Lögreglunni á Suðurnesjum. Í auglýsingunni má sjá útfararstjóra sem var sviptur ökuréttindum í eitt ár og hefur hún verið notuð í að minnsta kosti tvígang eftir sviptinguna. Lögreglan segist ætla að skoða málið og það geti verið óheppilegt en boðskapurinn hafi verið augljós.

Hver ekur þér heim um hátíðarnar?

Þann 2. desember síðastliðinn birti Lögreglustjórinn á Suðurnesjum uppstillta mynd af fjórum bílum og bílstjórum þeirra. Við myndina stóð „Hver ekur þér heim yfir hátíðarnar?“ og er hún liður í stórhertu eftirliti lögreglunnar með ölvunarakstri. Sams konar auglýsingar hafa verið gerðar hjá öðrum lögregluembættum og hjá lögreglu í öðrum löndum, til dæmis Danmörku. Með auglýsingunni stendur:

„Lögreglan á Suðurnesjum mun efla eftirlit með ölvunarakstri í desember og janúar og þá sérstaklega um helgar, en markmiðið verður að fækka og koma í veg fyrir

ölvunarakstursbrot, en því miður þá eiga þau til að færast í aukana þessa mánuði. Talsvert er um bæði jólahlaðborð og jólaglökk og við hvetjum alla þá sem ætla sér að fara á jólahlaðborð eða slíka skemmtun yfir jólin að skilja bílinn eftir heima.

Endum ekki jólagleðina með ölvunarakstri...“

Á myndinni má sjá leigubílstjóra, lögreglumenn, sjúkraflutningamenn og útfararstjóra. Svo óheppilega vildi til að útfararstjórinn, Richard Woodhead, var sviptur ökuréttindum í heilt ár. DV hafði samband við Richard sem greindi frá því að hann hefði fengið ökuréttindin aftur í maí síðastliðnum en kannaðist ekki við að hafa setið fyrir í auglýsingu.

Einhver vitleysa

„Þetta er einhver vitleysa, ég hef ekki séð þessa auglýsingu,“ sagði Woodhead þegar hann var spurður hvort honum myndist ekki skrytið að hafa verið beðinn um að sitja fyrir í auglýsingunni í ljósi þess að hafa verið sviptur ökuréttindum. Myndin var tekin fyrir nokkru og hann er ekki lengur starfandi sem útfararstjóri. Er því um endurbirtingu að ræða.

Myndin var einnig birt á sama degi árið 2017. Á þeim tíma var

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
2. desember kl. 16:05

Stórhert eftirlit með ölvunarakstri

Lögreglan á Suðurnesjum mun efla eftirlit með ölvunarakstri í desember og janúar og þá sérstaklega um helgar, en markmiðið verður að fækka og koma í veg fyrir ölvunarakstursbrot, en því miður þá eiga þau til að færast í aukana þessa mánuði. Talsvert er um bæði jólahlaðborð og jólaglökk og við hvetjum alla þá sem ætla sér að fara á jólahlaðborð eða slíka skemmtun yfir jólin að skilja bílinn eftir heima. Endum ekki jólagleðina með ölvunarakstri...



Woodhead ekki með ökuréttindi.

Gunnar Schram hjá Lögreglunni á Suðurnesjum segir að málið verði skoðað:

„Það má vera að þetta sé

óheppilegt en væntanlega hefur þetta verið sett inn með réttum tilgangi og hugsun. Ég held að það hafi allir skilið boðskapinn.“

5 jólasveinar DV



Jólasveinarnar þrettán eru á leið til byggða, margir hverjir eru þegar mættir. Eins og svo margt annað eru þeir börn síns tíma og telja margir þá þurfa á uppfærslu að halda, til dæmis þegar kemur að kynjahlutföllum. Samtök grænækera á Íslandi eru komin með sína eigin 13 jólasveina, þar á meðal Lambafrelsi og Hænuhvísla. DV ákvað að prófa að finna sína eigin fimm jólasveina.

Keyrslukátur

Jólasveinninn Keyrslukátur ekur um Suðurland, stundum allan sólarhringinn, og kætir og gleður unga sem aldna. Aksturskostnaðurinn er sendur beint á Leppalúða sem borgar með bros á vör. Líkt og hreindýrið Rúdolf er Keyrslukátur lagður í einelti en hefur alltaf sigur að lokum.



Upphlauspargaga

Upphlauspargaga var fimmta skammaðist yfir allt hvað sem kom í fjölmöldum öskraði hún fimmfalt



Kúvending

Jólasveinninn, eða jólasveinkan, Kúvending ætlaði sko aldrei að vinna með bláu jólasveinunum. Hún sagði í fyrsta að það væri óhugsandi að fara með þeim í pakkaleidangur, þeir væru svo vondir. Bláu jólasveinarnir gerðu síðan Kúvendingu að ráðherra og nú finnst henni þeir bara bestir í heimi.



Gátugægir

Gátugægir var sjötti sá svörin í hillingu spurði þá um heiminn og æpti um spillingu



Kuntubulli & félagar

Sex jólasveinar fóru í klaustur. Huldukona náði á upptöku margs konar óhróður þeirra og nót um aðra jólasveina. Huldukonan lak því í DV og afhjúpaði þannig jólasveinana sem fóru í klaustur sem rudda. Kuntubulli, Sendiherrafúsi og allir hinir hurfu þá aftur til fjalla.

Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is



normann
COPENHAGEN

ferm
LIVING

by Lassen.
COPENHAGEN



Joseph
Joseph

LAKRIDS
BY JOHAN BULOW

ROSENDAHL

Hver er hann



■ Hann er fæddur 23. nóvember árið 1963 í Reykjavík.

■ Hann útskrifaðist árið 1990 úr Leiklistarskóla Íslands.

■ Hann lék rússneska fjallgöngumanninn Anatoli Boukreev í frægri stórmýnd.

■ Hann hefur hlotið Edduverðlaunin alls fimm sinnum og deilt skjánum með Johnny Depp.

■ Á Facebook má finna umtalaða síðu sem ber heitið Sama myndin af [X] á hverjum degi.

SVAR: INGVAR EGGERT SIGURSSON

Það er staðreynd að...



Blint fólk sér þegar það dreymir. Draumarnir eru þó aðeins svarthvítir.



Hvalir eru ekki með raddbönd.



Twitter, Facebook Youtube og Snapchat eru meðal þeirra samfélagsmiðla sem eru ólöglegir í Kína.



Í kringum 30% mannkynsins geta blakad nasavængjunum.



Jarðhnetur eru ekki hnetur, heldur baunir.

Almannatenglar skráðir sem innherjar hjá Icelandair

Þann 20. nóvember síðastliðinn voru almannatenglar Friðjón Friðjónsson og Gísli Freyr Valdórsson, hjá KOM, skráðir sem innherjar hjá Icelandair Group hf. Fyrir nokkrum mánuðum gekk sú saga fjöllum herra að starfsmenn KOM stæðu að baki neikvæðum fréttum um flugfélagið WOW air í þeim tilgangi að spilla fyrir frægu skuldaþréfaútboði fyrirtækisins upp á 50 milljónir króna. Eyjan skrifaði frétt um þær ásanir um miðjan september og brást Friðjón hart við þegar hann var spurður út í þessa kenningu. „Þetta eru fullkomin og alger og helber ósannindi,“ sagði Friðjón í samtali við DV. Gísli Freyr, sem helst er þekktur fyrir aðild sína að lekamálinu svokallaða, brást einnig við umfjölluninni og vísaði fréttunum til föðurhúsanna.

Náin tengsl við áhrifamikla fjölmiðlamenn

Í áður nefndri frétt Eyjunnar var bent á náin tengsl Friðjóns við Hörð Ægisson, ritstjóra Markaðarins hjá Fréttablaðinu, og Stefán Einar Stefánsson, fréttastjóra viðskipta hjá Morgunblaðinu. Fjölludu miðlarnir ítarlega um slæma stöðu WOW air í aðdraganda skuldaþréfaútboðsins. Sérstaklega vakti frétt Morgunblaðsins um að WOW air



skuldaði Isavia ohf. um tvo milljarða króna í lendingargjöld mikla athygli.

Brást illa við fréttáflutningnum

Brást Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, illa við fréttáflutningnum. „Ég get ekki orða bundist lengur að sjá hvernig sumir fjölmiðlar keppast um að tortryggja



WOW air og það sem við höfum byggt upp undanfarin ár. Ég hreinlega trúir ekki að nokkur blaðamaður eða fjölmiðill sé svo skamsýnn að vilja vísitandi skemma fyrir áframhaldandi uppbyggingu félagsins. Nýjasta „fréttin“ er að við eigum að skulda Isavia yfir tvo milljarða. Þessu er slegið upp með stórrí fyrirsögn í æsifréttastíl á forsiðu Morgunblaðsins í dag og er vitnað í nafnlausan heimildarmann. Við leggjum ekki í vana okkar að tjá okkur um einstaka birgja eða þjónustusamninga en þetta er einfaldlega rangt. Við eigum mjög gott samstarf við Isavia og höfum aldrei skuldað þeim yfir tvo milljarða króna og það er til skammar að Morgunblaðið sé að slá upp slíkum fyrirsögnum án áreiðanlegra heimilda,“ sagði Skúli í yfirlýsingu á sínum tíma.

Eins og frægt varð gekk skuldabréfaútboð WOW air ekki sem skyldi og skömmu síðar var tilkynnt um fyrirhuguð kaup



Icelandair á WOW air, sem voru einar stærstu viðskiptafréttir ársins. Rúmum þremur vikum síðar féll þó Icelandair frá kaupunum og bandaríska félagið Indigo Partners stökk til og fjárfesti í WOW.

Í vikunni var síðan tilkynnt um hópuppsagnir hjá WOW air en 111 fastráðnum starfsmönnum var sagt upp störfum. Þá kom fram að flugvélar yrðu seldar og rekstur félagsins einfaldaður.

Reitt er að geta þess að önnur dæmi eru um að aðkeyptir almannatenglar séu skráðir sem innherjar hjá stórum félögum. Þannig er Einar Karl Haraldsson skráður sem innherji hjá Heimavöllum hf. og Ásgeir Friðgeirsson er skráður sem innherji hjá HB Granda.

DV hafði samband við Icelandair vegna málsins og leit að eftir frekari skýringum á starfi tvímenninganna fyrir félagið. Svör höfðu ekki borist þegar blaðið fór í prentun. ■

Hættið að rífast um MMA!

Svarthöfði

Gunnar Nelson var að slást um daginn. Eins og venja er fer Ísland á hliðina og skiptist fólk í tvær fylkingar sem takast á í nokkra daga. Báðar fullvissar um eigið ágæti og telja sig hafa sannleikann í bakhöndinni. Hvor hópurinn verður ofan á veltur yfirleitt á úrslitunum hjá Gunnari sjálfum.

Sumir fyllast heilagri vandlætingu, kalla þetta blóðbað og kalla eftir bönnnum. Að það geti ekki talist íþrótt þegar tveir einstaklingar stíga inn í hringinn til að reyna að gera hvor annan meðvitundarlausan. Þetta er yfirleitt fólk af eldri kynslóð og háskólamenntað þakk. Forræðisbyggjulið sem þykist vita hvað öðrum er fyrir bestu.

Bolirnir fylkja sér á bak við Gunnar og hans iðju. Segja að



hann sé frábær fyrirmynd fyrir æsku landsins. Heilsteyptur og góður piltur. Þetta fólk reynir líka að ljúga því að okkur að þetta sé allt saman mjög faglegt og enginn í raunverulegri hættu. Sem er auðvitað hlægilegt kjaftæði. Það vita

allir innst inni að þetta er stórhættulegt.

Svarthöfða finnst þessi umræða vera ákaflega þreytt og lýjandi. MMA er hættulegt og það ætti að leyfa það. Hver sem er nógu heimskur til að taka þátt í þessu

ætti vitaskuld að mega það. En glæpurinn er hversu fjári leiðinlegt þetta er. Að sjá tvo menn faðmast, liggjandi á nærbuxunum er afleitt afþreyingarefni. Kannski yrði það skárta ef þeir fengu að nota vopn.

Svarthöfði leggur til að sjónvarpsstöðvarnar herna hætti að sýna þessa bölvuðu vitleysu en taki almennilegt hringleikahús inn í staðinn. Ameríska fjölbragðaglímú. Það er langtum betri skemmtun, bæði innan hringsins og utan. Í fjölbragðaglímúnni er gegnumgangandi söguþráður, lítríkar persónur og langtum tilþrifa-meiri fangbrögð en sjást í MMA.

Amerísk fjölbragðaglímú er ekki bara skemmtilegri heldur er hún einnig ærlegri. Þar eru leikendur ekki að þykjast vera neitt annað en þeir eru. Vöðvaskrímsli á sterum og kókaíni sem deyja flestir langt fyrir aldur fram. Ef við ætlum að leyfa bardagaíþróttir í skyllm-ingaþrælastíl þá ættum við að gera það með stæl. ■

POTTURINN STEFNIR Í

445

MILLJÓNIR



10 RAÐIR EÐA ÁSKRIFT GEFA ÞÉR
MÖGULEIKA Á AUKAMILLJÓN Í DESEMBER.



LEIKURINN OKKAR

BÍLAFLOTI SENDIRÁÐA ÍSLANDS: RÁNDYR BMW Í PEKING EN ODYR RENAULT Í NYJU DELÍ

■ Bílaflotinn kostar alls um 100 milljónir króna ■ 24 bifreiðar í 22 sendiráðum

Sendiráð Íslands um gjörvalla heim hafa fjárfest í bifreiðum undir starfsmenn sendiráðanna fyrir tæplega 100 milljónir króna. Alls hefur 21 bifreið verið keypt en þrjár bifreiðar hafa verið teknar á rekstrarleigu. Það eru sendiráðin í Ottawa, Winnipeg og Berlín sem eru að leigja bíla fyrir 626–702 þúsund krónur á ári. Kaupin á bifreiðunum fara í gegnum sjálft utanríkisráðuneytið en athygli vekur að bifreiðar sendiráðanna eru misjafnar að gæðum milli landa. Þannig kostnaði sendiráðsbifreiðin í Peking 7,6 milljónir króna og er af gerðinni BMW 525 Li. Á meðan þarf sendiráðið í Nýju Delí í Indlandi að gera sér að góðu bifreið af gerðinni Renault Duster sem kostaði rétt rúmlega eina milljón króna. Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn DV frá utanríkisráðuneytinu.

London

– BMW G12 740 Li Saloon B58
– 6.541.811



Moskva

– VW Touran Tdi
– 2.158.286

Genf

– BMW 530
– 6.135.428



Peking

– BMW 525 Li
– 7.621.192



Nuuk

– Hyundai SantaFe 2,2 CRDI aut. 4wd
– 6.530.061



Washington

– Lincoln Continental Livery
– 4.740.190



Nýja Delí

– Renault Duster
– 1.050.301

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

PANTAÐU
Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

J&S Watch co.

REYKJAVIK



Islandus - 44mm
Hvít skífa með rómverskum tölum.
Brún ól úr strútslegg.



101 - 32mm
Rauð skífa með rómverskum tölum.
Stálkeðja.



Islandus 1919 - 44mm
Svört skífa með arabískum tölum.
Svört ól úr vísundaskinni.



Frisland 1941 - 42mm
Blá skífa með sjálflysandi tölum.
Svört ól úr vísundaskinni.



Frisland Classic - 42mm
Hvít skífa með rómverskum tölum.
Blámaðir visar og brún ól úr strútslegg.



Frisland - 42mm
Svört skífa með sjálflysandi tölum.
Svört ól úr strútskinni.



Sif NART - 40mm
Svört skífa með sjálflysandi tölum.
Svört gúmmí ól með rauðum saum.



Sif NART 1948 - 40mm
Blá skífa með sjálflysandi tölum.
Brún ól úr kálfaskinni með hvítum saum.



101 - 38mm
Hvít skífa með arabískum tölum.
Brún ól úr strútskinni.

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Frost í sölu fasteigna í miðbænum

Mikið framboð er af nýjum íbúðum til sölu í miðbæ Reykjavíkur og bendir ýmislegt til að markaðurinn sé mjög hægur, jafnvel frosinn. Samkvæmt lauslegri talningu DV eru um 150 nýjar íbúðir óseldar á fasteignasíðum og enn fleiri á leiðinni. Í Hagsjá Landsbankans í vikunni birtust vangaveltur um hvort verið væri að byggja of mikið af íbúðum hérlandis, eina ferðina enn. Margt virðist þó benda til þess að of mikið hafi verið byggt á röngum stað á höfuðborgarsvæðinu.

74% íbúða óseld

DV tók saman stöðuna á sölu nýrra íbúða í miðbæ Reykjavíkur. Samkvæmt fasteignasíðum eru fjölmargar íbúðir til sölu í alls tíu nýbyggingum, Geirsgötu 2 og 4, Tryggvagötu 13, Frakkastíg 8C, 8D og 8E, Hverfisgötu 58A, 58B og 94 auk Arnarhlíðar 1 sem tilheyrir Valssvæðinu svokallaða. Alls hafa 217 íbúðir í þessum húsum verið boðnar til sölu undanfarna mánuði en aðeins 56 eru seldar, ef mið er tekið af þinglýstum eigendum í Fasteignaskrá. Það þýðir að 74% íbúðanna eru óseld. Nokkrar vikur getur tekið að þinglýsa kaupsamningum á nýjar íbúðir og því eru þessar tölur birtar með þeim fyrirvara.

Flestir virðast sammála um að mikil umframertirspurn sé eftir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi svæðum. Það er því augljóst að ástæðan fyrir því að íbúðirnar seljast ekki er aðeins eitt, verðið.

Markaðurinn fyrir fasteignir í miðbænum er takmarkaður. Út af verðinu er ólíklegt að ungt fólk sem er að leita að sinni fyrstu eign eigi möguleika á að kaupa eignir. Þá eru minni líkur en meiri á að barnafólk hafi áhuga á að búa í slíkum eignum í miðbænum. Meginuppistaða markaðarins er því barnlaust fólk í eldri kantinum sem kannski er að minnka við sig og hugnast það vel að búa í hringiðu miðborgarinnar.

Fermetraverð eignanna í þessari úttekt DV er frá rúmlega 600 þúsundum króna og allt upp í tæplega eina milljón króna. Til samanburðar þarf að leita í skamma stund til þess að finna nýbyggingar í Grafarholti fyrir rúmlega 400 þúsund krónur á fermetrann.

Þá hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir fjárfesta að talsvert magn af nýbyggingum á enn eftir að koma inn á markaðinn. Þar má nefna glæsilegar íbúðir við Austurbakka sem og mörg hundruð íbúðir á Valssvæðinu. Þar hafa íbúðir í fjölbýlishúsi við Arnarhlíð 1 verið í sölu í tæpa átta mánuði en aðeins 25 af 46 íbúðum hafa selst. ■

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Geirsgata 2 og 4. Eigandi: Reykjavík Development ehf.



Tryggvagata 13. Eigandi: T13 ehf.



Hverfisgata 94. Eigundur: Hverfisstígur ehf. og SA Byggingar ehf.



Frakkastígur 8C, 8D og 8E. Eigandi: Blómapiing ehf.



Arnarhlíð 1. Eigandi: B-reitur ehf.

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM



Sjálftandandi greiðslulausnir og handfrjálssir posar

Verifone®

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060

Geirsgata 2: Ein íbúð seld af 22. Fermetraverð: 780–947 þúsund krónur.

Geirsgata 4: Engin íbúð seld af 28. Fermetraverð: 790–946 þúsund krónur.

Tryggvagata 13: Níu íbúðir seldar af 38. Fermetraverð 630–793 þúsund krónur.

Frakkastígur 8C: Fimm íbúðir seldar af 22. Fermetraverð 614–787 þúsund krónur.

Frakkastígur 8D: Þrjár íbúðir seldar af 21.

Frakkastígur 8E: Fjórar íbúðir seldar af 8.

Hverfisgata 58A og 58B: Átta íbúðir seldar 16. Fermetraverð 604–791 þúsund krónur.

Hverfisgata 94: Ein íbúð seld af 16. Fermetraverð um 620 þúsund krónur.

Arnarhlíð 1: Tuttugu og fimm íbúðir seldar af 46. Fermetraverð á bilinu 650–740 þúsund krónur.

100%
WATERPROOF
**JUST ADD
WATER**
REYKJAVIK
RAINCOATS



REYKJAVIK
RAINCOATS

REYKJAVIK RAINCOATS
HVERFISGATA 82, VITASTÍGSMEGINN
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

„Án Frú Ragnheiðar væri ég örugglega dáinn“

■ Jaðarsettir hópar eiga öruggt rými hjá Frú Ragnheiði ■ Ekki bara nálaskiptaþjónusta

Erla Dóra
erladora@dv.is



Við erum að gefa þeim sem nota vímuefni í æð tækifæri til að taka ábyrgð á vímuefnanotkun sinni. Á síðasta ári förguðum við 2.800 lítrum af notuðum sprautunálum,“ segir Svala Jóhannesdóttir, verkefnastýra Frú Ragnheiðar, sem bauð blaðamanni í heimsókn í höfuðstöðvar verkefnisins, Rauða krossinn, þar sem hún og Jenni ræddu við blaðamann um verkefnið. Jenni er dulnefni 22 ára skjólstæðings Frú Ragnheiðar, því öllum sem til þeirra leita er heitið 100 prósent trúnaði og nafnleynið og það heit verður ekki rofið.

Heilbrigðisþjónusta á hjólum og meira

Frú Ragnheiður keyrir um höfuðborgarsvæðið, alla daga vikunnar nema laugardaga, frá klukkan 18 til 22. Þjónustunni hefur verið lýst sem tvíþættri, nálaskiptiþjónustu og heilbrigðisþjónustu, en í raun er þjónustan mun víðtækari.

Markmið Frú Ragnheiðar er að ná til jaðarsettra hópa í samfélaginu, þá einkum einstaklinga sem eru heimilislausir og einstaklinga sem nota vímuefni í æð. Í sérinnréttuðum bílnum kennir ýmissa grasa. Þar má meðal annars finna hrein áhöld til vímuefnanotkunar, vatnsbrúsa, mat, hlý föt, tjöld, svefnpoka og búnað til að nota við heilbrigðisþjónustu. Þrjár sjálfbodaliðar standa vaktina hverju sinni og jafnframt er lækni-



Svala Jóhannesdóttir Verkefnastýra Frú Ragnheiðar.

ir á bakvakt þeim innan handar, hjá þeim geta skjólstæðingar meðal annars fengið almenna heilbrigðisþjónustu, sálrænan stuðning og ráðgjöf.

Meðan á vaktinni stendur geta skjólstæðingar hringt og bíllinn kemur til þeirra. Einstaklingar innan jaðarsettra hópa eiga oft erfitt með að sækja sér heilbrigðisþjónustu og annað á hefðbundnum opnunartíma eða treysta sér ekki til að nýta sér þá þjónustu af ótta við að mæta fordómum og skilningsleysi.

„Stundum er líka gott að geta hringt og fengið bíllinn til að koma, jafnvel þó að maður fái sér bara súkkulaði, kókómjólk og smá spjall,“ segir Jenni.

Verkefnið Frú Ragnheiður miðar þjónustu sína að skjólstæðingunum og þeirra þörfum. Þeim hentar betur að sækja sér þjónustu á kvöldin, svo vaktin er höfð á kvöldin, þeir hafa oft mætt

fordómum og upplifað útskúfun úr samfélaginu, en ekki hjá Frú Ragnheiði.

Ef skjólstæðingar þurfa aðstoð sem ekki er hægt að veita á vaktinni þá geta þeir fengið þjónustu yfir daginn.

„Það er mikilvægt að þau hafi stað þar sem jaðarsettir einstaklingar geta fengið fræðslu, sagt og spurt um hvað sem er, án þess að eiga á hættu að finna fyrir fordómum. Frú Ragnheiður er öruggt rými.“

Starfsemin utan bílsins

Svala verkefnastýra sinnir skjólstæðingum yfir daginn. Þeir skjólstæðingar hafa kannski beðið um hjálp við að komast í meðferð, aðstoð til að fá áfallahjál, nálaskiptaþjónustu utan hefðbundnu vaktarinnar, og stundum þurfa þeir bara einhvern sem er tilbúinn að hlusta.

„Í dag til dæmis fór ég með einum í viðtal hjá Von, en hann er að



Í Frú Ragnheiði er hægt að fá hreinan búnað til vímuefnanotkunar.

reyna að komast í meðferð hjá SÁÁ. Ég fór og sótti hann, kom með hann hingað [í húsnæði Rauða krossins] og gaf honum að borða fyrir viðtalið því hann var mjög svangur. Ég fór síðan í apótek og leysti út sýklalyf fyrir annan, en við bjóðum skjólstæðingum upp á sýklalyf, en við veitum sýklalyfjameðferð í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar varðandi að greiða fyrir lyfin. Ég fór í dag á tvo staði með nálaskiptaþjónustu, annar var í mjög erfiðu fráhrarfi að hann komst ekki út úr húsi og gat því ekki nýtt sér vaktina hjá Frú Ragnheiðar-bílnum. Næst fór ég með Frú Ragnheiðar-bíllinn í þríf hjá Löðri, þeir styrkja okkur með þríf. Í dag var ég líka að leita að tveimur skjólstæðingum okkar, ég sinni sem sagt líka leitarstarfi, einn vantaði lyf vegna lifrabólgu C og hinn hafði ofskammtað eða reynt að svipta sig lífi í gær.“

Svala hefur því nóg að gera, en hluti af starfi hennar felst í að byggja upp gott meðferðarsamband við skjólstæðingana, sérstaklega þá sem eru hvergi annars staðar í þjónustu. Þeir geta hringt í hana og treyst því að hún hlusti og reyni að aðstoða eftir fremsta megni.

Frú Ragnheiður bjargar lífum

Jenni segir að skjólstæðingar hafi jafnvel fengið aðstoð við samskipti við nákomna. „Frú Ragnheiður hefur líka aðstoðað skjólstæðinga við að koma aftur á samskiptum við fjölskyldu. Það eru ekki allir sem geta hringt í fjölskyldu sína til að sjá til dæmis hvernig yngri systkinum þeirra gengur í skóla og frístundum.“

Jenni á erfiða reynslu að baki. Hann hefur nýtt nálaskiptaþjónustu Frú Ragnheiðar í rúm ár þótt hann hafi aðeins verið barn þegar hann komst fyrst í návígi við vímuefni sem er sprautað í æð. Hann segir að verkefnið hafi bætt hreinlæti í vímuefnanotkun mikið.

„Það er allt miklu hreinnu. Þegar ég var yngri var ég innan um fólk í neyslu og þá var algeng sjón að nálar væru notaðar svo oft að mælieiningarnar og merkingar á hliðunum höfðu máðst af. Núna er þetta allt öðruvísi. Ég hef til dæmis bara svona þrisvar fjórum sinnum þurft að nota sömu nálina tvisvar sinnum og þá geri ég það bara á sjálfum mér.“

Án Frú Ragnheiðar er ég viss um að mikið meira væri um bæði lifrabólgu og HIV í samfélaginu.“

Jenna finnst starfsemi Frú Ragnheiðar afar mikilvæg fyrir samfélagið og það heyrst glögg að verkefnið hefur reynst honum ákaflega mikilvægt.

„Mér finnst Frú Ragnheiður og Svala eyða öllum deginum í að hjálpa mér, samt eru þau líka að aðstoða marga vini mína og svo náttúrlega líka fjölda einstaklinga sem ég þekki ekki einu sinni. Hvernig er það hægt?“

Mér þætti rétt að það yrði tekið annar bíll í notkun, þá gætu þau sinnt fleirum, en það er kannski svolítið mismunandi hversu margir eru að nýta sér þjónustuna á hverjum tíma. Svo finnst mér að Svala ætti að fá medalíu, hún er svo æðisleg, án hennar og Frú Ragnheiðar væri ég alveg pottþétt dáinn.“

Skjólstæðingar Frú Ragnheiðar eru alls konar. Þeir koma úr öllum stéttum samfélagsins, öllum stigum menntunar og á öllum aldri. Þau eiga það sameiginlegt að lífið hefur verið þeim erfitt, og eins og flestir einstaklingar, vilja þau mæta skilningi og samkennnd. Það fá þau hjá Frú Ragnheiði.

Legðu verkefninu lið

Í dag er nóg að gera á vaktinni hjá Frú Ragnheiði og starfsemin hefur aukist að umfangi ár frá ári. Því er mikilvægt að verkefnið hafi nægt fjármagn til að halda sínu góða starfi áfram og geta hjálpað einstaklingum á borð við Jenna, en opinberir styrkir sem verkefnið hefur hlotið nægja ekki og þarf Rauði krossinn að borga með verkefninu. Styrkir námu um 10 milljónum á árinu á meðan starfsemin kemur til með að kosta um 19 milljónir.

Sjúkraflytningamenn, í samstarfi við Frú Laufey-félag um skaðaminnkun, ætla að róa á róðravel stanslaust í heila viku til að afla fjárfyrir Frú Ragnheiði. Fénu verður meðal annars varið til tækjakaupa, kaupa á hjúkrunarvörum og sýklalyfjum. Hægt er leggja söfnuninni lið með því að:

■ Senda skilaboð í símanúmer 1900 með textanum TAKK til að gefa 1900 krónur

■ Mæta í Under Armour búðina og taka röður fyrir 1000 krónur

■ Með því að fara inn á slóðina: gefa.raudikrossinn.is og velja þar Frú Ragnheiði ■

Frost í kortunum?

Ekki láta kuldann koma þér í vandræði
Komdu við og láttu mæla rafgeyminn þinn!



TUDOR
Alltaf öruggt start
eftir kaldar nætur

Hraðþjónusta
Við mælum
rafgeyma og
skiptum um

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

MIKIÐ ÚRVAL, TRAUST
OG FAGLEG ÞJÓNUSTA

Bíldshöfða 12 / S. 577 1515 / skorri.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

ÞÖKKUM
FRÁBÆRAR
VIÐTÖKUR



RONJA

RÆNINGJADÓTTIR




**NÝJAR AUKASÝNINGAR KOMNAR Í SÖLU
TILVALIN JÓLAGJÖF**

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á LEIKHUSID.IS



***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***





Sjáðu úrvalið á goddi.is

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á
lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

Tryggvi verður fluttur nauðugur á hjúkrunarheimili í Reykjavík

Herbergi hans tæmt án hans vitundar

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is


Svo virðist sem undirskriftalisti 12 starfsmanna hjúkrunarheimilisins Kirkjuhvols hafi nægt bæði stjórnendum heimilisins og sveitarstjórn til að vísa Tryggva Ingólfssyni af heimilinu þann 27. mars síðastliðinn. Samkvæmt yfirlýsingu sem sveitarfélagið sendi frá sér vegna málsins kemur fram að sveitarfélagið beri rekstrarlega ábyrgð á Hjúkrunarheimilinu Kirkjuhvols en tekið sérstaklega fram að það hafi engar faglegar forsendur til að grípa inn í einstök mál skjólstæðinga þess, þó svo að þeir beri skýra lagalega ábyrgð á að veita íbúum þjónustu sína.

Í samtali við Ísólf Gylfa Pálmason, fyrrverandi sveitarstjóra Rangárbings eystra gat hann ekki svarað DV hvort eða hvenær Landlæknisembættið hafi í samráði við sveitarfélagið og stjórnendur hjúkrunarheimilisins ákveðið að neita Tryggva um vistun á hjúkrunarheimilinu. Samkvæmt yfirlýsingu sveitarfélagsins var sagt að ekki hefði verið hægt að tryggja öryggi hans og var því neitað að taka við honum. Þarna stemma dagsetningar ekki og virðist Tryggva því hafa verið



vísað ólöglega út af hjúkrunarheimilinu án nokkurra faglegra forsendna eða með vitneskju fagaðila. Virðist því sem undirskriftir starfsmanna hafi verið einu forsendurnar fyrir því að neita Tryggva aftur um vist eftir meira en tíu ára búsetu þar.

Tryggvi Ingólfsson, sem er lamaður fyrir neðan háls, hefur í átta mánuði þurft að dúsa í litlu herbergi á Landspítalanum í Fossvogi. Áður hafði hann dvalið við gott atlæti á dvalar- og hjúkrunarheimilinu á



Kirkjuhvols á Hvolsvelli í ellefu ár. Í byrjun árs þurfti Tryggvi að fara í aðgerð á Landspítalanum. Á meðan hann var fjarverandi skrifaði starfsfólk heimilisins undir undirskriftalista þess efnis að það myndi ganga út ef Tryggvi sneri aftur á Kirkjuhvols. Hefur fjölskylda Tryggva fengið mismunandi skýringar á þessum aðgerðum starfsfólks, allt frá því að Tryggvi væri erfiður í samskiptum og ylli miklu álagi á starfsfólk, yfir í að ekki væri hægt að tryggja öryggi hans á Kirkjuhvols. Hjúkrunarheimilið gat þó í 11 ár veitt honum þjónustu án þess að nokkurn tímann hafi verið rætt að öryggi hans væri ógnað með veru hans þar.

Í stað þess að dvelja í rúmlega 500 metra fjarlægð frá eiginkonu sinni þá aðskilja rúmlega 100 kílómetrar þau. Tryggvi dvelur einn og yfirgefinn á lungnadeild Landspítalans í Fossvoginum og getur ekki hitt ástvíni sína eins oft og hann langar. Hann segist upplifa sig sem einskis nýtan pappakassa sem sé hent í geymslu. Fjölskyldumeðlimir telja að um gróft mannréttindabrot sé að ræða en engin lausn virðist í sjónmáli. Kostnaðurinn við dvöl Tryggva í Fossvoginum er ærinn eða um 350 þúsund krónur á dag.

Tæmdu herbergi hans án hans samþykkis eða vitundar

Starfsfólk Kirkjuhvols tók sig saman um miðjan október og tæmdu herbergi Tryggva án þess þó að láta hann vita eða fjölskyldu hans. Aldrei á neinum tímapunkti var beðið um leyfi hjá Tryggva eða fjölskylda hans spurð hvort hún vildi nálgast eitur hans. DV reyndi ítrekað að hafa samband við for-



Elísabet, eiginkona Tryggva.

stöðumann Kirkjuhvols til að fá skýr svör um hvort fyrir hafi legið heimild frá Tryggva til að tæma herbergið hans. Erfitt var að ná í forstöðumann Kirkjuhvols, Sólveigu Unni Eysteinsdóttur, og reyndi DV í rúma viku að ná sambandi við hana. Þegar það tókst var hún spurð hvort Tryggvi hefði veitt heimild þar að lútandi. „Þarf ég þess,“ sagði Sólveig.

Mun verða fluttur nauðugur á hjúkrunarheimili í Reykjavík

Búið er að tilkynna Tryggva að hann verði fluttur af lungnadeild Landspítalans þann 3. janúar næstkomandi á hjúkrunarheimilið Droplaugarstaði í Reykjavík. Tryggvi segist alls ekki vilja fara þangað því hann vilji vera nær fjölskyldu sinni. Samkvæmt öruggum heimildum DV er velferðarráðuneytið í samningaviðræðum við hjúkrunarheimilið Lund á Selfossi um að þjónusta Tryggva. Þær samningaviðræður virðast hafa siglt í strand vegna þess að upphæðin sem ráðuneytið er tilbúið að borga vegna Tryggva er mun lægri en var greitt með honum á hjúkrunarheimilinu Kirkjuhvols. ■

GIMLI
FASTEIGNASALA

Næsti kafli
hefst hjá okkur

Bjóðum uppá frítt söluverðmat
Grensásvegi 13, 108 Reykjavík / S: 570 4800



BÍLASALA REYKJAVÍKUR



BMW 530e i-PERFORMANCE M-TECH ÁRgerð 2018, ekinn 6 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 6.900.000. Rnr.436050.



GATSBY ROADSTER CABRIOLET ÁRgerð 1979, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.900.000. Rnr.435678.



BMW 640D X-DRIVE ÁRgerð 2013, ekinn 109 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.435083.



RANGE ROVER EVOQUE SE DYNAMIC LANDMARK. ÁRgerð 2018, ekinn 18 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar. Verð 7.690.000. Rnr.435806.



JAGUAR F-PACE R-SPORT ÁRgerð 2018, NÝR BÍLL, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 9.390.000. Rnr.435826.



HYUNDAI IX35. ÁRgerð 2014, ekinn 129 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.190.000. Rnr.435948.



LAND ROVER DISCOVERY 5 SE SKY VIEW PANORAMA ÁRgerð 2018, Nýr bíll, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 11.180.000. Rnr.436163.



LEXUS CT200H. ÁRgerð 2013, ekinn 73 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.436005.



LAND ROVER DISCOVERY SPORT HSE LUXURY DYNAMIC BLACK PACK ÁRgerð 2018, ekinn 7 Þ.KM, dísel, BÍLL MED ÖLLU! sjálfskiptur 9 gírar. Verð 7.690.000. Rnr.436035.



LAND ROVER DISCOVERY 5 SE SKY VIEW PANORAMA. ÁRgerð 2018, NÝR BÍLL dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 11.590.000. Rnr.436166.



LAND ROVER RANGE ROVER SE DYNAMIC ÁRgerð 2017, ekinn 19 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar. Verð 6.900.000. Rnr.435077.



SKODA OCTAVIA G-TEC BENSIN/METAN ÁRgerð 2016, ekinn 36 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.690.000. Rnr.436087.



LAND ROVER DISCOVERY 4 HSE LIMITED EDITION. ÁRgerð 2015, ekinn 46 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 8.250.000. Rnr.436230.



JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED. ÁRgerð 2016, ekinn 18 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.390.000. Rnr.603278.

Ritdómur um Vistarverur:

Hamfaraklám og mín eigin hræsni

Bækur

Jóhanna María Einarsdóttir
johanna@dv.is



Vistarverur



Höfundur: Haukur Ingvarsson
Útgefandi: Mál og menning
85 bls.

Fyrir stuttu voru mótmæli og tilheyrandi óeirðir í París þar sem fólk í gulum vestum flyktist út á götu og mótmælti hækkun verðs dísilólú. Í mótmælagöngunni og í nágrenni brutu óeirðaseggir rúður verslana á Champs-Élysées, eldar voru kveiktir á götum úti (með hjálp elsneytis?) og fólk framdi fjölda ofbeldisfyllri verknaða en að berja í potta og pönnur. Þegar ég las þetta á fréttasíðu í snjallsímanum hugsaði ég með mér, þar sem ég beið eftir vini mínum, í einkabíl mínum sem ég hafði í lausagangi, af því mér var kalt: „hversu aftengdur núverandi ástandi þarf maður að vera til þess að mótmæla hækkun á eldsneytisverði? Ef eitthvað á að vera dýrt þá á það að drepa jörðina að kosta morðfjár“.

Vistarverur er áhugaverð ljóðabók eftir skáldið og doktorsnema í íslenskum bókmenntum, Hauk Ingvarsson. Hún er eins og myrkur óður til samtímans og þeirrar aftengingar sem hefur orðið á milli samfélagsins, mannkyns og ástandsins í umhverfismálum. Við vitum að plastpokinn sem við kaupum á 20 krónur í matvörubúðinni er ógn við umhverfið. Að sama skapi er það vitað að við munum aldrei geta viðhaldið allri þeirri framleiðslu á kjöti sem tíðkast í dag

og að á einhverjum tímamarki verðum við að fara að borða skordýr til þess að geta brauðfætt (eða maurfætt) alla jarðarbúa. Við vitum líka að bílarnir sem við keyrum brenna eldsneyti sem hefur síður góð áhrif á loftgjúpin. Sama gildir um allar utanlandsferðirnar okkar. Allt það magn gróðurhúsalofttegunda sem slapp við gosið í Eyjafjallajökli 2010, var langt um minna en það sem hefði sloppið við öll þau áætlunarflug sem var frestað eða aflýst vegna gossins. Svo höfum við fulla vitneskju um áhrif stóridjunnar á umhverfið, loftgjúpin, hækkun meðalhita jarðar, hækkun sjávarmáls og þau ótvíræðu áhrif sem það hefur í för með sér á Golfstrauminn og fleira.

Þetta er allt einn víthringur sem þarf að stöðva, en til þess að gera það þarf að taka í taumana. Pólitíkusarnir gera það ólíklega enda leiðir það síður til vinsælda að banna fólk að flytja matvörurnar sínar heim í hentugum plastpokum á einkabíl og fara til Tene í febrúar. Að sama skapi aflar það ekki mikilla peningastyrkja frá stórum fyrirtækjum að banna þeim að losa gróðurhúsalofttegundir út í andrúmsloftið. Hver á þá að stöðva þetta kapítalíska hjól dauða og eyðileggingar? Einstaklingurinn?

Í Vistarverum fjallar ljóðskáldið á áhugaverðan hátt um magnleysi einstaklingsins til þess að gera nokkuð í málunum og hvernig maður aftengir sig raunveruleikanum til þess að geta haldið áfram daglegu basli með plastpoka dauðans í farþegasætinu fullan af innfluttri matvöru í plastumbúðum, svínapylsu í kjaftinum að rífast við samstarfsfélaga í símanum um uppgang íslam í Evrópu.



VISTARVERUR
HAUKUR INGVARSSON

Við erum öll haldin kvíðaröskun á háu stigi. Vanda máluðum er sópað undir teppi næsta morguns og enginn gerir neitt í málunum. Ljóðskáld skrifa magnlausar ljóðabækur sem ná eyrum þeirra sem eru sammála ljóðskáldinu, aðrir deila Youtube-myndböndum í von um að einhver annar verði fyrir uppljómun og geri eitthvað. Einhverjir predika fyrir kórnum undir formerkjum bókaáhrifni og hafa 0,4% áhrif. Enn aðrir skipuleggja mótmæli sem fáir mæta á af því það er rigning í desember. En í Frakklandi er hægt að skipuleggja risastór mótmæli vegna þess að það á að hækka verðið á þeirri iðju að drepa heiminn. Ef þessi ljóðabók hefði verið píslarvottur eða bílsprengja þá hefði hún fengið fimm stjörnur. ■



GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



Sofðu vel um jólin

Eitt mesta úrval landsins af heilsudýnum



UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUÐÝNU
FRÁ SVEFNI & HEILSU Skv. Gallup

Svefn & heilsa
★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Húsgagnafl - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

Verðlaunaskáld Norðurlandaráðs, reyfaraprins og nýliði

Fjölbreytni einkenndi niðurstöðu Bóksalaverðlaunanna þetta árið, en starfsfólk bókaverslana valdi þrjú bestu skáldverk ársins. Í fyrsta sæti er Auður Ava Ólafsdóttir með Ungfrú Ísland. Í öðru sæti er nýliðinn Fríða Ísberg með hið áhugaverða smásagnasafn, Kláði. Spennusagnahöfundurinn vin-



sæli, Ragnar Jónasson, er síðan í þriðja sæti með hina kynngimögnuðu bók, Þorpið.

Úrslitin voru kunngjörð í bókmenningarættinum Kiljuni á RÚV.

Erlendar smásögur á flugi Meira um bóksalaverðlaunin. Smásögur heimsins er merkilegur bókaflökkur frá Bjarti undir ritstjórn Rúnars Helga Vignissonar. Áður hafa komið út smásögur frá Norður-Ameríku og Suður-Ameríku í bókaflökknum. Núna er komið að Asíu og Eyjahafi. Bókin hlaut önnur verðlaun í flokki þýðdra skáldverka í vali starfsfólks bókaúðanna. Þess má geta að þýðendur margra sagnanna eru nemendur í ritlistardeild HÍ. ■





HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN



ÞAÐ LÍÐUR AÐ JÓLUM



*Valhor kreditkortalan með 3,5% lántökukostnaði og 405kr greiðslugjaldi

**40%
AFSLÁTTUR**

KING KOIL ALPINE

Millistíft pokagormakerfi með mjúkum eða stífum topp
KING SIZE (193x203) ásamt botnum

Aðeins 18.816 kr. á mánuði*

Jólatilboð 213.459 kr.

Fullt verð 355.765 kr.

Queen size (153x203) ásamt botnum

Aðeins 13.693 kr. á mánuði*

Jólatilboð 153.070 kr.

Fullt verð 256.783 kr.



BJÓÐUM UPP Á
ALET AÐ 12 MÁNAÐA
**VAXTALAUS
KRETIKORTALÁN**
FYRSTA GREIÐSLAN
1 FEBRÚAR 2019

ERGOMOTION

Stillanleg rúm (2x90x200cm)
Með **Bellona Dream** hágæða millistífum pokagorma heilsudýnum.



Aðeins 24.092 kr. á mánuði*

Jólatilboð 274.320 kr.

Fullt verð 327.320 kr.

Scandun LILY Trefjasæng og koddur (140x200 cm)

Jólatilboð

10.591 kr.

Fullt verð 15.130 kr.



**30%
AFSLÁTTUR**

**30%
AFSLÁTTUR**



ROYAL VISCO Heilsukoddur

Jólatilboð

7.539 kr.

Fullt verð 10.770 kr.



Ceasar dún sokkar
Parið 3.900 kr. / 3 pör 9.900 kr.

Gefðu þér mjúka og þægilega jólasjóf.



**20%
AFSLÁTTUR**

BELLONA-DELUXE-LÖKIN
20% AFSLÁTTUR TIL JÓLA

Scandun LUX Dún og Fiðursæng (140x200 cm)

Jólatilboð

23.688 kr.

Fullt verð 33.840 kr.



**30%
AFSLÁTTUR**

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalan**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

**Miðað við 12 mánaða vaxtalausán raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald

rekkjan
HEILSURÚM

Gylfi er besti knattspyrnu- maður Íslands árið 2018

Árið er senn á enda og hefur verður viðburðaríkt fyrir íslenska knattspyrnumenn og Gylfi Þór Sigurðsson er í sérflokkum að mati þjóðarinnar. Álitsgjafar DV settu saman fimm manna lista yfir bestu knattspyrnumenn Íslands árið 2018 og lesendur fengu svo að kjósa. Rúmlega 1.200 Íslendingar tóku þátt í könnuninni og fékk Gylfi meira en helming allra atkvæða. Jafnt var á meðal þeirra sem eru í öðru og þriðja sæti á listanum.

Hörður Snævar Jónsson
hoddi@433.is



1 sæti: Gylfi Þór Sigurðsson – 52 prósent

Lesendur DV voru í miklum meirihluta samála um að Gylfi væri langbesti knattspyrnumaður Íslands árið 2018. Gylfi hefur verið í mögnuðu formi á seinni hluta ársins, hann hefur verið besti leikmaður Everton á síðustu mánuðum, liðið hefur spilað vel og þar hefur Gylfi notið sín, eins og hann gerir svo vel. Gylfi skoraði annað af tveimur mörkum Íslands á HM í Rússlandi en markið kom í naumu tapi gegn Króatíu. Gylfi var að glíma við meisdli í aðdraganda mótsins en náði sér og sýndi fína takta. Gylfi hefur verið besti knattspyrnumaður Íslands í mörg ár og ekkert virðist geta komið í veg fyrir að svo verði í nokkur ár til viðbótar.



2–3 sæti: Alfred Finnbogason – 16 prósent

Alfred hefur náð að gera magnaða hluti á árinu miðað við öll þau áföll sem dunið hafa á honum, en endalaus meisdli hafa hrjád þennan öflugan leikmann. Framherjinn hefur aðeins náð að taka þátt í þrettán leikjum með Augsburg í þýsku úrvalsdeildinni, hann meiddist í upphafi árs og missti að mestu af seinni hluta tímabilsins. Hann náði heilsu fyrir heimsmeistaramótinu þar sem hann skoraði sögufrægt mark, fyrsta mark Íslands á HM gegn Argentínu. Alfred glímdi aftur við meisdli eftir mótinu en náði bata, hann hefur síðan þá skorað sjö mörk í sjö leikjum með Augsburg í deild þeirra bestu í Þýskalandi. Alfred lék sjö landsleiki á þessu ári og skoraði í þeim fjögur mörk.



2–3 sæti: Jóhann Berg Guðmundsson – 16 prósent

Besti leikmaður Burnley árið 2018, Jóhann Berg Guðmundsson, hefur átt góðu gengi að fagna á árinu. Hann var á flugi með Burnley fyrri hluta árs þegar liðið náði frábærum árangri, endaði í sjöunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar og sótti Evrópusæti. Jóhann hefur á síðustu árum stimplað sig inn sem einn allra bestu leikmaður landsliðsins og átti fína spretti með landsliðinu á árinu þrátt fyrir slakt gengi. Á nýrri leiktíð með Burnley hefur Jóhann náð að sýna góða takta þrátt fyrir dapurt gegn liðsins sem nú berst nú fyrir lífi sínu í ensku úrvalsdeildinni, en Jóhann gerði nýjan samning við félagið í sumar.



4 sæti: Kári Árnason – 10 prósent

Ef eingöngu frammistaða með íslenska landsliðinu væri skoðuð, þá væri Kári líklega efstur á svona lista. Honum virðist takast það ár eftir ár að koma íslensku knattspyrnuáhugafólki á óvart. Kári var mjög góður með landsliðinu í ár og mikilvægi hans kemur í ljós, leik eftir leik. Kári lék með Aberdeen fyrri hluta ársins, hann ætlaði svo að koma heim í Pepsi-deildina með Víkingi. Góð frammistaða hans á HM tryggði honum hins vegar samning í Tyrklandi. Kári leikur nú með Gençlerbirliği og hefur staðið sig vel þegar hann hefur spilað. Kári er 36 ára en allt stefnir í að hann verði áfram lykilmáður í landsliðinu á næsta ári.



5 sæti: Aron Einar Gunnarsson – 6 prósent

Fyrirliði landsliðsins hefur átt sveiflukennt ár, meisdli hafa hrjád hann en framlag Arons Einar, þegar hann er heill heilsu, er hreint ótrúlegt. Frammistaða hans með Cardiff á síðustu leiktíð var frábær, hann átti stóran þátt í að koma liðinu upp í ensku úrvalsdeildina. Hann lagði allt í sölnurnar til að geta tekið þátt í Heimsmeistaramótinu í Rússlandi, hann glímdi við alvarleg meisdli en setti ferilinn að einhverju leyti í hættu með því að spila. Þar tókst Aroni að komast vel frá sínu og hefur nú náð sér af meisdslum og snúið til baka með Cardiff í ensku úrvalsdeildinni. Gengi Cardiff hefur heldur betur breyst með endurkomu Arons, liðið sem virtist svo gott sem fallið úr deildinni eftir nokkra leiki er komið í fin mál eftir að fyrirliði Íslands sneri aftur.

HAGBLIKK




Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



SAMTÖK KVENNA UM
NÝJA STJÓRNARSKRÁ

Frjáls framlög til samtakanna:
Kt. 691018-0830, banki: 0133 -26 - 020238

Ný stjórnarskrá hefur þegar verið samþykkt í
þjóðaratkvæðagreiðslu. Núverandi stjórnarskrá var
skrifuð af dönskum karlmönnum. Konur á Íslandi sætta
sig ekki lengur við að lúta grundvallarlögum sem þær
höfðu hvorki tækifæri né rétt til að taka þátt í að móta.
Þær krefjast nýrrar stjórnarskrár.

Fjármálaráðherra Venesúela makaði krókinn

Á meðan hrundi efnahagur landsins til grunna

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Nýlega var Alejandro Andrade, fyrrverandi fjármálaráðherra Venesúela, dæmdur í tíu ára fangelsi fyrir þátt sinn í umfangsmikilli spillingu í hinu sósíalíska ríki Venesúela. Dómurinn var kveðinn upp af dómstól á West Palm Beach í Bandaríkjunum. Á þeim fjórum árum sem hann var fjármálaráðherra tók hann við mútum upp á einn milljarð dollara og fóru peningarnir allir í hans eigin vasa. Á sama tíma var efnahagur landsins í kalda kolum og á hraðri niðurleið sem virðist raunar ekki enn vera á enda.

Peningana notaði Andrade meðal annars til að fjármagna nýtt líf fjölskyldunnar í Flórída á búgarði þar, lúxusbílar voru keyptir og dýrir hestar handa syninum en hann er í fremstu röð í hestaþróttum. En nú er lúxuslífið á enda fyrir Andrade, sem er 54 ára, og við tekur dvöl í fangelsi næstu árin.

Mál hans varpar ljósi á hvernig hin sósíalíska elíta í Venesúela notar ríkissjóð til að auðgast gríðarlega á sama tíma og almenningur á ekki til hnífs og skeiðar. Það er því ekki furða þótt sumir telji að spillingin og fjárdráttur elítunnar eigi stóran þátt í þeim efnahagslegu hamförum sem Venesúela glímur við. Á síðasta ári jókst verðbólgan um milljón prósent en ástandið má einna helst bera saman við ástandið í Þýskalandi

Andrade nýtti embætti til að hjálpa vini sínum, milljarðamæringnum Raul Gorrin, að fá einkarétt á viðskiptum með erlendan gjaldreyri fyrir ríkisstjórnina.

fyrir 1923 og í Simbabve í lok fyrsta áratugar þessarar aldar. Það er algjör skortur á allri nauðsynjavöru og má þar nefna lyf, salernispappír og tannkrem. Heilbrigðiskerfið er í rúst. Sameinuðu þjóðirnar segja að þrjár milljónir landsmanna hafi flúið land og að 12 prósent þeirra sem enn eru í landinu séu vannærð.

Leiðin til valda

Það var vinskapur Andrade við Hugo heitinn Chavez, forseta Venesúela, sem kom honum í valdastól. Þeim varð vel til vina 1992 þegar Andrade tók þátt í misheppnaðri valdaránstílraun Chavez. Þegar Chavez varð forseti sex árum síðar launaði hann vini sínum greiðann og gerði hann



Chavez Greiddi götu síns gamla féлага.

að lífverði sínum. Tíu árum síðar gerði hann Andrade að fjármálaráðherra. Andrade nýtti embætti til að hjálpa vini sínum, milljarðamæringnum Raul Gorrin, að fá einkarétt á viðskiptum með erlendan gjaldreyri fyrir ríkisstjórnina.

Á valdatíma Chavez var komið á ströngu kerfi gjaldreyrisviðskipta í landinu. Bandarískir dollarar eru seldir á niðurgreiddu verði, ríkið niðurgreiðir þá, á vegum umboðsmanna og á uppboðum. Dollararnir eru yfirleitt ætlaðir til kaupa á nauðsynjum eins og



Andrade Tók við milljarði dollara í mútur á fjórum árum.

lyfjum. En þar sem dollarar seljast á allt að tífalt hærra verði á svartamarkaðnum hafa „hinir útvöldu“ þar með aðgang að auðveldum og miklum gróða. Gegn því að semja við Gorrin fékk Andrade hluta af ágóðanum en þetta var falið með slóð reikninga. Þegar Andrade fékk reikning sendi hann reikninginn áfram til Gorrin. Gorrin greiddi síðan reikningana sem voru svimandi háir til að hægt væri að koma peningum undan. Til dæmis greiddi hann 15.000 dollara fyrir heimsókn til dýralæknis og 175.000 dollara fyrir flutning á hestum sonar Andrade. Árið 2012 millifærði Gorrin 20 milljónir dollara af svissneskum reikningi til að greiða fyrir einkaflugvél fyrir Andrade. Árin liðu og fyrr en varði var Andrade orðinn eigandi 35 lúxusúra, 10 lúxusbíla, snekkju, sex einbýlishúsa í Flórída og 17 veðhlaupahesta.

Lét aðra valdamenn fá peninga

Gorrin millifærði einnig háar fjárhæðir til annarra háttsettra einstaklinga í ríkisstjórn Venesúela, í bankakerfinu og viðskiptalífnum. Mál Andrade er því aðeins toppurinn á ísjakanum í málu sem tengjast Gorrin.

Bandarísk stjórnvöld hafa beitt refsiaðgerðum gegn Diosdado Cabello, einum valdamesta stjórnámálanum Venesúela, fyrir

meintan þátt hans í eiturfjávíðskiptum, fjárkúgun og fjárdrætti. Þá hefur verið gefin út ákæra á hendur Nestor Revorol, innanríkis- og dómsmálaráðherra Venesúela, fyrir meinta aðstoð hans við fíkniefnasmyglara. Þá er talið að nánustu samstarfsmenn Nicolas Maduro forseta, þar á meðal eiginkona hans og varnarmálaráðherrann, hafi kerfisbundið notað ríkissjóð eins og hann væri þeirra eign. Bandaríkin hafa sett viðskiptaþvinganir á marga af þessum einstaklingum.

Bandarísk yfirvöld gátu ákært Andrade og Gorrin því stór hluti af illa fengnu fé þeirra fór í gegnum bandaríska banka eða var settur í fasteignakaup í Bandaríkjunum. Gorrin, sem bjó á Miami, er flúinn frá Bandaríkjunum en hann á til dæmis 24 íbúðir á Flórída og í New York. Yfirvöld hafa nú farið fram á að dómstóll heimili þeim að haldleggja þessar eignir.

En hvað sem öðru líður þá er veislan búin hjá Andrade-fjölskyldunni. Yfirvöld hafa lagt hald á eignir fjölskyldunnar í Bandaríkjunum, þar á meðal húsið á West Palm Beach en það er metið á fjórar milljónir dollara. Einnig var lagt hald á fleiri fasteignir fjölskyldunnar, lúxusbíla og bankareikninga. Hestar fjölskyldunnar voru ekki undanskildir í þessum aðgerðum yfirvalda. ■

BORÐPLÖTUR & SÓLBEEKKIR

Fanntófell
Gylfaflöt 6 - 8
S. 587 - 6688
fanntofell.is

FRÁBÆRAR JÓLAGJAFIR

frá Eins og fætur toga



Gjafakort Eins og fætur toga
Frábær jólagjöf!



Frábært jólaverð
69.990 kr.

Hypervolt

Einstök vibrandi nuddbyss. Hypervolt er fyrsta alvöru græjan á viðráðanlegu verði sem þú getur notað til að nudda auma vöðva, frábær hvort sem er fyrir einstaklinga eða meðferðaraðila.



Frábært jólaverð
24.990 kr.

Hypershore

- Nuddkúla með 3 stillingar á vörðing sem veitir nákvæma og djúpa bandvefslösun
- Fer dýpra inn í vöðvann
- Eykur blóðflæði
- Endurhlaðanleg Lithium-Ion rafhlaða



Frábært jólaverð
29.990 kr.

Vyper

- Þrjár stillingar á vörðing.
- Fer lengra inn í vöðvann og fer betur með hann en venjuleg rúlla.
- Vyperinn er miklu fljótari að vinna en venjuleg foamrúlla.
- Hefur fengið mikla umfjöllun, fjölda verðlauna og viðurkenninga.

features

Frábært jólaverð
1.990 - 6.990 kr.



Features sokkar

- Features eru með nálægt 40% markaðshlutdeild í USA
- Features eru með „heel lock“ og renna ekki niður, saumalaus táhetta, sérgerðir fyrir vinstri og hægri fót.
- Þrýstisokkarnir auka blóðflæðið í gegnum vöðvann.
- Frábært við beinheimnubólgu og öðrum festuvandamálum.



Frábært jólaverð
3.990 kr.*

Icespike hálkuskrúfur

Skrúfugaddar sem eru settir undir hlaupaskó, vinnuskó og aðra skó sem nota á í hálfu.

- Endast yfir 800 kílómetra eða lengur en nokkur önnur hálkuvörn
- Frábærir undir vöðlur og vinnuskó
- Skemma ekki skóna, ekkert mál að skrúfa úr

* Verð kr. 3.990 ef við setjum undir skóna, kr. 4.990 með skrúfjárnri og auka skrúfum

BROOKS



Skór ársins!

Brooks skór
17.990 - 24.990 kr.

Ghost er söluhæsti einstaki skórin í hlaupaverslunum í USA og í Evrópu 3. ár í röð. Adrenaline söluhæsti stöðugi skórin 6. árið í röð. Allir helstu skór Brooks hafa fengið verðlaun hjá Runners world síðustu þremur árum. Frábærir skór á frábæru verði!

OOFOS

Frábært jólaverð
7.990 kr.



Ofoos sandalar

Ofoos sandalinn er hannaður fyrir betri endurheimt eftir erfiði. Loksins komin dúnamjúkur sandali sem er góður fyrir fæturnar og á góðu verði.

- 37% meiri höggdempun en venjulegir foam skór
- Ofoom ýtir högginu við niðurstig út til hliðanna
- Minnkar álag á sárar fætur, hné og bak
- Lokaðar foam sellur loka á táfylu
- Má þvo í þvottavél og fljóta í vatni
- Bakteríufráhrindandi fótbeð



EINS OG FÆTUR TOGA

www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100



ÞETTA ER NÚ HÆTTU- LEGASTA FÍKNIEFNI BANDARÍKJANNA

Þeim sem deyja í Bandaríkjunum eftir að hafa tekið of stóran skammt af fíkniefnum hefur farið hratt fjölgandi á undanförunum árum og má að einhverju leyti rekja það til vaxandi vinsælda einnar ákveðinnar og stórhættulegrar tegundar.

Hér er um að ræða ópíóíðalyfið Fentanyl en nýbirtar tölur frá Bandaríkjunum sýna að 18.335 manns dóu árið 2016 eftir að hafa tekið of stóran skammt

af lyfinu. Ekkert eitt fíkniefni dró fleiri einstaklinga til dauða það ár.

Þetta er í fyrsta sinn sem Fentanyl er á toppi þessa skelfilega lista en árin 2012 til 2015 var heróín það fíkniefni sem dró flesta til dauða í Bandaríkjunum. Oxycodone var á toppnum árið 2011.

Eins og að framan greinir hafa vinsældir lyfsins farið mjög vaxandi á undanförunum árum. Lyfið er gríðarlega sterkt, marg-

falt sterkara en morfín og heróín og örlítil skammtur getur dregið fólk til dauða. Árið 2011 mátti rekja fjögur prósent dauðsfalla af völdum of stórs fíkniefna-skammts til Fentanyl en 29 prósent árið 2016.

Á listanum, sem nýlega var birtur, kemur fram að tæplega 16 þúsund manns létust af völdum ofneyslu heróíns og 11 þúsund af völdum kókaíns. ■

Trump International Hotel
Las Vegas. Mynd:Wiki-
media Commons



Gluggavottamaður hrapaði til bana úr hóteli í eigu Donalds Trump

Gluggavottamaður hrapaði til bana á miðvikudaginn, 12. desember, þegar hann var að þrifa glugga á Trump International-hótelinu í Las Vegas. Hótelið er 64 hæðir og vitni sá manninn hrapa til jarðar og kallaði eftir hjálp.

Maðurinn var fluttur á sjúkrahús þar sem hann var úr-

skurðaður látinn að sögn Fox News. Ekki liggur ljóst fyrir hversu hátt uppi hann var þegar hann hrapaði.

Nú tekur við rannsókn öryggis-eftirlits ríkisins þar sem rannsakað verður hvort öllum öryggisákvæðum og reglum hafi verið fylgt við vinnu mannsins. Rannsóknin getur tekið allt að sex mánuði. ■

Facebook-
færsla
Davids.



Warning to all dog owners. We lost our pup today after she ate some blue/green algae at the river Canon. The falling river and hot weather has created a danger which sadly we were not aware of. All dog owners please be aware as this is such a tragedy for Bell and our family.

Þörungur geta drepíð hunda

Hundaeigendur vita vel að það eru margar hættur sem leynast þar sem hundar eru á ferð enda eru þeir gjarnir á að vilja éta ýmislegt. Það er erfitt að hafa algjöra stjórn á hvað þeir láta ofan í sig þegar verið er úti með þá og sérstaklega ef þeir eru ekki í taumi. David O'Connor leyfði Springer Spaniel-hvolpinum sínum, Bell, einmitt að hlaupa lausum um á strönd í Skotlandi þar sem hann býr.

Tíkin Bell var níu mánaða og eins og vænta má af hundum á þessum aldri var hún forvitin um umhverfi sitt og hljóp fram og til baka til að skoða það og rannsaka. En hún át líka blágræna þörungum sem hún fann í fjöruborðinu en þeir geta verið lífshættulegir.

Sú var einmitt raunin í þessu tilfelli og aðeins liðu 30 mínútur þar til Bell var dauð. Vefmiðillinn 24blekinge hefur eftir Ylva



Trygger dýralækni að það sé nokkuð algengt að hundar drepist úr þörungaeitrun. Blágrænar þörungur innihaldi eitur sem hafi áhrif á taugakerfið og lifrina.

David birti færslu á Facebook þar sem hann varar hundaeigendur við hættunni sem getur stafað af þörungum.

Trygger segir að gott sé að vera alltaf með vatn meðferðis og gæta þess að hundurinn drekki aðeins ferskvatn en ekki saltvatn og alls ekki éta þang eða fara út í óhreint vatn. ■

UMHVERFISVÆNI
RUSLAPOKINN

SEGÐU NEI
VIÐ PLASTI




ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

www.igf.is

Sagnasjóður handa nýrri öld

Íslendingasögur og þættir
í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu



Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eypórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Útgáfan er skreytt 40 myndum eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formálar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýringar, vísnaskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni

sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggjast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunnindum, afraunum og líkamsburðum eða draugum og reimleikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir

SAGA
FORLAG

www.vinland@centrum.is • sími: 8937719 • 5627950



Sudurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Ádstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Trúverðugleiki í húfi

Hingað til hefur Samfylkingin skipað sér sess sem einn helsti femínistaflokkur landsins, háheilagri í jafnréttismálum en bæði Vinstri græn og Viðreisn-arfólk. Það er því einstaklega óheppilegt fyrir flokkinn að tveir af forystusauðnum á undanförunum árum hafi verið sakaðir um að áreita kvenfólk. Annars vegar **Ágúst Ólafur Ágústsson** og hins vegar **Helgi Hjörvar**.

Vegna hins síðarnefnda þurfti Samfylkingin að setja á laggirnar sérstaka siðanefnd, líkt og Þjóðkirkjan gerði þegar kvartanir vegna kynferðisbrota klerka byrjuðu að flæða inn. Ekki er loku skotið fyrir að fleiri mál af fjölþreifnum krötum kunni að dúkka upp.

Ljóst er að í báðum tilvikum hefði átt að upplýsa fyrir um málavexti. Því hefur forysta flokksins þegar brugðist kjósendum sínum. Ef Samfylkingin ætlar að halda trúverðugleika sínum í jafnréttismálum verður hún að taka hart og afgerandi á gerendunum og setja þá af sakramentinu.

Í hvað fara vegtollarnir?

Ríkisstjórnin hyggst nú keyra samgönguáætlun í gegn í skjóli þess að stjórnarandstaðan er í henglum vegna hneykslismála. Það sem hæst ber á góma í áætluninni eru vegtollar sem munu væntanlega verða settir upp á helstu umferðaræðum út og inn á höfuðborgarsvæðið.

Sigurður Ingi samgönguráðherra gefur fögur heit um að tollurinn renni í „stórt stökk“ í vegafrákvæmdum á suðvesturhorninu, sem ekki er vanþörf á. Í ljósi fyrri reynslu er hins vegar líklegt að tollarnir verði fremur varanlegur tekjupóstur fyrir ríkið. Í raun aukaskattur á þá sem nota vegina. Sérstaklega þá fjölmörgu sem búa í nágrennsveitarfélögunum en starfa í borginni.

Til samanburðar má nefna útvarpsgjaldið. Ekki nema brot af því rennur í raun og veru til Ríkisútvarpsins. Restin fer í almennan rekstur ríkisins þrátt fyrir að vera kallað útvarpsgjald.

Vandræðaleg þögn

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Vika er langur tími í pólitík. Klaustursfárviðrið er rétt gengið yfir þó að gera megi ráð fyrir að einhverjar vindhviður muni gjósa upp næstu vikur og mánuði út af mögulegri glímu uppljóstrarans Bárú Halldórsdóttur við íslenskt réttarkerfi. Óvíst er hvort Bárú verði sú sem þarf að gjalda þá byltu dýru verði.

Strax gýs upp nýr stormur og ekki síður alvarlegur. Alþingismaðurinn Ágúst Ólafur Ágústsson sendir frá sér yfirlýsingu þess efnis að hann ætli að fara í tveggja mánaða leyfi vegna óeðlilegra samskipta við blaðamanninn Bárú Huld Beck. Síðar kemur í ljós að túlkun, eða öllu heldur, upplifun Ágúst Ólafs á atburðarásinni er talsvert léttvægari en upplifun Bárú Huldar. Óvíst er hvort þing-



maðurinn eigi afturkvæmt á Alþingi, rétt eins og þingmenn Miðflokksins sem einnig fóru í leyfi.

Öll þessi umræða verður til þess að eldra mál gýs upp á yfirborðið. Meint kynferðisleg áreitni fyrrverandi Alþingismanns Helga Hjörvars í garð nokkurra kvenna. Sögusagnir um slíka háttsemi þingmannsins hafa lengi grasserað án þess að þær hafi birst á síðum fjölmiðla áður.

Þegar DV og Stundin kepptust við að birta fréttir upp úr Klausturs-


upptökunum þá var lítill skortur á fordæmingu Samfylkingarfólks. Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, vandaði sexmanningunum ekki kveðjurnar. Þá lýsti hann því yfir að hann treysti sér ekki til þess að senda fundarboð á Sigmund Davíð Gunnlaugsson vegna fundar formanna stjórnarandstöðuflokka sem fram fór í síðustu viku. Vandlætning Loga var algjör. Flokkssystem hans, Helga Vala Helgadóttir, tók sama pól í hæðina. Þegar Sigmundur Davíð fór

í ræðupúlt Alþingis og þingkonan Þórunn Egilsdóttir gekk út úr fundarsal Alþingis þá eygði Helga Vala tækifæri til þess að komast í fjölmiðla og rauk einnig á dyr.

Þögn þessa sama fólks í tengslum við mál Ágúst Ólafs og Helga er nánast ærandi. Logi hefur neitað að tjá sig um hvort Ágúst eigi afturkvæmt á Alþingi og hefur nálgast málið líkt og jólaköttur í kringum heitan möndlugraut. DV hefur ítrekað reynt að ná tali af Loga síðustu daga vegna málsins og hefur blaðið fengið þau skilaboð að formaðurinn hafi sagt allt sem hann vill segja um málið. Sömu sögu er að segja af Oddnýju Harðardóttur, fyrrverandi formanni Samfylkingar, sem hefur ekki svarað DV vegna málsins.

Það skal enginn halda öðru fram að en að allir þingmenn Samfylkingarinnar hafi vitað af málum Helga sem og máli Ágúst. Þögnin er vandræðaleg en hræsnin beinlínis yfirgengileg. ■

Ágúst Bent



„Ha, er næsti fæt fjórir á móti fatlaðri þú?
-Já, en henni er spáð sigri.“

Spurning vikunnar

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir milljarð í lottó?



Ómissandi fyrir
fótboltaáhugafólk!

ÍSLENSK KNATTSPYRNA 2018

Íslensk knattspyrna 2018 er komin í búið. Ómissandi gripur fyrir alla sem hafa áhuga á knattspyrnu.

Höfundur sem fyrr er Víðir Sigurðsson, íþróttafréttamaður á Morgunblaðinu.



ÆVINTÝRI Í AUSTURVEGI

Skapti Hallgrímsson, fyrrum blm. á Mbl, segir frá ótrúlegu ævintýri íslenska karlalandsliðsins á HM í Rússlandi sumarið 2018.

Einstakt afrek sem ekki er víst að verði endurtekið í bráð.

Ríkulega myndskreytt.

TINDUR.IS

Tindur
Bókaútgáfa

Hera mætti sem heiðursgestur á Nexusforsýningu Mortal Engines í vikunni og svaraði spurningum áhorfenda.

Hræðslan mikilvægur þáttur í velgengninni

■ Fagið býður ekki alltaf upp á almennilegan svefn ■ Mætir Jason Momoa í nýrri sjónvarpsþáttaröð ■ Með hugann á öðrum stað og heppnina að vopni

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Leikkonan Hera Hilmarsdóttir er fyrsti íslenski leikarinn til að landa burðarhlutverki í Hollywood-stórmynd, hlutverki sem hún bjóst aldrei nokkurn tímann við að hreppa. Hún gaf sér tíma í öllu annríkinu til þess að fara með blaðamanni DV yfir hið gífurlega umfang ævintýrmyndarinnar Mortal Engines og leiðina að þessu risastóra hlutverki. Hera leiðir okkur í gegnum dæmigerðan vinnudag á stóru kvikmyndasetti og álagið sem fylgir hlutverki af þessu tagi.

Aðspurð um áhuga sinn á leiklist segir hún: „Mér hefur alltaf fundist gaman að setja mig í spor annarra og blása lífi í sögur sem heilla mig, þetta hefur í raun ekki breytt mikið frá mínum yngri árum. Mig langaði alltaf að verða leikkona. Nú er ég svo heppin að geta kallað þetta vinnuna mína í stað þess að það sé eitthvað sem ég fæ aðeins að gera í frítíma mínum, sem er frábært.“

Í myndinni Mortal Engines fer Hera með hlutverk hinnar þrautseigu og hefnigjörnu Hester Shaw, sem freistar þess að koma fram hefndum gegn morðingja móður sinnar sem einnig afmyndaði

andlit hennar. Myndin kemur úr smíðju kvikmyndagerðarmannsins og ofurframleiðandans Peters Jackson og hefjast sýningar nú um helgina á Íslandi og um allan heim.

Sorgin, reiðin og villidýrið

Þegar kom að ráðningarferlinu var Hera fjarri því að vera sú leikkona sem kom fyrst til greina. Að endingu landaði hún þó hlutverkinu og skákaði þar mörgum þekktum stórleikkonum. Myndin er byggð á vinsælli bókaseríu eftir Philip Reeve og gerist sagan í framtíðarheimi þar sem jörðin, eins og við þekkjum hana, hefur verið lögð í rúst í styrjöld. Þær fáu borgir sem eftir standa berjast innbyrðis um þær auðlindir sem í boði eru en tækniframfarir hafa gert að verkum að borgir og bæir eru oftast á hjólum og sífellt á ferð.

Handrit myndarinnar er í höndum þeirra Jackson, Fran Walsh og Philippa Boyens, sem öll komu að handritasmíð Hringadróttinsseríunnar. Alls voru fjórar bækur gefnar út í þessari eftirheimsendasögu Reeve og má segja að bækurnar séu uppfullar af „gufupönki“ og fantasíu. Bókarröðin hefur verið nefnd Vítisvél- ar á íslensku. Einn af föstum sam-

starfsmönnum Jackson, Christian Rivers, leikstýrir myndinni og er þetta hans fyrsta kvikmynd í fullri lengd. Fyrirhugað er að gera fleiri myndir um þennan sagnaheim ef aðsóknin verður góð.

Hera lýsir persónu sinni sem eins konar villidýri við upphaf sögunnar og segir hana ekki kunna að eiga samskipti við annað fólk, enda drifin áfram af sorg og reiði.

„Það eina sem hún lifir fyrir er að hefna móður sinnar með því að drepa árársmanninn Thaddeus Valentine, sem ástralski stórleikarinn Hugo Weaving túlkar, jafnvel þótt það þýði að hún deyi sjálf. En auðvitað er lífið ekki svona klippt og skorið,“ segir leikkonan.

Með heppnina að vopni

Þegar kom að ráðningu Heru segir hún tilfinninguna um að fá hlutverkið hafa verið afar blendna. „Þetta gerðist allt afar hratt. Ég var að leika í leiksýningunni Andaðu í Iðnó með Þorvaldi Davíð á þeim tíma sem ég fékk fréttirnar. Öll mín orka var algjörlega þar enda tók framleiðsluhliðin á sýningunni mikla orku. Skyndilega fékk ég boð um að senda prufumyndband fyrir myndina. Ég sendi inn myndband en ímyndaði mér ekki



Hera og Sir Ben Kingsley í kvikmyndinni An Ordinary Man (2017)

að ég gæti landað þessu hlutverki. Á endanum held ég að það hafi unnið með mér.“

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan ferill Heru hófst. Hún hefur verið búsett í London en einnig tekið að sér hlutverk á Íslandi inni á milli. Leikkonan vakti mikla athygli í sjónvarpsþáttaröðinni Da Vinci's Demons sem fjallar um Leonardo Da Vinci á yngri árum. Hera lék eitt af aðalhlutverkunum í þáttunum við góðar undirtektir og óhætt að fullyrða að þeir hafi verið góður stökkpallur fyrir stærri verkefni.

Undanfarið hefur leikkonan jafnframt tekið að sér hlutverk í tveimur af stærri íslenskum kvikmyndum síðari ára, Vonarstræti frá Baldvini Z og Eiði Baltasars Kormáks. Þá upplifði hún einn hápunkt ferils síns, hingað til, þegar hún lék í aðalhlutverkið í kvik-

myndinni An Ordinary Man sem kom út í fyrra og lék þar á móti hinum virta leikara Sir Ben Kingsley. Á sama ári léku þau einnig saman í stríðsdramanu The Ottoman Lieutenant.

Næsta verkefni hjá Heru er sjónvarpsþáttaröðin See sem Apple framleiðir. Aðspurð út í verkefnið er Hera þögl sem gröfin en segist vera mjög spennit fyrir áskoruninni. Þættirnir gerast í framtíðinni og mun Hera fara með hlutverk konu sem heitir Maghra og hefur verið lýst sem ákveðinni móður sem eigi það í sér að fremja hryllileg illvirki. Leikarar á borð við Diane Lane, Amanda Peet, Andrew Rannells, Jason Momoa og Aaron Eckhart fara einnig með hlutverk í þáttunum. Flestum þessara leikara bregður þó fyrir í útvöldum þáttum á meðan Hera gegnir lykिलhlutverki í allri seríunni, en

MYND HANNA/DV



Hera með andlitsöríð umtalaða.



Hera bauð fjölskyldunni í bíó.

Það skiptir öllu að vera tengdur við augnablikid

Þættirnir verða tíu talsins.

Hera lofar því að velgengnin á erlendum vettvangi verði ekki til þess að hún hætti að taka við hlutverkum héraðs. Hún segir það skipta sig gríðarlegu máli að halda í heimaræturnar og það standi ekki til að það breytist.

Skype-símtalið sem breytti öllu
Hera segir tilhugsunina um að fá að leika í ævintýramynd frá Peter Jackson hafa verið svo langsóttu að hún hafi ekki einu sinni leitt hugann að því. Hún var meðvituð um að framleiðendur myndarinnar voru búnir að leita eftir annarri leikkonu til að leika Hester.

Hermt er að ráðningarferli Heru hafi verið hið óvenjulegasta, en að endingu hafi fyrri frammistaða

leikkonunnar gert að verkum að aðstandendur stórmyndarinnar heilluðust af henni og ákváðu að ráða hana. Eins og fréttaveitur hafa greint frá fékk hún hlutverkið í gegnum símaforritið Skype í afslöppuðu spjalli, sem leikkonunni þótti hið undarlegasta.

„Þau voru aðallega að selja mér hlutverkið og söguna, á meðan ég bjóst við því að ég væri sú sem þyrfti að sannfæra þau um að ég væri rétta manneskjan,“ segir Hera.

„Ég held að þau hafi skoðað það sem ég hafði gert áður og heyrt í fólki sem ég hafði unnið með. Nokkrum dögum síðar var ég svo komin með handritið og tilbúið um hlutverkið. Þá þyrfti ég allt í einu að ákveða hvort ég ætlaði að hrökkva eða stökkva.“

Kona í karlmannshlutverki

Hera segir það vera hægara sagt en gert að samþykkja hlutverk í kvikmynd af þessari stærðargráðu. „Þegar þú tekur að þér svona hlutverk ertu að skuldbinda þig í langan tíma, og hinum megin á hnettinum í þessu tilfelli,“ segir hún. „Þetta er nógu stór ákvörðun ef myndin væri aðeins ein, hvað þá ef þær yrðu fleiri. En á endanum blásti það við að tækifærið var of stórt til að sleppa því, auk þess þegar ég las handritið og meira um persónuna Hester og bækurnar sjálfar gat ég ekki annað en sagt já.“

Leikkonan bætir við að það sé fágætt að túlka jafn margslungna persónu í leiðandi kvenhlut-

verki og ekki síður í „blockbuster“ mynd, sem hún segir ekki gerast oft. Hún segir söguþráð Hester Shaw vera í raun vera týpískan og karllægan, í þeim skilningi að erkítýpa af þessari gerð er nær undantekningarlaust leikin af karlmönnum.

Aðspurð hvaða helstu áskoranir hafi fylgt hlutverkinu segir hún þær hafa verið margvíslegar. „Í fyrsta lagi snerist þetta um að skilja hvernig Hester líður og hvernig það er að bera jafn mikinn andlegan farangur hvert sem maður fer,“ segir Hera. „Einnig var mikilvægt fyrir mig að átta mig á því hvernig er að lifa með einhvers konar útlitsgalla.“

Leikkonan segir þá tilbreytingu kærkomna að stórmynd bjóði upp á aðalpersónu sem er afmynduð í framan. Venjan hefur yfirleitt verið sú að glansinn í bransanum fyrirbyggi slíkt. Hún tekur þó skýrt fram að hún vilji ekki tala um að þetta sé galli heldur í raun og veru karaktereinkenni.

„Hester hins vegar upplifir sig sem gallaða og fólk dæmir hana út frá útliti hennar,“ segir Hera. „Ég vildi skilja hvernig það er að lifa án mannlegra samskipta eins og hún gerir og hvaða áhrif það hefur á viðkomandi.“

Hópur með sterkar skoðanir

Frá því að fyrsta sýnishorn myndarinnar birtist á veraldarvefnum hafa aðdáendur skáldsagnanna verið duglegir að láta í sér heyra varðandi útlit leikkonunnar. Áðurnefnd ör aðalpersón-

Raunveruleikinn getur verið fáránlegur

unnar hafa þar verið til mikillar umræðu og þær raddir hafa verið háværar að Hera sé einfaldlega of fallæg fyrir hlutverkið.

Í bókunum er Hester lýst með andlitslömum sem veldur varanlegu hæðnisglotti og lítið er eftir af nefi hennar. Örið fer þvert yfir vinstra auga og hefur mörgum þótt útkoma örsins í kvikmyndinni fara aðeins of fínt í hlutina. Bæði Peter Jackson og Christian Rivers hafa svarað þessari gagnrýni aðdáenda og segja kvikmyndir vera sjónrænan miðil þar sem ör af þessu tagi eru ekki alltaf áhorfendum bjóðandi. Leikstjórinn vonast til þess að áhorfendur geti séð myndina fyrst til þess að skilja hvaðan sú ákvörðun, að tóna örið niður, kom.

Hera er spurð hvort hún finni fyrir aukinni pressu bókaáðdáenda og hvernig sú tilfinning sé að takast á við persónu sem fjöldi fólks hefur séð fyrir sér. Hún segist vera alveg meðvituð um þrýstinginn, en henni þyki jafnframt gefandi að vinna að einhverju sem stór hópur

fólks á heimsvísu hlakkar til að sjá.

„Auðvitað er þetta hópur sem hefur sterkar skoðanir, en við gerðum okkar besta við að halda tryggð við bækurnar. Til dæmis kom höfundur bókanna á sett og var algjörlega hluti af verkefninu frá byrjun,“ segir Hera.

Tilfinningin í maganum

Hera er ekki mikil áhættuleikkona en hún var hörd á því að líta ekki út eins og þrautþjálfuð hetja sem kynni að berjast eða drepa, heldur venjuleg ung kona sem væri heltekin af reiðinni, ofar öllu öðru. „Það var mikilvægt fyrir mig að hún liti þannig út líkamlega, að hún væri manneskja sem gerði mistök þegar kæmi að þessum kúnstum og þess háttar.“

Hera bendir á að í hvaða fagi sem er sé mikilvægt að leyfa sér að vera hræddur. Hjá henni gildi þetta bæði um leikinn og lífið.

„Það er sama hversu absúrd heimurinn er, því raunveruleikinn getur verið fáránlegur, en ▶



Hera | Eíðinum ásamt Gísli Ernri Gardarssyni



Ég vildi skilja hvernig það er að lifa án mannlegra samskipta



Nett fjölnotataeki MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftigetá: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð:
6.800.000 kr. + VSK

**Viðurkennd varahluta-
og viðgerðarþjónusta**

PON

Pétur O. Nikulásson ehf. • Melabraut 23, Hafnarfjörður • Símar: 552 2650 / 552 0110 • pon@pon.is

ef þú finnur eitthvað sem tengir þig við jörðina og þig, þá geturðu gert í rauninni hvað sem er. Þú getur farið hvert sem er, bæði langt og stutt," segir hún og bætir við að þetta komi líka eðlishvötinni við. Hera segir gott viðmið vera tilfinninguna sem hún finnur fyrir í maganum, sem hún telur halda sér á réttri braut.

„Þetta þýðir líka fyrir mér, að maður leyfir sér að stökkva fram af bjarginu af því að maður veit að maður er með reipi fast við jörðina. Eða jafnvel þótt þú sért ekki með eitthvað áþreifanlegt eins og reipið þá yfirleitt grípur þig eitthvað, svo lengi sem þú ert tengdur við þessa eðlishvöt. Stundum er ekki neitt til að grípa þig og það er yfirleitt allt í góðu. Í versta falli meidir þú þig bara smávegis. Þér batnar og svo heldurðu áfram sterkari. Við þurfum að leyfa okkur að taka séns á því sem hræðir okkur. Þannig hefur þetta virkað í mínu tilfelli.“

Öllu tjaldað til

Talið er að framleiðslukostnaður Mortal Engines hafi verið í kringum 100 milljónir dala eða um tólf milljarðar íslenskra króna. Þar með er ekki talinn markaðskostnaður og vilja sérfræðingar í faginu meina að myndin þurfi að hala inn hátt í 300 milljónir dala á heimsvísu til að standa undir kostnaði og þá fyrst getur möguleiki fyrir framhald opnast. Þetta skýrist að einhverju leyti þegar aðsóknartölur fyrstu sýningarhelgarinnar verða opinberar.

Hera segir að í framleiðslu myndarinnar hafi verið notast við blá og græn tjöld í meira mæli en hún hefur áður upplifað. Það er gert til þess að hægt sé að setja inn bakgrunn í eftirvinnslu eða stækka sviðsmyndir með tölvubrellum. Hera segir þó tjöldin ekki hafa mikil áhrif á nálgun hennar gagnvart hlutverkinu. Að hennar sögn voru sviðsmyndirnar ævintýri líkastar.

Við vinnslu myndarinnar voru yfir 120 leikmyndir sem voru „gjör-samlega gígantískar að stærð“ að sögn Heru. „Við byggðum mestallt af jörðinni og klettunum í „The Wastelands“ sem við erum á í

byrjun myndarinnar, allt sem við sjáum í London var byggt, lestarstöðvarnar, götur, safnið, St. Paul's, í raun allt nema London sjálf séð í heild sinni, sem var bæði módelvinna og tækniteikningar.“

Langir dagar og dýrmætur lúr


Þegar spurningin kemur upp um hvernig hefðbundinn vinnudagur lýsir sér í fagi Heru segir hún það misjafnt og fara eftir umfangi myndanna. „Yfirleitt er týpískur dagur, sama að hverju ég er að vinna, þannig að ég vakna í kringum þrjú eða hálf fjögur að nóttu til og keyri beint á tökustað. Ferðin getur tekið allt frá korteri upp í tvo tíma, eftir því hvar við erum stödd. Síðan tekur við þriggja tíma förðun en það fer allt eftir umfangi og hvaða tímabili maður á að tilheyra,“ segir hún.

„Það tekur yfirleitt nokkra tíma að taka upp senur þar sem alls konar vinklar þurfa yfirleitt að vera teknir upp, víð skot frá nokkrum sjónarhornum, og nærmyndir af öllu sem skiptir máli. Þetta gengur svona fyrir sig allan daginn. Stundum er hádegishlé en stundum höldum við bara áfram og borðum þegar við getum inni á milli, mér finnst það yfirleitt þægilegra, að klára fyrr, nema maður sé svo rosalega þreyttur að hádegishléið bjóði upp á lúr í hjólhýsinu,“ segir hún.

„Síðan keyrum við heim, vonandi ekki of lengi. Snarl heima, hringja í sína nánustu ef það er í boði vegna tímamismunar til dæmis, það eða sturta og svo fara yfir línur næsta dags og undirbúa hvað maður ætlar að gera. Síðan, vonandi, að ná einhverjum almennilegum svefni, sem oft er erfitt þar sem það tekur sinn tíma að slökkva á höfðinu eftir annríki dagsins.“

Hera segir lykilkátt í þeirri list að eltast við drauminn liggja í því að gefa sig ekki fram af hálfum hug. „Það skiptir öllu að leggja vinnu í það sem þú vilt að blómstri og vera tengdur við augnablikkið. Þú þarft líka að sjá hvað er í alvör- unni í gangi, til þess að þú missir ekki af því. Þá áttu á hættu að vera að bíða eftir einhverju öðru sem lifir bara í höfðinu á þér.“ ■


Jólablað



Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



Fjölskyldan sameinast yfir hljóðbókum



Storytel er áskriftarveita fyrir hljóðbækur þar sem notendur greiða eitt áskriftargjald fyrir ótakmarkaðan aðgang að tugþúsundum bóka. Storytel fór í loftið á Íslandi í febrúar og viðtökurnar hafa farið fram úr allra björtustu vonum.

„Þetta ár hefur verið ævintýri líkast, þökk sé frábærum viðtökum Íslendinga sem sannarlega eru tilbúnir fyrir þá sprengingu sem orðið hefur í útgáfu hljóðbóka,” segir Stefán Hjörleifsson, landsstjóri Storytel á Íslandi, og bætir við að fyrirtækið hafi náð mark-

miðum sínum og framleitt yfir 200 íslenskar hljóðbækur á árinu. Á næsta ári er ætlunin að gera enn betur, en stefnt er að því að yfir 1.000 íslenskar hljóðbækur auk rafbóka verði í boði innan þjónustunnar ásamt tugþúsundum erlendra bóka.

Nýtt efni í farvatninu

Stefán segir að Storytel hafi nú þegar hafið undirbúning að ýmsum nýjungum í útgáfu sem líta munu dagsins ljós strax á næsta ári. „Við munum gefa út bækur sem aðeins munu koma út sem hljóðbækur, alls kyns efni í ætt við fréttamennsku, styttri greinar og ýmsa áhugaverða umfjöllun sem er styttri en hefðbundnar bækur.” Hann segir fyrirtækið einnig vera að skoða hlaðvarp innan

þjónustunnar en hlaðvörp hafa notið aukinna vinsælda hérlendis undanfarið. „Þarna erum við vitanlega að mæta ákveðinni þörf, en viðtökurnar hafa sýnt að Íslendingar er sólgirnir í hljóðbækur af öllum stærðum og gerðum.” Stefán bætir við að sama þróun eigi sér stað hér og erlendis þar sem framleiðsla og notkun slíks efnis hefur margfaldast undanfarin ár með tilkomu snjallsímans.

Fjölskylduáskrift og „Kids Mode“

Storytel hóf nú í desember að bjóða nýjar áskriftarleiðir sem gera allri fjölskyldunni kleift að hlusta á sama tíma og byggja upp sína eigin bókahillu. Með Storytel Family fylgja tveir fullorðinsaðgangar og tveir barnaaðgangar og með

Storytel Family Plus fylgja þrír aðgangar fyrir fullorðna og þrír fyrir börnin. Einnig er boðið upp á „Kids Mode“ með hverri einstaklingsáskrift, þannig að barnið geti hlustað á sama tíma í öðru tæki.

Ungir hlustendur

Í notendakönnunum sem Storytel hefur gert hefur komið í ljós að stór hluti þeirra sem hlusta á hljóðbækur er yngra fólk en einnig fólk á öllum aldri sem ekki hefur lesið hefðbundnar bækur í frítíma sínum áður, þótt vissulega sé líka um að færa sig yfir úr hefðbundnum bókum eða notar hvort tveggja samhliða. Hljóðbækur eru enda þægilegur valkostur þegar kemur að því að nýta tímann betur og njóta

afþreyingar eða fræðslu í leiðinni. „Eftir að ég byrjaði að hlusta á hljóðbækur hef ég komist yfir miklu meira magn af bókmenntum. Þannig hlusta ég hvort sem ég er að keyra í tíu mínútur, fara í lengri hjólatúra eða á kvöldin heima fyrir, jafnvel í vinnunni – en ég vinn jú við þetta,” segir Stefán að lokum.

Nældu þér í ótakmarkaðan aðgang að tugþúsundum bóka á www.storytel.is







HEIMILISLÍF:

Tyrknesk handklæði og fleiri eðalvörur

Heimilislíf (heimilislif.is) er ný vefverslun sem selur tyrknesk handklæði, ilmkerti, ilmstangir og náttúrulegar húðvörur á góðu verði.

Tyrknesku handklæðin eru mikil gæðavara: Þau eru úr mjúkri 100% tyrkneskri bómull og eru til í nokkrum mynstrum og litum. Einnig er hægt að nota þau sem teppi.

Ilmkerti og ilmstangir frá Skye Candles eru handunnar vörur og til í mörgum litum og eru í fallegum, litríkum umbúðum. Jólailmurinn í línunni er dásamlega hátíðlegur.

Náttúrulegar húðvörur

Húðvörurnar frá Odylique eru náttúrulegar og án allra aukaefta. Þær eru handunnar á lítilli vinnustofu í Bretlandi. Odylique eru margverð-

launaðar vörur sem hreinsa, mýkja, skrubba og gefa húðinni ljóma. Þær henta sérstaklega vel fyrir viðkvæma húð.

Sjá nánar um þessar og aðrar vörur á vefnum heimilislif.is þar sem hægt er að skoða í rólegheitunum. Þess má geta að frí heimsending er á pöntunum fyrir 15.000 krónur eða meira.

Jólamarkaðurinn í Hjartagarði

Það er þægilegt að versla á netinu og litil yfirbygging veldur því að vefverslun á borð við Heimilislíf getur boðið hágæða vörur á hagstæðu verði. En það er líka gaman að þreifa á vörunni og eiga samskipti við þann sem selur. Þess vegna er gaman að segja frá því að Heimilislíf verður með myndarlegan bás á Jólamarkaðnum í Hjartagarði, Laugavegi 19

um helgina (14.-16. desember). Þar verða vörur verslunarinnar á sér-töku jólatilboði. ■





MÍA & MIÓ:

Hágæða vörur fyrir börnin

Mía & Mió er barnavörverslun sem leggur mikið upp úr vali á hágæða vörum.

Kidwild:


Dúnmjúk barnaföt úr lífrænni bómull sem aldrei hefur komist í snertingu við skaðleg efni og er öll unnin á siðferðislegan máta. Fötin eru einstaklega vönduð og koma í stærðum fyrir 0–5 ára. Hönnunin er tímalaus og einkennist af jarðarlitum sem henta bæði stelpum og stráköm.



Mountain buggy:

Mountain buggy er þekkt um allan heim fyrir einstaka hönnun á vögnum og kerrum. Þróunin á vörum þeirra undanfarna áratugi byggist á þörfum nútíma foreldra þar sem einfaldleiki, lipurð og tækni er í fyrirrúmi. Hönnunin er lausnamiðuð og allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem það eru foreldrar með eitt barn eða fleiri, borgarabúar, útvistargarpar, heimshornaflakkarar eða annað.

Mountain buggy er einnig með bílstóla á markaðnum fyrir börn frá fæðingu og allt upp 12 ára. Þeir hafa hlotið einróma lof, þá sérstaklega snúningsbílstóllinn, Safe Rotate, en hann er frábær sem stóll númer tvö og er fyrir börn í þyngd 0–18 kíló.



Bloom baby

Coco go ömmustólarnir hafa verið gríðarlega vinsælir frá því þeir komu fyrst til landsins og oft myndast bið eftir þeim. Efnið í sætinu lífræn bómull, viðurinn er fenginn úr sjálfbærri ræktun og allt ál og plast er endurnnið efni. Hönnunin er falleg og praktísk, stóllinn getur bæði ruggað og staðið, setið í þremur mismunandi stillingum og svo er rafhlöðuknúinn titringur með tveimur stillingum. Það fer með eindæmum vel um lítil börn í þessum stól á meðan hann er einnig finasta stofustáss.

Falleg stjörnukort

Stjörnukortin eru handmáluð fyrir hvern og einn og afar persónuleg. Þar koma fram allar fæðingarupplýsingar ásamt stjörnumerkinu. Hægt

er að sníða myndirnar að hverjum og einum svo hver fái þann litatón sem hann óskar eftir. Myndirnar prýða ófá barnaherbergin í dag og er þetta mjög vinsælt í skirnar- og jólagjafir.

Nánari upplýsingar á miamio.is
Facebook-síða: Mía & Mió
Instagram: [miaogmio](https://www.instagram.com/miaogmio)
Netpóstur: miamio@miamio.is ■



Tökum vel á móti söluþólki jólahappdrættisins

FÉLAG LESBLINDRA:

Merkileg starfsemi – Spannandi jólahappdrætti

Félagið var stofnað 26. mars árið 2003 þannig að við verðum 16 ára í mars á næsta ári. Þetta er grasrótarfélag sem stofnað var eftir að annað félag var lagt af sem hét Dyslexiu-félag Íslands og stofnað 1994. Skortur á fjármagni hamlaði starfsemi þess svo hún fjarðði út. Ég kom að stofnun félagsins 2003 og þá var uppi nokkur ágreiningur um heiti félagsins. Sjálfur vildi ég þá að félagið hétu áfram Dyslexiu-félagið en í dag er ég mjög sáttur við nafnið Félag lesblindra því lesblindra er afar gegnsætt orð sem fólk skilur undir eins," segir Snævar Ívarsson, framkvæmdastjóri Félags lesblindra, sem er til húsa að Ármúla 7b.

Á stofnfundinum var einnig ákveðið að gerast aðili að Öryrkjabandalagi Íslands. Sú aðild hefur haldið lífi í félaginu og tryggt því nokkurn tekjustofn. Ákveðin tímamót urðu í starfsemi árið 2008 er Snævar ákvað að helga því alla starfskrafta sína.

Starf í grunnskólum

Eitt af mörgum verkefnum hans er að veita þjónustu til félagsmanna í formi uppsetningar á forritum og öppum fyrir tölvur, síma og á námskeiðum og einnig að standa fyrir skólaheimsóknum.

„Meðal annars heimsækjum við unglingadeildir grunnskóla þar sem við fræðum öll börnin um lesblindu. Það stuðlar að því að börn með lesblindu fá aukinn skilning hjá jafnöldrum sínum sem ekki eru lesblindir," segir Snævar.

„Við komum að lesblindu á allan mögulegan hátt. Við gætum hlutleysis og veljum ekki eina aðferð sem á að gilda fyrir allan fjöldann heldur kynnum við hlutlaust þær aðferðir gegn vandanum sem eru til, útskýrum hvernig þær ganga fyrir sig, hvers megi vænta og svo framvegis. Sem félag erum við að benda á lausnir sem við teljum að virki fyrir fjöldann í gegnum tæki eins og tölvur og síma. Við höfum árum saman verið með námskeið fyrir fullorðin fólk með lesblindu í gegnum

FÉLAG LESBLINDRA Á ÍSLANDI **Jólahappdrætti**

Happanúmerið þitt er:

3 Samsung spjaldtölvur WiFi

Vinningar eru frá:

- FAKÓ HÚSGÖGN
- SAMBÍÓIN
- ORMSSON FYLGIFISKAR
- RÚMFATA LAGERINN
- SUBWAY
- PRENTVÖRUR
- TÖLVULISTINN

Dregið verður úr seldum miðum 31. des. 2018

Vitja þarf vinninga fyrir 31. mars 2019 verð: 3000kr. útgefnir 1000 miðar

Með kaupum á happdrættismiða þessum er Félag lesblindra styrkt til góðra starfa. Félagið var stofnað árið 2003 og sinnir það margvíslegri hagsmunagæslu fyrir lesblinda hérlendis. Um 19% Íslensku þjóðarinnar þjáist af einhvers konar lesblindu og þar af eru um 6% Íslendinga illa haldnir af henni.

Nánari upplýsingar má finna á vefnum www.fli.is

endurmenntunarstöðvar víða um land. Einnig leiðbeinum við kennurum um hvernig gott sé að nýta sér ýmsa námstækni og tæki. Svo höfum við hitt lesblinda nemendur sem eru að undirbúa sig fyrir framhaldsskóla. Auk þess höfum við haldið erindi í ýmsum framhaldsskólum. Nýlega fórum við einnig að kynna starfsemi félagsins á vinnustöðum og höfum gefið út bækling um hvernig lesblinda birtist á vinnustöðum," segir Snævar um viðtæka starfsemi félagsins.

Einstaklingsbundin þjónusta

Félagið veitir lesblindum einstaklingsbundna þjónustu: „Félagsmenn geta komið með tækin sín til okkar og fengið uppsetningu á lestrarbúnaði í tækjunum. Allt sem þú getur valið með músarbendlinum er hægt að hlusta á. Android-símar eru síðan þannig að hægt er að tala við tækið og það skrifar fyrir þig, hægt er að taka mynd

af blaðsíðunni og hlusta á hana, en það gildir ekki fyrir iPhone-síma. Við erum með önnur tæki, litla handhæga skanna, sem hægt er að draga inn í nokkrar blaðsíður og tengja við tölvu og smartþennann sem tekur upp hljóð meðan maður glósar."

Enn fremur beitir félagið sér fyrir því að námsbækur séu annaðhvort til á stafrænu formi eða sem hljóðbækur.

Snævar kveðst telja að almennt séu skólar í dag betur vakandi fyrir mögulegum tilfellum lesblindu en áður enda hafi ákvæði um slíkt verið bundin í lög. „Hins vegar tökum við ekki að okkur greiningar en bendum á sérfræðinga sem annast þær – við erum einfaldlega reiðubúin til aðstoðar við þá sem þurfa hjálp með textann sinn," segir Snævar.

Jólahappdrætti

Það kostar ekkert að vera félagi í Félagi lesblindra en öllum félögum yfir 23 ára eru sendir valkvæðir greiðsluseðlar,



2.500 krónur á ári, til að auðvelda fólki að styðja félagið. „Við miðum við þennan aldur vegna þess að þá eru flestir orðnir virkir á vinnumarkaðnum," segir Snævar.

Að sjálfsögðu er félagið alltaf opið fyrir stuðningi þeirra sem vilja styðja við starfsemi þess og til dæmis er núna í gangi jólahappdrætti félagsins sem getur orðið því drjúg tekjulind. Nánari upplýsingar um það má fá á síðunni lesblindur.is en auk þess er þar að finna mikinn fróðleik um lesblindu. ■





Náttföt frá danska merkinu celavi, meira úrval í verslun og vefverslun.

HANS OG GRÉTA:

Ævintýraleg vefverslun fyrir alla aldurshópa

Hans og Gréta er ævintýraleg verslun á Akranesi sem selur fallegar og vandaðar vörur fyrir alla aldurshópa, þar á meðal fullorðna. Hans og Gréta er einnig með vefverslun www.hansoggreta.is og sendir hvert á land sem er.

Nánari upplýsingar má nálgast í vefverslun: hansoggreta.is
Verslunin er staðsett að Þjóðbraut 1, 300 Akranesi.
Netpóstur: hansoggreta@hansoggreta.is
Sími: 661-9889 ■



Jakkaföt á ungu herrana fæst í Hans og Grétu bæði í verslun og netverslun.



Jólakjöll frá danska merkinu Jocko, meira úrval í verslun og vefverslun.



Úrval af ullarfatnaði á börnin í verslun og netverslun.



Gallar úr 100 % merinoullar frá Smallstuff. Fást í 3 litum ásamt húfum, sokkum og vettlingum.



Under Armour fæst í Hans og Grétu fyrir allan aldur.



Vinsælu kuldastígvélin frá Enfant. Við erum einnig með fyrstu skóna og fleira frá þeim.



Kjolar og fleira frá Fixoni.



Mikið úrval af Adidas vörum fyrir alla aldurshópa.

HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR:

Skemmtileg og öðruvísi gjöf sem heldur áfram að gefa

Agjafabréfasiðu Hjálparstarfs kirkjunnar, gjofsemgefur.is, finnur þú frumlega og skemmtilega gjöf fyrir vini og ættingja og um leið styrkir þú – og sá sem gjafabréfið fær – fjölskyldu sem býr við erfiðar aðstæður hvort sem er hér heima á Íslandi eða á verkefnasvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar erlendis.

Þegar þú kaupir gjafabréf á gjofsemgefur.is byrjar þú á því að velja gjöf og skrifar svo kveðju á gjafabréfið til viðtakanda þess. Í næsta skrefi getur þú valið að fá gjafabréfið sent til þín með tölvupósti til að prenta út heima. En þú getur líka valið að fá það prentað á silkipappir á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar á Háaleitisbraut 66 í Reykjavík og að það verði sent beint til viðtakanda.

Unnið með fólki

„Hjálparstarf kirkjunnar hjálpar þar sem þörfin er mest og alltaf í samstarfi við fólkið sem aðstoðina fær og staðbundin hjálparamtök á svæðunum þar sem við vinnum. Það fólk þekkir best vandann sem glímt er við og leiðir til að leysa hann. Okkar hugmyndum og lausnum er ekki þröngvað upp á fólk og þess vegna eru allar gjafirnar á gjofsemgefur.is eitthvað sem örugglega vantar og örugglega kemur að gagni,“ segir Kristín Ólafsdóttir, fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar.

Hvert fer andvirði gjafabréfsins?


„Þegar fólk kaupir gjafabréf á gjofsemgefur.is ákveður það í hvað peningarnir fara en til þess að áhugi okkar verði ekki þörfinni yfirsterkari höfum við sett gjafirnar saman í flokka. Þannig er hægt að hafa nauðsynlegan sveigjanleika í stuðningi okkar við þá sem þurfa á hjálp okkar að halda,“ segir Kristín.

„Ef þú kaupir gjafabréfið Geit handa vini eða ættingja geturðu verið viss um að andvirði þess fer beint í húsdýra- og jarðræktarverkefni okkar. Þegar allir sem eiga að fá geit, samkvæmt áætlun verkefnisins, hafa fengið hana fer peningurinn næst í að kaupa verkfæri og fræ og svo framvegis. Eins ef þú kaupir Vatn fyrir 20 manns þá veistu að fyrir þína peninga verður fólk útvegað hreint vatn eða annað það sem stuðlar að betri heilsu þess. Við gröfum brunna og vatnsprær og setjum upp vatnstanka. En þegar því er lokið samkvæmt áætlun hvers árs, fara peningarnir í fræðslu um mikilvægi hreinlætis og hvernig hægt er að koma í veg fyrir smitsjúkdóma.“ ■



www.gjofsemgefur.is  Hjálparstarf kirkjunnar


Kveðjurnar sem fólk skrifar á gjafabréfin eru margskonar. Þær eru hlýlegar, fyndnar, einlæggar og jafnvel í visuformi, allt eftir tilefninu, fólkinu sem gefur og fólkinu sem fær gjafabréfin. Nýleg kveðja hljóðar svona: Kæra afmælisbarn! Við vonum að þessi afmælisgjöf megi gleðja þig jafnt sem þá sem hennar njóta. Megi komandi ár verða þér gæfurik.



www.gjofsemgefur.is  Hjálparstarf kirkjunnar

Á gjofsemgefur.is eru yfir fjöruþíu mismunandi gjafabréf en hvert þeirra lýsir verkþætti í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi og á verkefnasvæðum erlendis.





SKÚLI CRAFT BAR:

Jólagjöf bjóráhugafólksins

Skúli Craft Bar er á Fögeta-torginu við Aðalstræti 9. Skúli er sjálfstæður bar sem sérhæfir sig í handverksbjór í hæsta gæðaflokki. Jólagjöf bjóráhugafólksins er gjafabréf á Skúla Craftbar en gjafabréfin er hægt að nálgast á staðnum eða panta þau í gegnum Facebook-síðuna Skúli Craft Bar. Að sjálfsögðu gildir gjafabréfið fyrir hvað sem er á staðnum en meðal annars eru í boði girnilegir ostabakkar fyrir alls konar drykki og fleiri veitingar.

Upphæð gjafabréfsins er að eigin vali en frá þeirri upphæð sem þú velur dragast 15% – það er sérstakur jólaafsláttur.

Huggulegt föstudagskvöld

Það verður mikið um dýrðir á Skúla í kvöld, föstudagskvöldið 14. desember. Bjartur frá Grillmarkaðnum mætir á svæðið og býður upp á belgískar vöflur með bjórkaramellum, jólarjóma og krydduðum berjum. Lifandi tónlist verður á staðnum er Benjamin Náttmörður kemur og leikur jóladjass fyrir gesti. Tilvalið að koma við eftir jólainnkaupinn og hressa sig við og njóta.

Svo má geta þess að „happy hour“ er í gildi alla daga fram að jólum, allan daginn.

Sjá nánar á Facebook-síðunni Skúli Craft Bar. ■





LANDI:


Framúrskarandi herrailmur úr jurtum sem vaxa í náttúru Íslands

64° Reykjavík Distillery hefur í gegnum árin skapað sér orðspor fyrir að brugga framúrskarandi áfenga drykki úr íslenskum berjum og jurtum, líkjöra og snafsa. Hafa þessar merku afurðir fyrir-tækisins fengið mörg alþjóðleg verðlaun fyrir hvort tveggja hönnun og gæði.

64° Reykjavík Distillery hefur nú brotið blað í sögu sinni með því að setja á markaðinn einstakt íslenskt ilmvatn fyrir herra. Þessi karlmannlegi ilmur ber heitið Landi og uppistaðan í honum er olíur úr jurtum sem vaxa í íslenskrí náttúru. Meðal þeirra er sjálft þjóðarblómið, holtasól-ey, en auk þess einir, lúpína, rabarbari, bláber og kúmenjurt, allt jurtir sem vaxa villtar í íslenskrí náttúru og koma saman í einstökum ilmi í Landa.

Glas af herrailminum Landa er 50 ml. Fyrir verslanir eru í boði eru kassar með sex ilmvatnsglösum en einstaklingar geta keypt stök glös. Ilmvatnið er til sölu í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar, Laugavegi 59, í gamla Kjörgarðshúsinu. Verslunin er opin frá 11 til 18.

Nánar má fræðast um framleiðslu og starfsemi 64° Reykjavík Distillery á vefsíðunni reykjavikdistillery.is. ■



EKKI GLEYMA GASINU - FYRIR HÁTÍÐIRNAR

ÞÚ FINNUR SÖLUSTAÐI FYRIR AGA GAS Á GAS.IS



Smellt eða skrúfað?
Það skiptir ekki máli, við eigum bæði!

AGA
GAS
FYRIR GRILLIÐ



IÐNAÐARGASIÐ FÆST HJÁ ÍSAGA

ÞÚ FINNUR SÖLUSTAÐI
OG UMBOÐ Á AGA.IS

ÍSAGA
GAS
FYRIR IÐNAÐINN

Snjalltækin í jólapakkann frá Mi Iceland

Vefverslunin Mi Iceland er endursölu- og dreifingaraðili á Íslandi fyrir kínverska snjalltækjaframleiðandann Xiaomi, betur þekkt sem Mi, en merkið hefur skapað sér afar sterka stöðu í heimi snjalltækjanna.

Brot af frábærum jólagjöfum frá Mi Iceland má sjá hér að neðan. Sjá nánar á mii.is.

Mi Band 3

er snjall- og heilsuúrið frá Xiaomi, þar sem allt hefur verið betrubætt frá forveranum, Mi Band 2. Enn stærri skjár þar sem hægt er að skoða heil SMS-skilaboð, stærri rafhlaða, vatns-helt að 50 metra dýpi svo ekkert mál að taka það með sér í sund, og veðurupplýsingar næstu daga svo eitthvað sé nefnt. Hægt að skipta um ól á úrinu og gjörbreyta á sama tíma útliti þess.

Pocophone F1

er einn umtalaðasti síminn frá Xiaomi þessa stundina og keppir við flaggskipin á markaðnum. Er með Snapdragon 845 örgjörva og er ódýrasti síminn á landinu með þann örgjörva. Stór 4.000mAh rafhlaða, andlitsskanni sem einfaldar læsingu, mjög öflug myndavél, vatns- og rykvarinn svo fátt eitt sé nefnt.

Mi Robot Builder

samtvinnar tækni og leik þar sem fyrst þarf að setja saman 978 einingar af kubbum sem mynda risaæðlu, flugvél eða vélmenni. Þegar samsetningunni er lokið er hægt að tengjast vélmenninu í gegnum símann þráðlaust. Í gegnum símann er svo hægt að stjórna vélmenninu og gefa því fyrirfram ákveðnar skipanir. Fullkomin jólagjöf fyrir alla sem hafa gaman af að búa til nýja hluti.

Mi Laser Projector

er hágæða skjávarpi sem varpar mynd í allt að 150". Afskaplega stílhrein og falleg hönnun. Varpar mynd með laser og hefur því lengri líftíma en hefðbundnir skjávarpar. Mi Laser Projector færir þér bíosalinn heim í stofu.

Roidmi F8

er lauflétt, kraftmikil og meðfærileg handryksuga sem er bæði laus við snúrur og poka. Vegur aðeins 1,5 kíló og endist í 50 mínútur á einni hleðslu. Með fylgir smáforrit fyrir flest alla snjallsíma þar sem hægt er að fylgjast með hleðslu, hvort þurfi að tæma rykhólf eða þrifa siur.

Selfie Stick Tripod


er ekki bara sjálfustöng heldur líka hægt að nota sem þrífót.

Sjá nánar á mii.is ■



Pocophone F1

Selfie Stick Tripod



Mi Laser Projector



Roidmi F8



Mi Band 3

Mi Robot Builder



I HEILDVERSLUN:

Snilldar heimilistæki sem einfalda þér og þínum lífið

Heildverslun flutti þann 2. maí 2018 að Hvaleyrarbraut 35 í Hafnarfirði, en verslunin hefur verið rekin sem fjölskyldufyrirtæki. Markmið verslunarinnar er að einfalda heimilisstörfin með skemmtilegum vörum.

Neato D Connected ryksugan er með hugvit, hún notar leysigeisla til að vita hvar hún er, hvert hún er að fara og hvar hún hefur verið og er allt að fjórum sinnum fljóttari að fara yfir rýmið en aðrar róbótvélar. Neato D Connected fer heim til að sækja meiri orku ef hún er ekki búin með svæðið, og byrjar þá aftur þar sem hún endaði áður og klárar svæðið. Einnig er hægt að stjórna henni með snjallsíma ef hún er nettengd. Neato ryksuguróbótarnir eru D-laga og henta vel á öll heimili.

Mamibot Mopa 580 þráðalaus skúringavélin sem er mjög einföld í notkun. Engin fata, ekkert vatnssull – bara svo miklu einfaldara og þægilegra að skúra.

Þráðlaus rafknúin skúringavél. Vélin notar tvo örtrefjaklúta sem snúast í hringi og þrifa gólfíð. Klúturnir eru svo þvegnir í þvottavél eftir þörfum. Tveir örtrefjaklútar og tveir bónklútar fylgja með. Skaftið er stillanlegt upp og niður og hægt að snúa því 160° (80°-80°). Auðveldara að þrifa undir rúmum, stólum, borðum o.fl. Vatninu er úðað á gólfíð með takka á handfanginu. LED-lýsing – svo ekkert fari fram hjá þér. Hentar vel á parket, flísar og dúk. I heildverslun ehf. hefur selt fjölda véla sem hlotið hafa einróma lof notenda.

Roidmi F8 er lauflétt, laus við allar snúror og er pokalaus!

Roidmi F8 ryksugan vegur aðeins 1,5 kíló og endist í allt að 50 mínútur á einni hleðslu. Með ryksugunni fylgir smáforrit fyrir flestalla snjallsíma þar sem hægt er að fylgjast með hleðslu, hvort þurfi að tæma rykhólf eða þrifa síur.

Optishot golfhermir er jólagjöf golfarans

Nánari upplýsingar í versluninni að Hvaleyrarbraut 35 og á ihverslun.is.

Bath- and Body Works ilmkerfi, handsápur og fleira

Í versluninni að Hvaleyrarbraut 35 og í vefversluninni ihverslun.is fást einnig Bath- and Body Works ilmkerfi, og handsápurar vinsælu ásamt fleiri vörum.

Í versluninni fæst einnig mikið úrval heimilis- og gjafavöru, sem ekki fæst annars staðar og því tilvalið að gera sér ferð í verslunina eða skoða úrvalið á heimasíðunni.

I Heildverslun ehf. er að Hvaleyrarbraut 35, Hafnarfirði.

Síminn er 555-2585 og heimasíðan er ihverslun.is.

Opnunartími til jóla er mánudaga-föstudaga frá kl. 10-18, laugardaga frá kl. 11-16 og sunnudaga 12-16. ■



Roidmi F8 ryksugan

Optishot Golfhermir



Bath- and Body Works ilmkerfi



Heimilis- og gjafavara í úrvali



Roidmi F8




Neato D Connected ryksugan.



Netgjafir

Góðar gjafir á betra verði



Mikið úrval af glæsilegum gjafavörum í jólapakkann á
NETGJAFIR.IS  **NETGJAFIR**





TÓNSKÓLI HÖRPUNNAR:

Gott nám fyrir sálina

Tónskóli Hörpunnar hefur verið starfandi í Grafarvogi í hartnær 20 ár.

Skólinn sér aðallega um kennslu á grunnstigi en er þó með fáeina nemendur á miðstigi. „Hér erum við með góða tónlistarkennara sem kenna á píanó/hljómborð, fiðlu, gítar, þverflautu, klarinett, harmoniku, raf- og kontrabassa og saxófón. Svo kennum við einnig einsöng og míkrofónsöng ásamt því að kenna tónfræði og tónheyrn. Einnig erum við með forskólakennslu fyrir hópa á blokkflautu. Á veturna hafa verið haldin kvöldnámskeið fyrir fullorðna í gítarleik með það að markmiði að geta leikið undir almennan söng,” segir Svanhvít Sigurðardóttir, skólustjóri og kennari við skólann.

Tökum nýjum nemendum fagnandi

„Fjölmargar rannsóknir sýna fram á að þeim börnum sem stunda tónlistarnám vegnar betur í lífinu, þau eru einbeittari, skipulagðari og allajafna hamingjusamari. Tónlistarnám styrkir fólk í öllu sem það tekur sér fyrir hendur síðar meir. Það þjálfar hlustun, minni, hrynskyn, fínreyfingar og margt fleira. Svo ekki sé nefnd getan til þess að spila á hljóðfæri. Það er tjáning sem má engan veginn vanmeta.

Við höfum barist fyrir því lengi að borgaryfirvöld leiðrétti styrkjaframlag til tónskólans. Við fáum styrk fyrir um 68 nemendur en erum nú með 120 nemendur. Okkar stefna hefur alltaf verið sú að öll börn og unglingar fái tækifæri til þess að læra á hljóðfæri og því höfum við ekki vísað nemendum frá, heldur þvert á móti tekið þeim fagnandi,” segir Svanhvít.

Kennt á mörgum stöðum

Auk þess að kenna í höfustöðvunum í Spönginni er Tónskóli Hörpu-

nar með kennslu í mörgum grunnskólum borgarinnar á skólatíma. Hljóðfærakennsla á vegum skólans fer nú fram í 10 grunnskólum, en þeir eru; Kelduskóli Korpa, Kelduskóli Vík, Vættaskóli Engi, Vættaskóli Borgir, Húsa-skóli, Sæmundarskóli, Ártúnsskóli, Réttarholtsskóli, Háaleitisskóli Hvassaleiti og Háaleitisskóli Álftamýri.

Það er aldrei of seint að byrja

„Þótt við séum fyrst og fremst að kenna börnum á grunnskólaaldri erum við einnig með eldri nemendum. Elsti nemandinn okkar tók þátt í gítarnámskeiði og var hann 88 ára. Hann er sönnun þess að það er einfaldlega aldrei of seint að byrja að læra á hljóðfæri. Einu forsendurnar fyrir tónlistarnámi er í raun vilji. Ef fólk vill læra þá á það einfaldlega að skella sér í nám. Það er svo gott fyrir sálina,” segir Svanhvít.

Skráning fyrir vorönn í Tónskóla Hörpunnar er hafin

á vefnum rafraen.reykjavik.is
Nánari upplýsingar má nálgast á harpan.is
Skólinn er staðsettur í Spönginni 37-39, Grafarvogi
Sími: 567-0399
Vefpóstur: harpan@harpan.is ■





NÓNA ICELAND:

Gullfallegar hekl- og þrjónavörur fyrir barnið

Hjá barnafatamerkinu Nóna Iceland má eflaust finna þær allra fallegustu og krúttlegustu þrjónaflikur sem Ísland hefur upp á að bjóða. Flikurnar eru ætlaðar jafnt strákum sem stelpum á aldrinum 0–8 ára og fást í fallegum mildum litum úr guðdómlegri merinoull. „Nafnið Nóna kemur úr fjölskyldunni, en gullið hún amma mín sáluga var mikil þrjónakona og var alltaf kölluð Nóna. Mamma mín er sömuleiðis fyrirmyndarþrjónakona sem og ég sjálf,” segir Sif Vilhjálmsdóttir, eigandi Nóna Iceland.

Að mörgu að huga

Sif hannar sjálf þessar fallegu flikur. Það er að mörgu að huga þegar kemur að því að hanna þrjónaða eða heklaða flik. „Það er enginn að finna upp hjólið þegar kemur að þrjónahönnun, en þetta tekur allt mjög langan tíma; allt frá því að ég fæ hugmynd í kollinn þangað til flik er fullkláruð og tilbúin í sölu. Það þarf að finna hvaða garnþykkt hentar, lykkju-fjölda, sentimetra og ýmis smáatriði. Svo þarf að fullklára flik og láta barn máta og helst nota í smá tíma til að sjá eiginleika vörunnar og vita hvort það megi bæta og breyta,” segir Sif. Vörunnar eru frá því að vera fyrir allra minnstu krílin og upp í átta ára. Sif segist þó framleiða þónokkuð af sérpöntunum fyrir eldri krakka og stundum fyrir fullorðna.

Fjölskyldan hjálpast að

Nóna Iceland er sannkallað fjölskyldufyrirtæki þar sem allir hjálpast að þegar mikið liggur við. „Ég framleiði mestan hlutann ásamt tengdamóður minni. Tengdamamma hefur verið algjör klettur í þessu öllu saman, enda er þetta sameiginlegt áhugamál okkar. Svo hafa foreldrar mínir staðið þétt við bakið á mér frá því að ég byrjaði, sem er algjörlega ómetanlegt. Einnig virkja ég alla í fjölskyldunni þegar það er brjál- að að gera, til dæmis til sauma merki í, verð- og stærðarmerkja vörur og annað smálegt,” segir Sif.



Mjúk og falleg ull

Merinoullin kemur af merinokindum sem eru upprunalega frá Spáni. Ullin er fingerðari en venjuleg ull og stingur ekki. Þess vegna hentar hún einstaklega vel fyrir litla fólkið. Einangrunareiginleikar merinoullar eru einstakir og þar að auki er hún létt og andar vel. Merinoullin er teygjanleg sem fyrirbyggir að flikur aflagist og krumpist við notkun og hafa viðskiptavinir talað um að flikurnar hreinlega stækki með barninu. „Dúskarnir sem við notum eru úr gervifeldi enda erum við fjölskyldan miklir dýravínir,” segir Sif.

Nánari upplýsingar má nálgast á nonaiceland.is
 Facebook: [nonaiceland](https://www.facebook.com/nonaiceland)
 Instagram: [nonaiceland](https://www.instagram.com/nonaiceland)
 Sími: 770-8121
 Netpóstur: nonaiceland@nona-iceland.is ■





ALLORA:

Grimmdarlaus snyrtivara á góðu verði

Pegar Cover Girl var stofnað 1961 var áherslan lögð á góð dagkrem. Hægt og rólega fór fyrirtækið að hanna og innleiða snyrtivörur í línur sínar samhliða því að framleiða fyrsta flokks dagkrem. Það gleður okkur sérstaklega að Cover Girl er orðið 100% grimmdarlaus eða „cruelty free“. Wet n Wild var stofnað 1979. Snyrtivörumerkið hefur unnið fjöldann allan af verðlaunum þar sem vörurnar frá þeim eru svo mjúkar og góðar á svo marga vegu. Formúlan er endingargóð, merkið er grimmdarlaus, margar vörur frá þeim eru vegan og svo eru vörurnar á ótrúlegu verði!“ segir Sigríður Arnfrjóð, eigandi netverslunarinnar allora.is.

Fagna fjölbreytileikanum

„Við hjá Allora seljum snyrtivörur frá þessum tveimur stóru snyrtivörumerkjum, sem eins og sést, eru að gera mjög góða hluti úti. Í dag erum við öll, og sérstaklega unga kynslóðin, undir stöðugu áreiti samfélagsmiðlanna þar sem misjálkvæðum boðskap er stanslaust miðlað um fegurð og staðalmyndir. Mér fannst mikilvægt að vera góð fyrirmynd og koma jákvæðum skilaboðum á framfæri um hvað það er dásamlegt að vera alls konar. Mér fannst þessi tvö merki eiga heilmikið erindi á íslenskan markað enda frábærar vörur á enn betra verði. Á sama tíma leggja bæði merkin upp úr fagmennsku og vönduðum vörum auk þess að fagna fjölbreytileikanum. Við hjá Allora neitum að trú á því að fegurð sé föst í staðalmynd, hún er ekki innan neins ramma og hún felst svo sannarlega ekki í því að allir séu eins.“



Fullkominn grunnur að flottri förðun

Fyrir góðan grunn undir förðun er fyrst og fremst mikilvægt að nota serum og/ eða gott rakakrem undir allan farða enda er veðrið hér á landi síbreytilegt og húðin viðkvæm fyrir snöggum hita- og kulda breytingum.

„Wet n Wild Photo Focus meikið er vinsælast hjá okkur, enda ótrúlega mjúkt



og endingargott. Það er lykilatriði í því að fá fallega húð sem gerir allt heildarútlitið svo glæsilegt. Við eigum mjög fjölbreytt litauðval af þessu meiki og því ættu allir að geta skartað fallegri, heilbrigðri og jafnri húð yfir hátíðarnar.“



Geggjaður varalitur sem helst á allan daginn

„Það sem setur klárlega punktinn yfir i-ið er Cover Girl Melting pout Mattes varaliturinn sem vann einmitt til Allure-verðlauna núna 2018. Hann er ótrúlega mjúkur þótt hann sé mattur, þurrkar ekki upp varimar og svo endist hann og endist, allan daginn. Við mælum sérstaklega með honum í jólaboðunum þar sem maður er að smakka á góðum mat í góðum félagskap. Það er ekkert leiðinlegra en að þurfa að fylgjast með varalitnum allan daginn og bæta reglulega á.“



Rauðar varir yfir hátíðarnar

„Það er svo gaman að gera sig fina fyrir jól og áramót og þá sérstaklega þegar kemur að förðun, því hún getur haft svo mikil áhrif á heildarútlitið. Það er auðvitað mjög einstaklingsbundið hvað hentar hverjum og einum og við hjá Allora leggjum upp úr og fögnum fjölbreytileikanum með breiðu vöruúvali. En það sem er sigldast yfir hátíðarnar er auðvitað rauðar varir. Þær eru bara svo afskaplega fallegar og jólalegar. Við mælum sérstaklega með Cover Girl Melting pout mattes og Wet n Wild Mega last liquid catsuit matte sem endast út allt jólaboðið.“




Glitrandi augnförðun til að toppa eldrauðar varir

„Í augnförðun eru brúnir og gylltir litir alltaf vinsælir. Litirnir passa líka fullkomlega með rauðum hátíðlegum vörum. Við eigum svo fallegan gylltan Vitalist Healthy Glow Candlelit highlighter frá Cover Girl sem er fullkominn á augnlokin. Áferðin er frábær og hann glitrar svo hátíðlega.“



Allora



Fallegar gjafaöskjur

„Vörurnar okkar koma í fallegum svörtum öskjum sem auðveldar þeim sem ætla að gefa vörurnar frá okkur í jólagjafir. Þá nægir einfaldlega að setja fina slaufu á öskjuna og þá er gjöfin tilbúin. Annars óskum við hjá Allora landsmönnum fallegra og gleðilegra jóla!“ segir Sigríður.

Hægt er að kaupa Wet n Wild og Cover Girl vörurnar frá Allora á allora.is Skoðuðu: Instagram og Facebook Sími: 848-2234 Netfang: allora@allora.is ■



Tómstundataækin í Ping Pong eru frábærar jólagjafir

Eitt það jákvæðasta sem fólk sér við þessi tæki er að þau fá krakkana frá tölvuskjánum og til að hreyfa sig," segir Sigurður Valur Sverrisson, eigandi verslunarinnar Pingpong.is en þar er mikið úrval af klassískum tómstundatækjum, til dæmis framúrskarandi pílukastsvörur og borðtennisbúnaður. Enn fremur allur búnaður fyrir billjard, snóker og pool.

Mörg af þessum tækjum henta vel í bílskúrinn eða sumarbústaðinn og

þeim fylgir allt sem þarf til að stunda þessa leiki, svo sem spaðar og kjuðar.


Hér gefur að líta nokkur dæmi um frábærlega skemmtileg tómstundataeki úr Pingpong en það er um að gera að koma í búðina og skoða úrvalið betur. Pingpong.is er til húsa að Síðumúla 35 (gengið inn að aftanverðu). Verslunin er opin virka daga frá kl. 12.30 til 18. Símanúmer er 568-3920 og netfang pingpong@pingpong.is. Vefsíða er á slóðinni pingpong.is. ■



4 og 5 stjörnu spaðar frá STIGA á tilboði: 7.981 og 9.919 kr.




Úrval af frábærum Bulls-pílukastspjöldum frá 7.920 kr.



Úrval af pool-borðum



Borðtennisborð frá STIGA



Pílukastköskur frá Bull's

Einstök upplifun í Hydra Flot Spa er uppáhaldsgjöfin í ár

Hydra Flot Spa er einstök heilsulind sem hefur vakið mikla athygli og þör og hjón sækja mikið í. Þar eru sérstakir flottankar þar sem gestir njóta þess að fljóta um í þyngdarleysi, en vatnið er blandað nærandi Epsom-salti og hitastig er það sama og húðin, sem veitir þá upplifun að sviðið sé um í draumkenndu þyngdarleysi.

Aðrir sem sækja mikið í þessa einstöku heilsulind fyrir utan hjón og þör eru ófrískar konur, listafólk, íþróttafólk, fólk úr viðskiptalífinu, vaktavinnufólk, námsmenn og eldri borgarar. Allir njóta þessir hópar ólíkra kosta heilsulindarinnar. Sumir eru að leita eftir innblæstri, aðrir eru að hlaða batteriin, losa sig við streitu og hvílast.

„Þetta fór fram úr minum vonum var alger snilld. Svaf eins og engill í nótt. Náði magnaðri slökun og fann hvernig vöðvarnir drukku í sig næringu úr epsonsaltinu. Ég er dolfallinn og mun gera þetta reglulega.“ – Baldur E.

„Besta sem ég hef nokkur tímann upplifað. Allur kvíði fór og þetta er en að virka 4 tímum eftir á. Mæli með þessu. Þetta er algjör lúxus.“ – Hulda K.

Einstakt tilboð sem gildir eingöngu út desember:

Mikill afsláttur og hverri pöntun fylgir frír gjafapakki með lúxusboxi og baðsalti eða ilmolíumeðferð. Gjafabréf og aðildarkort renna ekki út og hægt er að deila þeim. Þess má geta að Hydra er að stækka og verður bætt við stöðum og herbergjum á næsta ári. Sjá nánar um gjafapakkana og fleira á jola.hydraflot.is. Þar er einnig hægt að panta gjafapakka. Gjafirnar eru sóttar að Rauðarárstíg 1 og er opið til kl. 14 á aðfangadag.

Lokað á áreitið um stund: dásamleg hvíld

Það er áhugaverð og heillandi hugmynd að svipta mann um stund öllu áreiti, að loka á skynfærin og vera fullkomlega einn með sjálfum sér um leið og líkaminn fær dásamlega hvíld. Þetta er eitthvað sem fólki finnst spennandi að prófa og þeir sem hafa gert það eru mjög hrifnir af upplifuninni og



áhrifunum á líkama og sál.

Sjá nánar á vefsíðunni hydraflot.is og Facebook-síðunni [Facebook.com/hydraflot](https://www.facebook.com/hydraflot). ■





BETRA LÍF Í JÓLASKAPI:

Hefur stutt við andlegan þroska í þrjá áratugi

Flestir, ef ekki allir, sem hafa áhuga á andlegum þroska og vilja bæta líf sitt þekkja til verslunarinnar Betra Líf sem verður 30 ára á næsta ári. Guðrún Bergmann stofnaði verslunina árið 1989 og var hún fyrst staðsett við Laugavegin. Síðar seldi Guðrún verslunina Snæfríði Jensdóttur sem hefur rekið hana síðan. Verslunin er nú staðsett á þriðju hæð í Kringlunni.


Í Betra Líf færðu gjafir handa þeim sem þú vilt færa kærleika og ljós. Þar má nefna hugleiðsludiska og slökunartónlist, orkusteina, mikið úrval af reykelsi, bækur sem rækta andann, pendúla, draumanet, náttúrulegar snyrtivörur og oliur, skartgripir, englastyttur, saltsteins- og selenít-kertastjaka og dagbækur.

Gott dæmi um bækur sem eru til sölu í versluninni er ný bók eftir stofnandann, Guðrúnu Bergmann: Jákvæðar hvatningar – Til daglegra nota. Guðrún gaf bókina út núna fyrir jólin og er hún eingöngu til sölu í Betra Líf.



sem eru hin fullkomna jólagjöf fyrir alla, fást einnig í Betra Líf í ýmsum stærðum.

Betra Líf þjónar þér með kærleika, gleði og ljósi. Eigðu notalega stund með okkur í versluninni á þriðju hæð Kringlunnar nú fyrir jólin og þú finnur áreiðanlega gjöf sem nærir og gleður lengi. Sjá nánar á á Facebook-síðunni Betra Líf. ■



Viltu láta spá fyrir þér?

Í Betra Líf fæst fjölbreytt úrval af tarotspilum, spáspilum og engla-spilum. Einnig fást spil til draga fyrir hvern dag, jákvæð gullkorn bæði á íslensku og ensku.

Ef áhugi er á að láta spá fyrir sér þá er hægt að panta tíma í versluninni hjá Ragnheiði Ólafsdóttur spámiðli.

Saltsteinslamparnir sívinsælu,





ONESYSTEMS:

Íslenskt fyrirtæki sem þróar íslenskan hugbúnað

OneSystems er íslenskt fyrirtæki sem þróar íslenskan hugbúnað fyrir íslenskar aðstæður og þróar hann á Íslandi," segir Ingimar Arndal, sem hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra fyrirtækisins frá upphafi. Fyrirtækið var stofnað árið 2002 og sérhæfir sig í að bjóða upp á upplýsingatæknilausnir sem bæta og efla starfsemi fyrirtækja og auka skilvirkni og framleiðni. „OneSystems stefnir að því að viðskiptavinir og notendur kerfanna geti verið að mestu sjálfbjarga með daglegan rekstur á kerfunum, svo sem að stilla upp ferlum, verkum og sniðum að bréfum, vefeyðublöðum og svo framvegis," segir Ingimar.

OneSystems fyrir alls konar fyrirtæki

OneSystems býður upp á allt að 70 mismunandi kerfiseiningar sem hægt er að raða saman allt eftir þörfum viðskiptavinarins og með það að markmiði að lausnin henti flestum fyrirtækjum og stofnunum. „Það er því auðvelt og fljótlegt að laga One-kerfin að þörfum viðskiptavinar-

ins," segir Ingimar og bendir á að hugbúnaðarlausnir OneSystems séu afar sveigjanlegar og falli vel að fyrirtækjum og stofnunum í örum vexti. „Stækkanlegar hugbúnaðarlausnir okkar hjálpa fyrirtækjum við að halda kostnaði og áhættu niðri með því að byrja smátt og stækka síðan auðveldlega eftir því sem aðstæður breytast." Meðal ánægðra viðskiptavina OneSystems má nefna öll helstu sveitarfélög landsins og margar af stærri ríkisstofnunum, en einnig eru mörg einkafyrirtæki búin að taka One-kerfi í notkun.

Smíði vefumsókna án forritunarkunnáttu

OneSystems byggir eins og áður sagði á 70 mismunandi kerfiseiningum sem virka á mismunandi hátt. „OnePortal Self-service vefgáttin gerir til dæmis fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólarhringinn, allt árið um kring. Rafrænir innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir t.d. íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sjálfa sig á sjálfvirkan máta

með innsendingu umsókna og erinda á vefnum. Með eyðublaðasmíð geta viðskiptavinir sjálfir búið til sín eigin umsóknareyðublöð og tengt þau við innri ferla sem viðskiptavinir geta einnig gert sjálfir," segir Ingimar.

Sambætting hugbúnaðarkerfa og nýjasta forritunartækni

Hugbúnaður OneSystems er hannaður samhliða nýjstu forritunartækni til þess að keyra auðveldlega með helstu uppsetningum, hugbúnaði og stöðlum. „Með nýjstu tækni geta hugbúnaðareiningar OneSystems átt samskipti við hugbúnað frá þriðja aðila í gegnum internetið. Við byggjum lausnir okkar ofan á Microsoft Windows-miðlara, Microsoft SQL-gagnagrunn og vafra fyrir viðmót kerfanna. Einnig sérhæfum við okkur í hlutbundnum, stækkanlegum alhliða lausnum. Kerfin nota „Single Logon“ IWA – Integrated Windows Authentication til auðkenningar og innskráningar. Auk þess vinna kerfin mjög vel á móti Microsoft Office, Outlook, Word og Excel.“

Róbotalausnir – spennandi nýjung

OneSystems hefur nýlega tekið upp spennandi nýjung sem bætir enn fremur skilvirkni og sjálfvirkni í opinberri stjórnýslu. „OneSystems hefur undanfarin ár þróað lausnir í sjálfvirkum róbotalausnum, sem kemur í stað handavinnu við skjalavinnslu, mál, erindi, umsóknir og umsýslu. Slíkt getur sparað allt að 40% af vinnu starfsmanna sem geta þá sinnt eftirliti fremur en tímafrekri handavinnu.

Nánari upplýsingar um OneSystems má finna á one.is

Síðumúla 21 (Selmúlamegin), 108 Reykjavík.

Sími: 588-1050 og 660-8551
Opíð alla virka daga 9-17. ■



BREATH
FOCUS
BALANCE
Keep your focus clear & eyes on the prize
CONCENTRATE

SET GOALS
MEDITATE
GIVE
LISTEN
If one arm gets hurt HOLD YOUR SWORD with the healthy one

SHAPE YOUR LIFE AND BODY

Create

Work Play
Experience
Follow YOUR dreams
Keep your distance no more then swords length from your opponent

EMBRACE YOUR QUALITIES
BE YOUR OWN COMPETITION
NEVER NEVER NEVER GIVE UP

Passion



Eir - Upphitunarjakki

Eir upphitunarjakki er æðislega þægilegur aðsniðinn léttur jakki sem er gott að hendast í fyrir og eftir æfingar. Efnið andar vel, mjúkt teygjanlegt burstað efni, svona létt flís sem er sérstaklega þægilegt viðkomu.



Íslensk hönnun á æfingafatnaði. Okkar markmið er að styðja við og efla heilsusamlegan lífsstíl með vönduðum og flottum æfingafatnaði sem lætur fólki líða vel.

Brandson vinnur með íslenska sögu og menningu. Til að mynda heita allar vörlínur kvenna eftir valkyrkjum og karlalínur eftir víkingum. Þetta á sérstaklega vel við þar sem forfedur okkar voru engir aukvisar

Gunnar - T-bolur

Frábær T-bolur sem er hannaður úr COOLMAX® efni sem er eitt af því besta sem völ er á fyrir öndun og rakadrægni.



Ivar - Stuttbuxur

Ivar - compression tights

Eir - Æfingabuxur

Eir æfingabuxurnar eru mjög sérstakar buxur. Ef þú hefur ekki prófað þessar þá mælum við með að setja það á „To-do“ listann.



BRANDSON

Við framleiðum okkar eigin efni og getum því boðið upp á vandaðri og endingarbetri efni en þeir sem eru að kaupa inn tilbúin efni á markaði.

Brandson er fyrirtæki sem var byggt upp úr engu af hönnuðinum og hefur bara vaxið og dafnað út frá fyrstu vöru sem var sett á markað 19. apríl 2016.

Vörumerki með öðruvísi nálgun, vörumerki sem þorir að standa út úr og taka áhættu.

Við erum BRANDSON

Sigrún - Æfingajakki

Einstök djörf hönnun á æfingajakkanum Sigrún kemur mjög skemmtilega út og inniheldur ýmsar tilvitnanir og hvatningarorð. Á jakkanum eru tveir vasar á hliðum sem hægt er að loka með rennilás

Sigrún - Æfingabuxur

Frábærar buxur sem henta vel hvort sem á æfinguna eða bara fyrir daglega notkun. Sérstaklega þægilegar og flottar buxur.



Bækur fyrir hugrakka og fróðleiksfúsa krakka

Rósakot er lítil en metnaðarfull bókaútgáfa sem gefur aðeins út barnabækur. Markmiðið er að glæða áhuga á lestri og auka lesskilning með því að bjóða upp á áhugaverðar og spennandi bækur sem fræða,

þroska og skemmta ungum bókaormum.

20% afsláttur

Rósakot er í jólastuði og langar að gefa lesendum DV 20% afslátt af öllum bókum í vefverslun verslun.

rosakot.is frá 14.–18. desember með kóðanum JOL18. Bækurnar frá Rósakoti eru seldar í öllum helstu bókaverslunum en einnig í vefverslun – verslun.rosakot.is. Rósakot sendir fritt um land allt. ■



Sígildar myndasögur - Drakúla


■ nnbundin bók í nýjum flokki sem nefnist Sígildar myndasögur. Sú fyrsta í röðinni er Drakúla byggð á sögu Bram Stoker.

Hátt í fjöllum Transylvaníu býr hinn ískyggilegi Drakúla greifi. Þegar Jonathan heimsækir kastalann kemst hann á skoðir um hvaða mann greifinn hefur raunverulega að geyma. Getur vampírubarninn, prófessor Van Helsing, komið Jonathan og félögum hans til hjálpar og hindrað að Drakúla greifa takist ætlunarverk sitt áður en það er um seinan?

Ögnþrungin spenna frá fyrstu til síðustu blaðsíðu. Vönduð myndasögubók með frábærum teikningum fyrir krakka sem þora, 9 ára og eldri! Bókin er kærkomin viðbót fyrir unga lesendur sem vilja bitastæðar, sígildar sögur.

■ 4.300 kr.

■ 104 bls.



Stjáni og stríðnispúkarnir - Myrkraverur

■ nnbundin bók í nýjum flokki sem nefnist Stjáni og stríðnispúkarnir.

Bókin Myrkraverur er sú fyrsta í röðinni.


Stjáni reynir að halda sér vakandi til þess að verjast skrimslunum sem búa í myrkrinu. En hvað er eiginlega á seyði? Hann heyrir mjóróma, skræka rödd og sér pinulítill fjólublá fótspor á

bókahillunni sinni. Þorir Stjáni að horfast í augu við sannleikann?

Bækurnar um Stjana eru spennandi valkostur fyrir krakka sem eru að ná góðum tókum á lestri. Skemmtilegt ævintýri sem allir hafa gaman af.

■ 2.450 kr.

■ 79 bls.



Litum og leikum með Binnu - Litum og leikum með Jónsa

■ ú geta aðdáendur Binnu og Jónsa loks dundað sér við að leysa þrautir, lita og teikna með söguhetjunum vinsælu.

Í þessum bókum eru myndir til

að lita en einnig er hægt að æfa sig í teikningu og leysa þrautir s.s. orðarugl. Svo má ekki gleyma öllum límmiðunum sem fylgja með.

Þessar bækur eru kærkominar fyrir alla krakka sem lesa

bækurnar um Binna B Bjarna og Jónsa.

■ 1.550 kr.

■ 20 bls.



Kíkjum heim til dýranna

■ inföld og falleg flípaþing í nýjum flokki sem er bæði skemmtileg og fræðandi.

Hér skoðum við með yngstu börnunum hvar og hvernig ýmiss konar dýr búa – í holum, húsum, trjám og líka í

sjónum.

Þessi bók hentar vel fyrir forvitna krakka, tveggja ára og eldri.

■ 2.590 kr.

■ 14 bls.



AMIKAT:

Dagatöl og vatnslitamyndir sem prýða veggj heimilisins

Dagatal 2019 með umbunarkerfi

Dagatalið frá Amikat er hin mesta heimilisprýði en það hannaði listamaðurinn Íris Halldórsdóttir ásamt vinkonu sinni, Dagnýju Skarphéðinsdóttur, grafískum hönnuði. Dagatalið hefur að geyma tólf gullfallegar vatnslitamyndir með skemmtilegu dýrapema og er gott pláss fyrir hvern dag sem hægt er að skrifa inn í. Vatnslitamyndirnar eru ævintýralegar með skemmtilegum sirkusdýrum og fallegum fjöðrum. „Dagatölin falla sérstaklega vel í kramið hjá barnafjölskyldum. Margar stelpur eru að klippa myndirnar út eftir hvern mánuð og hengja upp í herberginu sínu. Einnig fylgja með tvær sérmálaðar límmiðaarkir með skemmtilegum límmiðum fyrir alls konar tilefni. Á meðal límmiðanna eru 24 stjörnur sem tilvalið er að nota sem umbunarkerfi fyrir börnin eða húsbóndann á heimilinu,“ segir Íris og hlær.

Vandaðar eftirprentanir og fallegar nælur

Íris selur einnig fallegar og vandaðar eftirprentanir af ýmiss konar vatnslitamálverkum. „Nýlega setti ég í sölu eftirprentun af einhyrningi sem ég málaði af íslenskum hesti sem ég setti

í örlítið meira töfrandi búning. Myndin er prentuð í takmörkuðu upplagi og fæst afhent bæði í hvítum ramma og í viðarhengi og hentar í jólapakkann hjá ævintýraunnendum,“ segir Íris.

Einnig eru til skemmtilegar eftirprentanir af pöndu og ref og hefur Íris framleitt nælur með þeim myndum auk þess sem hún selur hálsmen með pöndunni. „Þessar smávörur hafa oftast en ekki ratað í poka jólasveinsins eða sem vinkonugjafir í skólanum,“ segir Íris.

Vörurnar má nálgast á heimasíðunni www.amikat.is og er boðið upp á fría heimsendingu á öllum vörum.

Facebook: [amikatdesign](https://www.facebook.com/amikatdesign)

Instagram: [amikatdesign](https://www.instagram.com/amikatdesign) ■





Vandaðar og persónulegar jólagjafir frá Purkhús



Hjá Purkhús fást fallegar og vandaðar vörur sem gaman er að gefa ástvinum í jólagjöf.

Vinsæl keramikdýr

Purkhús selur til dæmis skemmtilegar keramikvörur í dýrsmmyndum frá Quail Ceramics. Þetta eru vandaðar og einstakar vörur handmáláðar í Bretlandi. „Ég byrjaði á að taka þessar vörur inn núna í haust og þær hafa verið mjög vinsælar og selst hratt upp. Til dæmis erum við með blómavasa, veggvasa, salt- og piparstauka, ýmiss konar ílát, könnur og smjördiska með loki.

Einnig er mikið úrval af salt- og pipar staukunum, þar á meðal ýmsar hundategundir og kettir. Vörurnar hafa verið mjög vinsælar í jólagjafir enda eru þær mjög skemmtilegar og öðruvísi. Það er tilvalið að gefa vini sem á labradorhund, salt- og piparstauka sem eru eins og labradorhundur,” segir Sara Björk Purkhús. Quail Ceramics vörurnar má nálgast á vefsíðu Purkhús.

Stórskemmtileg kindaveggspjöld

Kostulegu kindaveggspjöldin frá ByOlafsdóttir eru færæysk hönnun. Harriet Olafsdóttir er bóndi í Færeyjum og hefur hún tekið myndir af kindum á bænum sínum og unnið þær. Hún útbjóg einnig blómakórónurnar sem kindurnar skarta sjálfar. Veggspjöldin eru prentuð í Færeyjum á afar fallegan og vandaðan pappír og afhendast í fallegum pappahólkum og eru því tilvalin gjöf.

„Það eru líka mjög skemmtilegar sögur á bak við hverja kind. Bambi er til dæmis blind kind sem býr á litla bænum hjá Harriet og fjölskyldu. Áður en hún kom þangað fannst hún í skurði, öll úti í mold og varla með lífsmarki. Nú nýtur hún lífsins sem gæludýr fjölskyldunnar á Æðuvík í Færeyjum,” segir Sara. Öll veggspjöldin má sjá á vefsíðunni.


Veglegir vinningar í boði

Vefverslunin Purkhús heldur úti stórsniðugu jóladagatali fyrir netklúbbfélaga sína. Það eina sem þarf að gera er að skrá sig í netklúbbinn og eru svo dregnir út veglegir vinningar daglega alveg fram að jólum. Skráðu þig í netklúbb Purkhús á vefsíðu Purkhús og eigðu kost á að vinna veglega vinninga.

Nánari upplýsingar má nálgast á purkhús.is


Purkhús er með vörurnar sem minnst er á í greininni og margt fleira til sýnis og kaups í glæsilegu sýningarrými að Ármúla 19, 2. hæð. Opnunartíma má finna á vefsíðunni purkhús.is.

Facebook: www.facebook.com/purkhus/
Instagram: www.instagram.com/purkhus/





VINSÆLAR HÓPFERÐIR



1. - 4. maí
Mercedes Benz
Arena
**ROD
STEWART**
Í BERLÍN
Premium sæti
á tónleikunum

Kr. 134.900
M.v. 2 í herb.



2. - 5. mars
í Mercedes Benz
Arena
**POST
MALONE**
Í BERLÍN
Fararstjóri:
Herra Hnetusmjör

Kr. 109.900
M.v. 2 í herb.

Beint flug með Icelandair ásamt farangursheimildum. Rúta til og frá hóteli.
Gist á hinu glæsilega Steigenberger á besta stað í Berlín og miði á tónleikana.

Beint flug með Icelandair ásamt farangursheimildum. Rúta til og frá hóteli.
Gist á Holiday Inn Express Alexanderplatz í Berlín og miði á tónleikana.



1. - 4. mars Old Trafford
Man Utd - Southampton
Kr. 129.900
M.v. 2 í herb.



7. - 10. mars Anfield
Liverpool - Burnley
Kr. 139.900
M.v. 2 í herb.



15. - 18. mars Old Trafford
Man Utd - Man City
Kr. 149.900
M.v. 2 í herb.



29. mars - 1. apríl Anfield
Liverpool - Tottenham
Kr. 139.900
M.v. 2 í herb.



26. - 29. apríl Old Trafford
Man Utd - Chelsea
Kr. 139.900
M.v. 2 í herb.



10. - 13. maí Old Trafford
Man Utd - Cardiff
Kr. 129.900
M.v. 2 í herb.

Innifalið: flug og farangursheimildir með Icelandair til Manchester flugvallar, rúta til og frá flugvelli, 4 stjórnú hóteltgisting með morgunverði, miði á leikinn og íslensk fararstjörn.

Upplýsingar um allar ferðir er á visitor.is


Visitor
FERÐASKRIFSTOFA



HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



„Allt var ömurlegt í gamla daga“

■ Fólk skiptir ekki um stjórnmalaskoðanir ■ Vændiskona í símaklefa eyðilagði jóla

NOKIA

ÍMYND
GLÆSILEIKANS

Nokia 7.1
Með öllu því
nýjasta frá Google

- 12 mp tvöföld ZEISS myndavél
- full hd+ 5.84" hdr skjár
- 4/64gb minni

androidone



ZEISS

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Sif Sigmarsdóttir er meðal þekktustu pistlahöfunda landsins. Hún hefur lengi verið búsett í Bretlandi og skrifar bækur fyrir börn og unglínga. Nýverið gaf hún út bókina Sjúklega súr saga til að kenna yngri kynslóðinni sögu Íslands á þeirra forsendum. DV ræddi við Sif um bókina, æskuna, stjórnmal og áfallið sem var Brexit.

Fortíðin var súr

„Ég vildi kveikja söguáhuga hjá krökkum,“ segir Sif. „Ég held að mjög mörgum krökkum finnist saga leiðinleg. Það er vel skiljanlegt því að við förum oft illa með söguna. Þau sjá þetta sem þurra upptalningu á atburðum og ártölum. Ég vildi sýna þeim að sagan er í raun og veru ótrúlega skemmtileg.“

Dvínun lestrar hjá börnum og ungu fólki er alþekkt vandamál og Sif vill hjálpa til við að sporna við þeirri þróun. Bækur eru í harðri samkeppni um tíma barna og unglínga við sjónvarp, tölvuleiki og samfélagsmiðla.

„Besta leiðin til fá krakka til að lesa er að bjóða þeim upp á bækur sem eru skemmtiefni. Eins og góður sjónvarpsþáttur sem maður gleymir sér yfir. En við höfum hingað til alltaf verið að segja krökkum hvað þau hafa gott af því að lesa. Bækur

hafa verið eins og brokkolí. Við troðum þeim ofan í kokið á þeim og það drepur áhugann. Af hverju þurfa bækur að vera gagnlegar? Ég segi að markmiðið eigi að vera að börn geti lesið sér til skemmtunar, þá fylgir gagnið með.“

Sif fékk skopmyndateiknarann Halldór Baldursson, samstarfsmann sinn af Fréttablaðinu, til að myndskreyta bókina. Hún segist aðeins hafa séð bókina fyrir sér með myndunum hans og ef hann hefði ekki verið fánlegur hefði hún aldrei skrifað hana. Sif segir að bókinn sé fyrir átta ára börn og upp úr. Inni á milli leynast brandarar sem aðeins fullorðnir skilja.

Af hverju er sagan sjúklega súr?

„Ég er orðin svo þreytt á fólki sem segir að allt hafi verið betra í gamla daga. Svo fallett og svo saklaust, allir í sauðskinnsskóm og ekkert sjónvarp á fimmtudögum. En ég held að ekkert okkar myndi vilja hafa verið uppi, til dæmis á Sturlungaöld þegar það ríkti stríðsástand hérna. Ég vildi setja söguna fram og segja frá því hvað sagan er í rauninni súr. Í byrjun bókarinnar er börnum seld bókinn sem vopn gegn öllum þeim sem segja að allt hafi verið betra áður fyrr. Þetta er gegnumgangandi þema í bókinni, hvað sagan er súr og hvað allt var ömurlegt í gamla daga,“ segir Sif og hlær.

Sif segist einnig hafa viljað setja Íslandssöguna fram á mannlegan



um margra ára skeið. Þeir fyrstu birtust í viðskiptablaði Morgunblaðsins í kringum 2003. Síðar fór hún að einbeita sér meira að stjórnmálum og hefur hún skrifað bæði fyrir Fréttablaðið og RÚV.

„Ég skrifa þetta fyrst og fremst til að skemmta sjálfri mér. Vonandi næ ég að skemmta einhverjum öðrum annað slagið í leiðinni. Ég skrifa ekki til þess að reyna að fá fólk til að skipta um skoðun á neinu. Það er ekki hægt.“

Sif vísar þá í bandaríska taugalækningarannsókn sem hún kynnti sér fyrir nokkru.

„Fólk skiptir ekki um skoðun í lífinu, sérstaklega ekki þegar kemur að stjórnmálum. Þegar fólk voru sýndar sannanir sem sýndu fram á að það sem það hélt fram væri rangt, skipti það samt ekki um skoðun. Þegar fólk var sett í heilaskanna kom í ljós að heilastöðvarnar sem ákvarða sjálfsmynd og meta hættu verða virkar þegar stjórnmálaskoðanir eru dregnar í efa. Vísindamennirnir komust að þeirri niðurstöðu að það er ekki sannleikurinn sem við stöndum vörð um þegar við rökræðum um stjórnmál heldur ættbálkurinn. Að falla í hópinn skiptir meira máli þegar kemur að því að lifa af heldur en að fara rétt með staðreyndir. Það má því segja að stjórnmálaskoðanir séu eins og trúarskoðanir. Þær eru annars vegar hluti af sjálfsmynd okkar og hins vegar skipta máli þegar við ákveðum hvaða samfélagshópi við viljum tilheyra. Ef maður breytir stjórnmálaskoðun er maður að breyta sjálfum sér.“

Sif segist alltaf skrifa um eitthvað sem brennur á henni en aldrei í reiði. Aldrei gæti hún skrifað um eitthvert málefni umbeðin ef hún hefði ekki áhuga og sannfæringu fyrir því.

„Ég er með pistilinn á heilanum alla vikuna og alltaf að fylgjast með til að finna næsta mál til að taka fyrir. Í rauninni eyði ég allt of miklum tíma í þetta og allt of mikilli orku. En mér finnst þetta svo skemmtilegt að ég get ekki hamið mig,“ segir Sif og skellir upp úr.

Leift að vera þrjósk og frek

Sif er fædd árið 1978 og alin upp í Reykjavík. Dóttir lögfræðings og húsmóður, elst þriggja systkina.

„Æska mín var viðburðalítill og ég tel að það hafi verið mikið lán. Ég var ósköp venjulegur krakki. Ég tók það snemma í mig að ég ætlaði að verða rithöfundur og blaðamaður. Þegar ég var tíu ára hneppi ég bræður mína í þrældóm og fékk þá til að vinna með mér að tímariti sem hét hinu frumlega nafni Penninn. Við framleiddum þetta heima en ævintýrinu lauk þegar þeir fóru í varanlegt verkfall. Þeim fannst þetta svo leiðinlegt,“ segir Sif kímín.

„Móðir mín sagði að ég hefði verið mjög þrjósk. Þegar ég fékk hugmynd og ákvað eitthvað þá varð það að gerast strax. Það má segja að hún hafi ræktað þessa þrjósku í mér og tekið undir hana, hún leyfði mér að vera þrjósk og frek upp að vissu marki.“

Sif gekk í Hvassaleitisskóla, Menntaskólann í Reykjavík og svo sagnfræðideild Háskóla Íslands. Hún hafði mikinn áhuga á tónlist og söng.

„Ég var trúleysingi í kirkjukór. Framan af söng ég með Graduale kór Langholtskirkju og seinna Langholtskirkjukórnum. Ég valdi það sem lokaritgerð í sagnfræðinni að skrifa um tónskáldið Jón Leifs. Það var af því að ég kynntist verkum hans í kórastarfinu.“

Varstu í einhverjum hljómsveitum?

„Nei. Ég átti mér alltaf draum um að syngja með hljómsveit en ég var aldrei nógu kúl,“ segir Sif og hlær. „Ég var aðeins of mikill nörd.“

Bestu partíin í pólitíkinni

Með pistlum sínum tekur Sif virkan þátt í stjórnmála- og þjóðfélagsmæðunni. Á sínum yngri árum var Sif virk innan Ungra jafnaðarmanna, ungliðasamtaka Samfylkingarinnar. Stýrði hún þar vefritinu Pólitík.is.

„Ég byrjaði að taka þátt í pólitík um það leyti sem ég gekk í háskólann. Þá starfaði ég innan stúdenta-hreyfingarinnar Röskvu. Þetta var nú samt aðallega gert til að komast í góð partí. Ég hef brennandi áhuga á pólitík en ég er ekki flokksbundin í dag. Ég kys þann flokk hverju sinni sem mér finnst vera að berjast fyrir sniðugum og góðum málum. Mér finnst rökræður sérstaklega skemmtilegar. Bestu partíin eru þar sem fólk stendur, borðar góðan mat, drekur gott hvítvín og á rökræðum um stjórnmál.“

Sif segist vera miðjumanneskja þótt margir myndu sennilega skilgreina hana sem jafnaðarmann.

„Mörgum finnst miðjan vera leiðinleg og ekki nógu tilkomumikil. Á miðjunni sé fólk of skynsam. Það er miklu auðveldara að selja öfgaskoðanir, bæði til vinstri og hægri, og kveikja í fólk með þeim.“

Hvaða málefni skipta þig mestu máli?

„Það er mjög breytilegt eftir því hvar ég hef verið stödd í lífinu hverju sinni. Núna skoða ég til dæmis skóla- og leikskólamáli því að ég á börn sem eru á þessum aldri. Jöfnuður hefur samt alltaf verið númer eitt, tvö og þrjú. Ég veit að íslenskt samfélag kemur vel út þegar súlurit og slíkt er skoðað. En áþreifanlegur ójöfnuður er samt til staðar og það er hægt að gera miklu betur. Margir hafa það alveg ofsalega skítt.“

Hefur þig langað til að feta slóð stjórnmálamannsins?

„Aldrei nokkum tímann,“ segir Sif ákveðin. „Ég dáist að þeim sem að bjóða sig fram í þetta starf. Ég held að þetta sé mjög erfitt og fólk fær ekkert nema skít og skömm fyrir. Persónulega treysti ég mér ekki í þetta. Ég held ég standi áfram á hliðarlínunni.“

Sif hefur vissar áhyggjur af stöðu hógværra og yfirvegaðra afli í íslensku þjóðfélagi og óttast ris hins populíska hægris. Það sé þó langt því frá séríslenskt fyrirbæri og hefur



Ég þekki einn sem getur ekki lengur talað um stjórnmál við föður sinn af því að hann kaus með Brexit

verið að gerast víða í Evrópu og um heiminn allan. Einnig í Bretlandi.

„Þetta er það sem veldur mér mestum áhyggjum þessa dagana. Ég vona að þetta sé bóla sem muni springa. Skoðanakannanir núna gefa mér von um að svo sé en ég fylgist alltaf spennu með öllum kosningum.“

Aumingjaskapur að kalla sig ekki feminista

Líkt og aðrir hefur Sif fylgst grannt með máli sexmenninganna á Klaustri bar. Hún segir að meðal Íslendinga í London sé um fátt annað rætt. Málið sé allt hið vandræðalegasta fyrir Íslendinga.

„Hér er gantast með að Sigmundur sé búinn að kenna öllum öðrum en sjálfum sér um þetta. Hann eigi aðeins eftir að benda á vertinn fyrir að bera allt áfengið í þá. Þetta sé augljóslega honum að kenna.“

Hvernig hefðu viðbrögðin verið ef þetta hefði gerst í Bretlandi?

„Þá væru þessir einstaklingar búnir að segja af sér, þeim væri ekki vært. Þetta yrði ekki liðið af flokksfélögum þeirra.“

Eru Íslendingar kannski komnir skemur á veg í jafnvættismálum en við teljum okkur vera?

„Við stöndum okkur vel í alþjóðlegum samanburði en það er alltaf hægt að gera betur. Klaustursmálið sýnir okkur að kvenfyrirlitning fær ennþá að þrífast í skuggunum, í partíum og hversdagslegum ummælum um konur. Það er mjög rötgróíð vandamál. Á Klaustri bar sat fólk sem gerðist sekt um að segja asnalega hluti. En mesta hneykslið er að þau hafa verið mjög treg til að biðjast afsökunar og viðurkenna að þessi ummæli hafi verið verulega óviðeigandi. Frekar reynt að gera lítið úr þessu. Það er það sorglegasta í þessu öllu saman.“

hátt. Að litlu hlutirnir, sem sleppt er í kennslubókunum, skipti máli og sýni hvernig lífið var fyrir almennig.

„Til dæmis fyrsta bíóið sem tók til starfa árið 1906. Fyrsta myndin sem þar var sýnd var úr jarðarför Kristjáns IX. konungs. Mér fannst þetta myndið og tel að krakkar í dag myndu aldrei sætta sig við það val.“

Skrifar fyrir ungmenni

Sif starfaði sem blaðamaður hjá Morgunblaðinu um tíma. Árin 2006 og 2007 vakti hún athygli fyrir bækurnar um dramadrottninguna Emblu Þorvarðardóttur. Árið 2013 gaf hún út fyrstu bókina í þrileiknum Freyju sögu og þá næstu árið eftir. Allt eru þetta bækur sem stílaðar eru inn á unglunga og ungt fólk. Sjálf flutti Sif út til Bretlands til að læra barnabókmenntir.

„Ég fékk mikinn áhuga á svokölluðum YA (young adults) bókmenntum sem voru þá nýjar af nálinni. Bókmenntir fyrir eldri unglunga og ungt fólk upp í 25 ára aldur. Þarna undir eru til dæmis Hungurleikarnir og Gyllti kompásinn eftir Philip Pullman. Þessar bækur eru gjarnan gefnar út með mismunandi kápu til að höfða fólks á mismunandi aldri.“

Fólk skiptir ekki um stjórnmálaskoðun

Sif er einna þekktust fyrir pistla um þjóðfélagsmál sem hún hefur skrifað

JÓLAGJÖFIN Í ÁR ?


ARC-TIC RETRO

NATÓ ÓL Í ÍSLENSKU FÁNALITUNUM FYLGIR MEÐ ÖLLUM RETRO ÚRUM

VERÐ AÐEINS: **29.900,-**

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Sjúklega súr saga Vopn gegn fortíðarhyggjufólki.



Nú hafa sumir þessara einstaklinga fengið viðurkenningar á sviði jafnréttismála. Heldur þú að jafnréttishugsjónin sé meira í orði en á borði hjá mörgum?

„Ég held að það sé nú oft raunin. Það er auðvelt að tala fallega á einhverri ráðstefnu og fá viðurkenningu. Síðan hagar fólk sér kannski allt öðruvísi heima hjá sér. Það er ekki hægt að meta fólk út frá því hvernig það talar út á við.“

Jafnrétti og kvenréttindabaráttan skiptir Sif miklu máli. Þetta er einmitt málaflakur sem hefur verið mikið í deiglu undanfarna mánuði. Sumir ganga svo langt að segja að eiginlegt kynjastríð geisi í þjóðfélaginu og vígvöllurinn er fjölmiðlar og samfélagsmiðlar.

„Ég er svo sannarlega feministi og skammast mín ekkert fyrir það,“ segir Sif ákveðin. „Ég skil ekki fólk sem vill ekki nota orðið feministi – fólk sem styður samt jafnrétti. Það er ekkert annað en aumingjaskapur.“

Feministar eru stór hópur fólks með mismunandi skoðanir sem allar geta þrífist innan stefnunnar. Þú getur verið feministi án þess að deila skoðunum allra hinna. Það sama gildir um til dæmis stjórnmálaflokka. Fólk innan ákveðins stjórnmálaflokks er ekki sammála um allt. Feminismi er regnhlífarhugtak.“

Ertu sammála því að kynjastríð sé í gangi?

„Nei. Stundum finnst mér baráttan vera óþarflega herská. Ég myndi ekki endilega taka slaginn á þann hátt heldur meira í góðu. Ég skil alveg þegar karlmenn fara í vörn og finnst að sér vegið. En ég tel ekki að það sé stríð í gangi á milli kynjanna.“

Sextán ár í London

Sif hefur búið í London síðan árið 2002 ásamt eiginmanni sínum, Geir Freyssyni. Þau kynntust í háskólanum, giftust árið 2005 og eiga þau saman tvö börn. Geir rekur hugbúnaðarfyrtæki sem hefur starfsemi í

Lundúnabúi



London og á Íslandi.

„Ég fór í nám og svo kom ég ekki aftur til baka. Það var að einhverju leyti planið því að ég er mikill aðdáandi Bretlands og Breta. Sem unglingur kom ég til London og féll algjörlega fyrir borginni. Þá ákvað ég að ég myndi búa hér í framtíðinni. Hérna er allt svo fjölbreytt, bæði útlit fólks og skoðanir.“

Sif og Geir búa í hverfinu Highbury í Islington. Hún segir að það komi mörgum sem heimsækja þau á óvart hversu lítið og krúttlegt það er. Þetta er ekki það stórborgarlíf sem margir eiga von á. Sif segir að þau umgangist fjölda Íslendinga, sem eru dreifðir um alla borgina. Íslendingar hafi einhvers konar radar til að finna hver annan.

Ætlar þú að flytja heim einhvern daginn?

„Þeir Íslendingar sem búa í London og annars staðar í útlöndum enda yfirleitt á að flytja aftur heim. Við erum öll svo miklir Íslendingar inni við beinið. Ég unni

Ég er orðin svo þreytt á fólki sem segir að allt hafi verið betra í gamla daga/Klaustursmálið sýnir okkur að kvenfyrirlitning fær enn þá að þrífast í skuggunum

mér vel hér í London sem stendur, en aldrei að segja aldrei.“

Hvers saknar þú helst?

„Alla vega ekki veðursins,“ segir Sif og hlær. „Auðvitað er það fjölskyldan og vinirnir. Einnig smæðin og stuðningsnetið. Ef eitthvað kemur upp á á Íslandi þá kemur fjöldi fólks sem er viljugt til að hjálpa. Í stórborginni er maður svolítið einn. Í hverfinu mínu þyki ég skrýtin af því að ég býð fólki góðan daginn úti á götu. Bretarnir líta varla í augun á fólk.“

Brexit-þreyta

Brexit, útganga Bretlands úr Evrópusambandinu, hefur verið mál mála síðan sumarið 2016. Þá var hún samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu og síðan hafa bresk stjórnmál verið í ólgusjó. Sif segir að fólk sé alveg að verða uppgefið á umræðunni um Brexit.

„Það er mikil Brexit-þreyta hér. Fólk er hætt að tala um þetta og fólk er hætt að nenna að fylgjast með þessu. Það bíður eftir niðurstöðunni og tekur henni þegar hún liggur fyrir. Hingað til höfum við fylgst með hverju einasta hænuskrefi í þessu máli. Þetta eru of miklar upplýsingar og fólk gefst upp.“

Var kosningin sjálf áfall?

„Já, alveg ótrúlega mikið áfall. Ég bý í frjálsslyndu hverfi í London og enginn hér átti von á þessu. Fólk var virkilega miður sín. Ég hef aldrei séð neinn bregðast við pólitískum atburði af svona miklum tilfinningahita og Brexit. Fólk var að rífast um þetta úti í búð og á götum úti. Það var merkilegt að verða vitni að þessu. Heilu fjölskyldurnar hafa splundrast líka. Ég þekki einn sem getur ekki lengur talað um stjórnmál við föður sinn af því að hann kaus með Brexit.“

Sif segir að ákveðin værukærð hafi einkennt umræðuna fyrir kosninguna. Sjálf hafi hún farið að sofa áður en úrslitin urðu ljós og ekki óráð fyrir því að þetta gæti gerst.

Heldur þú að þetta endi illa og engir samningar náist?

„Stundum velti ég því fyrir mér hvort að lífið gangi ekki sinn vana-gang, sama hvað gerist í pólitíkinni. Ég er mikið á móti Brexit en kannski verður allt eins, þó að það náist engir samningar. Það gæti verið að stjórnmálamaður hafi ekki jafn mikil áhrif og þeir vilja láta fólk halda að þeir geri. Tilviljanir ráði frekar ferðinni.“

Vændiskona í símaklefa

Það er nóg að gera hjá Sif þessa dagana. Það líður að lokafresti til að skila enskri útgáfu bókar sem hún skrifar fyrir Hodder og kemur út næsta sumar.

„Þetta á að heita hernaðarleyndarmál. En líkt og bækur sem ég hef áður skrifað er bókin fyrir YA-markaðinn. Hún er nokkurs konar norræn glæpasaga fyrir ungt fólk með femínskrif fléttu. Ég seldi útgefandanum að þetta væri Girl with the Dragon Tattoo mætir Nancy Drew,“ segir Sif og brosir.

Sif og fjölskylda hennar dvelja síðan á Íslandi yfir jólin, sem er orðin nokkurs konar hefð eftir slæma reynslu þeirra af breskum jólum fyrsta árið sem þau voru úti. Hún segir:

„Bretar halda sín jól 25. desember, en við vorum of miklir Íslendingar til að gera það. Ég kundi ekkert að elda þannig að ég keypti örbylgjukálfinn í Marks & Spencer. Svo reyndum við að gera hátíðlegt með gjöfum og svona. En fyrir utan voru Bretarnir á blindafyllerfi á pöbbum. Þeir rúlluðu út á götu með hávaða og látum. Beint á móti húsinu okkar var síðan vændiskona að stunda sína iðu í símaklefa. Þegar við ætluðum að finna okkur eitthvað skemmtilegt að gera á jóladag var allt lokað og dautt. Við ráfuðum um og vissum ekkert hvað við áttum af okkur að gera. Eftir þessi örbylgju- og fyllerísjól höfum við alltaf flogið heim til Íslands um hátíðirnar.“



Fanntófell

BORÐPLÖTUR OG SÓLBEKKIR

FANNTÓFELL HEFUR SÉRHÆFT SIG Í FRAMLÆIÐSLU Á BORÐPLÖTUM OG SÓLBEKKJUM SÍÐAN 1987



*Óskum viðskiptavinum
og landsmönnum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári*



Kjartan Þór: „Bella bjargaði lífi mínu“

■ Kjartan lenti í sjóslysi ■ Finnur alltaf til, og skynjar kulda sem bruna ■ Hundurinn Bella bjargaði lífi hans

JÓLAGJÖFIN Í ÁR?
ARC-TIC RETRO

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

VERÐ FRÁ:
29.900,-

Erla Dóra
erladora@dv.is



Kjartan Þór Kjartansson eða Kjartan á Múla, er vel þekktur meðal hunda-eigenda í Facebook-hópnum Hundasamfélagið. Þar deilir hann myndum af Bellu sinni sem er glöðlyndur Golden Retriever. Bella er hamingjusamur hundur og Kjartan er umhyggjusamur eigandi. En sagan af því af hverju Kjartan ákvað að fá sér hund og hvaða stefnu líf hans tók eftir þá ákvörðun er hvort tveggja sorgleg og falleg.

Sjómáður frá Vestmannaeyjum lendir í slysi

Kjartan Þór Kjartansson kemur úr Vestmannaeyjum. Hann er kenndur við heimabæinn sinn þar, Múla, Kjartan á Múla, eins og faðir hans á undan honum, og afi hans þar á undan. Kjartan var sjómáður hjá útgerðinni Ós ehf. á skipinu Þór-unnni Sveinsdóttur VE í um tuttugu ár. „Ég var sjómáður þar til ég slas- aðist í janúar árið 2014.“

Kjartan var á sjó þegar hann lenti undir grandarakeðju. „Þarna lá ég undir og man eftir að reyna að grípa klemmdu höndina með hinni því ég hugsaði: „Ég verð að ná að ná höndinni svo þeir geti saumað hana aftur á.“

Höndin var þó enn föst. Kjartan

var vel klæddur, enda kaldur janúar á sjó, og fékk hann aðeins nokkrar skrámur útvortis og að auki voru beinin óbrotin. En innvortis var önnur saga. „Þar fór allt í sundur. Allt sogæðakerfið ónýtt, allar taugar og vöðvinn. Ég gat ekki hreyft fingurna í ár.“

Stöðugur sársauki

Skadinn var mikill og þótt Kjartan geti í dag hreyft fingurna þá finnur hann stöðugt fyrir miklum sársauka. „Í 59 mánuði hef ég ekki fengið einn einasta dag þar sem ég er verkjalaus.“

Ég er búinn að fara í svo margar aðgerðir og meðferðir að þær eru örugglega orðnar á þriðja eða fjórða tug í heildina. Þær voru allar gerðar til að reyna að létta verkina. Þegar slysið varð þá sprakk taugastöð og frá þeirri stöð kemur sársaukinn, þó að ég finni fyrir honum frá höndinni. Allt tauga-kerfið er brenglað. Ég upplifi til dæmis kulda sem bruna, og ef ég held á hlut í einhvern tíma þá finn ég útlínur hans eftir smá stund í höndinni, sem bruna. Ég á erfitt með að vera í fötum því ég finn til þegar þau nuddast við mig og á dögum eins og þessum þá verð ég einfaldlega að taka ákvörðun um hvort ég vilji finna til vegna þess að fötin nuddast við mig, eða klæða mig minna og finna þá til vegna kulda. Ég finn til á meðan ég ►

JBL



GEFÐU GÓÐAN HLJÓM!

JBL HEYRNARTÓL OG HÁTALARAR Í ÚRVALI!

BETRA BORGAR SIG
Opð alla daga fram að jólum.



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

sef, finn fyrir sársauka alla nóttina. Sársaukinn stoppar ekki.“

Allar meðferðir og aðgerðir sem Kjartan fer í eru tilraunir til að deyfa sársaukann.

„Ég fer í þessar meðferðir, allt til að reyna að deyfa þetta. Þeir hafa dælt í mig skuggaefni og sett á mig sérstakan chili-plástur með virka efninu í chili-pípar. Plásturinn átti að brenna taugarnar til að tæma taugaboðin en ég upplifði þá svo mikinn sársauka að ég endaði uppi á gjörgæslu. Sársaukinn var að drepa mig. Hjartslátturinn og blóðþrýstingurinn var kominn út fyrir heilbrigð mörk og það þurfti að deyfa mig svo mikið að það hægðist á önduninni. Hjúkrunarfræðingur þurfti að standa við rúmið mitt og minna mig á að anda. Ég lét mig þó hafa þetta í alls fjögur skipti, bara til að eiga möguleika á þremur til fjórum vikum með minni sársauka. En ekkert virkar, sársaukinn fer aldrei. Skaðinn er bara svo svakalega mikill. Ég hef meira að segja farið í lyfjagjöf þar sem ég fékk ketamín, sem er hrossaeyfilyf. En það virkaði bara í viku.“

Fékk vír í hrygginn

Loksins fundu læknar þó úrræði sem lofaði góðu. „Ég fékk græddan í mig sérstakan vír sem er tengdur við batterí og þræddur í gegnum hrygginn á mér. Ég þurfti að fara út fyrst til að prófa vinnu til að sjá hvort hann hentaði mér. Aðgerðin var gerð með staðdeygingu þar sem ég þurfti að vera vakandi



til að láta lækninn vita hvenær vírinn snerti taugina. Eftir prófunina þurfti ég svo að koma aftur til að láta koma honum fyrir varanlega. Með vírinn í mér fann ég fyrir 80 prósent minni sársauka. En svo færðist hann til og sársaukinn kom aftur. Vírnum var aftur komið fyrir á réttum stað en þegar hann færðist aftur sögðu læknarnir mér að of mikil áhætta væri á að það blæddi inn á mænuna og því væri ekki ákjósanlegt að koma honum aftur fyrir. Ef blæddi inn á mænuna gæti ég lamast eða dáðið. Því lét ég, í samráði við læknana, fjarlægja vírinn.“

Blóðtappar í lungum

En sársaukinn var ekki eini heilsuþrestur Kjartans. „Ég hef tvisvar sinnum fengið blóðtappa í lungun. Í bæði skiptin skiptu tapparnir hundruðum. Ég var hættur að geta andað eðlilega. Fyrst hélt ég að ég væri bara kominn í svona ofsalega slæmt form en þegar ég fór upp á spítala var mér tilkynnt að ég væri nánast við dauðans dyr.“

Ofsalegur sársauki krefst ofsalega verkjastillandi lyfja og Kjartan var þarna kominn á mjög stóran skammt af morfíni og hafði bætt á sig rúmlega fimmtíu kílóum vegna kyrrsetu. „Ég var á skömmum sem hefðu líklega nægt til að drepa fil. Ég er búinn að vera svo lengi á morfíni að líkaminn hefur myndað þol gagnvart því. En ég var á morfíni því annars hefði ég verið öskrandi af sársauka.“

Kjartan skráði í frí til Tenerife og þá fór hann aftur að finna fyrir andþyngslum. Þegar hann komst undir læknishendur kom í ljós að hann var aftur kominn með fjölda blóðtappa í lungun. „Eftir að ég fékk blóðtappana í fyrsta skiptið sögðu læknar við mig að ég þyrfti að fara að hreyfa mig og greinast. Morfínskammtinum mínum var samt haldið óbreyttum. Þarna lá ég bara allan daginn og gerði ekki neitt. Hugsaði bara að ég myndi byrja að hreyfa mig á morgun, en lét svo aldrei verða af því. Svo eftir að ég fékk blóðtappa í seinna skiptið sá læknirinn, sem ég lenti á þá, tengsl á milli morfínsins og tappanna.“

Þurfti að minnka morfínskammtinn

Læknirinn sagði Kjartani að hann yrði að minnka morfínskammtinn og byrja að hreyfa sig. Morfín er afar ávanabindandi og læknirinn vissi því að það yrði erfitt fyrir Kjartan að minnka skammtinn hjálparlaust. „Mér voru gefnir tveir kostir, að gera þetta sjálfur, eða fara inn á Vog til að fá aðstoð. Ég ákvað að fara inn á Vog og þar tókst mér að trappa mig niður þar til ég tók aðeins um þriðjung af skammtinum sem ég var á.“

Kjartan mátti ekki alfarið hætta á morfíninu því hann þarfnast þess vegna verkja. Þegar hann fór inn á Vog var hann enn með vírinn í hryggnum og þurfti því minna af verkjastillandi lyfjum. Eftir að vírinn var tekinn þurfti svo að aðlaga skammtinn að nýju. „Ég er hjá verkjateyminu hjá Landspítalanum, þau taka við erfiðustu verkjunum. Ég er með beina línu við verkjahjúkrunarfræðing og það er hringt í mig að minnsta kosti tvisvar í viku til að taka stöðuna. Ef eitthvað er að þá hringi ég í þau og þarf aldrei að bíða lengi eftir viðbrögðum. Allt sem ég lenti í er svo alvarlegt. Venjulegur læknir hefur einfaldlega ekki tíma fyrir þetta.“

Var orðinn sófakartafla

Áður en að Kjartan slasaðist var hann í fantagóðu formi. „Þegar ég slasast var ég um hundrað kíló og rétt um tólf prósent í líkamsfitu. Ég hljóp maraþon, ég hljóp hálf maraþon í sjóstakk, ég lyfti, ég kleif fjöll, ég gerði allt. Allt. Ég var í últraformi. Ég var að safna fyrir alls konar styrktarfélög og hélt úti síðu þar sem fólk gat heitið á mig í alls konar tilgangi. Þetta var bara það skemmtilegasta sem ég gerði.“

Eftir slysið breyttust aðstæður Kjartans mikið, hann bjó ekki yfir sömu hreysti og fyrir slysið og fyrir séð að hann yrði aldrei samur. Það var eðlilega mikið áfall. „Ég var heppinn að lenda á góðum lækni sem spurði: „Kjartan þarftu ekki að tala við einhvern.“ Ég var bara að taka þetta á sjómennskunni, var ákveðinn að fara aftur á sjó eftir nokkra mánuði, síðan ætlaði ég að fara eftir ár, en að lokum þurfti ég að viðurkenna fyrir sjálfum mér að ég færi aldrei aftur á sjó.“

Læknirinn rak Kjartan í sálfræðimeðferð til að vinna úr áfallinu og lauk Kjartan henni nýlega.

Bella til bjargar

Þegar Kjartan kom út af Vog og hafði minnkað morfínskammtinn þá þurfti hann að fylgja læknisráði og fara að hreyfa sig. Þá kom upp sú hugmynd að hann fengi sér hund. „Ég myndi þurfa að fara með hann út á hverjum degi.“ Þá fékk Kjartan Bellu sína. „Ég fékk hana og fór að hreyfa mig. Síðan þá hef ég misst um 25 kíló.“

Bella hjálpar Kjartani þó með meira en hreyfingu. „Eftir að ég fékk hana þá varð ég ekki lengur jafn einmana. Ég var svo einn áður, það var hræðilegt.“

Kjartan á góða vini og vanda menn, en þeir eru þó uppteknir af eigin lífi, í vinnu eða skóla, sem Kjartan getur ekki stundað. „Ég vildi gjarnan geta unnið í kannski svona 2–3 tíma á dag, bara upp á félagsskapinn.“ En vinnan getur haft neikvæð áhrif á örorkubætur og myndi líka valda Kjartani auknum sársauka. Til hvers að leggja það á sig að upplifa meiri sársauka og mögulega lenda í veseni með örorkubæturnar?

Bella léttir líka lundina. Hún hjálpar Kjartani að dreifa hugarum frá sársaukanum og bætir geð með brosmildi og hlýju. „Vírinn er farinn og ég er orðinn svo verkjaldur aftur. Ég get því orðið mjög pirraður. Undanfarið hefur líka verið mikið álag á mér og líðanin eftir því. Þá þarf ég oft bara eitt bros frá henni Bellu, eða knús, til að líða betur.“

Smitandi gleði

Bella unnið athygli blaðamanns vel og meðan á viðtalinu stend-

Hún er svo rosalega glöð að ég verð líka glaður

ur hefur hún fyllt skó af leikföngum, stillt sér upp fyrir myndatöku og náð sér í knús hjá Kjartani. Það er auðvelt að skilja hvað Kjartan meinar þegar hann segir að Bellu fylgi mikil gleði. „Bella bjargaði lífi mínu. Ég hefði verið dauður úr offitu eða einhverju öðru.“

Til að þakka Bellu ákvað Kjartan að hún skyldi fá að eiga frábært líf. Hún er alin á finasta hráfæði og Kjartan fer með hana í göngutúr tvisvar á dag. Hann hefur meira að segja útbúið 20 metra langan taum svo Bella hafi meira svigrúm til að hlaupa og kanna heiminn í göngutúrum.

Bella er hvers manns hugljúfi og fagnar öllum ákaft sem verða á vegi hennar. En hún er líka mikill dýravínur. „Það eru tveir svanir á Vífilstaðavatni sem koma alltaf til okkar þegar ég og Bella komum upp að vatninu. Ég er búinn að nefna þá Rómeó og Júliu. Þeir synda nánast alveg til okkar til að heilsa upp á Bellu. Ef hún sér hesta þá missir hún sig úr gleði. Þeir skokka til okkar þegar við komum nálægt girðingunni og heilsa henni. Bella hleypur og hleypur og finnst þetta ægilega gaman á meðan þeir leika við hana yfir girðinguna, hún geltir ekki á þá eða neitt, heldur virðist bara hugsa „vá nýju bestu vinir mínir, risastórir hundar.“

Við ferðumst líka rosalega mikið. Ég er með fellihýsi og hún sefur með mér þar. Í sumar fórum við í tíu útilegur og í þeirri síðustu vorum við í heila viku. Bella er búin að heimsækja alla helstu ferðamannastaði landsins. Hún er eiginlega aldrei ein, hún getur verið ein en það er sjaldan þörf á því. Í þessu fáu skipti sem hún er ein heima þá fer hún bara og leggur sig. Hún er svo rosalega glöð að ég verð líka glaður.“

Er gífurlega þakklátur

Það er lán fyrir Kjartan að eiga góða að. Fyrir það er hann gífurlega þakklátur. Þakklátur Bellu, fjölskyldu og vinum og þakklátur fagaðilum í heilbrigðiskerfinu. Fyrirverandi vinnuveitendur hans hjá útgerðinni Ósi ehf. hafa einnig verið honum ómetanlegur stuðningur. „Útgerðin hefur staðið með mér í fimm ár, alltaf. Skiptir engu máli hvað það er, þeir eru alltaf til í að hjálpa. Þeir hafa samband við mig að minnsta kosti einu sinni í viku. Ég vann hjá þeim í tuttugu ár. Ég var ekki bara einhver kennitala á pappír heldur er þeim virkilega annt um mig. Síðan hefur 66°Norður séð mér fyrir útivistarfátnaði og þeim er ég líka mjög þakklátur.“

Kjartan Þór var venjulegur íslenskur sjómaður, jafnvel óvenjulega hraustur íslenskur sjómaður. Í dag glímir hann við krónískan sársauka og er óvinnufær. Ekkert er sjálfgæfið í lífinu, sérstaklega ekki heilsan, en blessuð dýrin geta verið ljós okkar í myrkrinu. Bella er glaðvæg félagi sem styður Kjartan í gegnum stöðugan sársauka. Kjartan er ákaflega heppinn með hund, og að sama skapi er Bella líka ákaflega heppin með eiganda. ■



Skötuþlaðborð á Ránni 23. desember

Það er árleg hefð í sögu Ráarinnar að vera með skötuþlaðborð í hádeginu á Þorláksmessu og verður engin undantekning á því þetta árið

Við komum til með að bera fram skötu einslengi og birgðir endast á Þorláksmessu.

3.900 kr.



Borðapantanir í síma: 421-4601/893-2082

Hafnargata 19 • Ryekjanesbæ
s: 421 4601 • www.rain.is • rain@rain.is



Flutningaþjónusta



**milli Suðurnesja og
höfuðborgarsvæðis**
cargoflutningar.is

- ➔ Suðurnes
- ➔ Reykjavík
- ➔ Suðurnes

*Tvisvar
á dag!*

Helgarkrossgátan



							kvendýr	pikk	gotteri	árfaðir
							frú			
							útfyrir			
								1001 keflaðar		
							útlím			vöðlað
								8		
							spila			
							51			2

krossgátugerð: Bjarnisímí: 845 2510	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bónnuð	hlutverkið	elgur	fæðir		gjaldmiðill	loddara hamla			
	↙						1	↘	miskunnar	10
tóma							fuglana pirraði			
gabbar							glúrin	úræði 2 eins		
49			fjarg- viðrast				6		matar	4 staur
glepja			3				eyddar			
2 eins			sortera	3 eins grunaði				sæmd bægslið		
	↓	sigli fluttar				api stétt				meiddan
tortryggir						harmur				
matur						lævis	litlaus			dreng- skapinn
stappaði							11	vagga hrylli		
brambolt			slæm kexið				ilát sund			
starfrækti				óhappinu						
	kná ámi					dans	9	kámar	kvendýr	datt
		mykja		skjögur	hnútur 2 eins					
mannsnafn				12				viður		líkams- hluti
krydd		5						maður		
spriklað						glamr	7			

- 1
- 2
- 3
- 4
- 5
- 6
- 7
- 8
- 9
- 10
- 11
- 12

Sudoku

Auðveld

8		5	6		2	4	1	
		2	8	1			6	7
	6	3	4				9	2
	8		3					5
	1	4	7	5	6		2	
	5	7		2		1		4
7								8
4	2							
		6			9			

Erfið

3			5					6
	4		6	9				1
	9			7	4	5		2
	5						3	
4			8				1	
						3	6	
		5					9	
	6	2		3	1			
				8	5			7

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...
Pórunn E. Baldvinsdóttir
Lundur 23
200 Kópavogur
Lausnarorðið var **BAUNAGRAS**
Pórunn hlýtur að launum
bókina Löggan



**Í verðlaun fyrir gátu helgar-
bladsins er bókin Hvað er í matinn?**

„Hvað er í matinn?“ er algengasta spurningin á mörgum heimilum. Hverdagsmaturinn er verkefni sem við stöndum frammi fyrir hvern einasta dag – að ákveða hvað eigi að matreiða, kaupa svo inn, undirbúa og elda, og bera matinn síðan á borð fyrir fjölskylduna.

Hér gerir Jóhanna Vigdís tillögur að einföldum, gómsættum og girnilegum réttum fyrir öll kvöld vikunnar. Margir réttanna eru undir ítölskum áhrifum, enda kom hún með fjölda hugmynda í farteskinu frá Flórens, þar sem hún sótti matreiðslunámskeið. Jafnframt hvetur hún alla til að taka þátt í baráttunni gegn matarsóun.

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir er þekkt fyrir að elda ljúffenga sælkerarétti og hefur áður sent frá sér tvær matreiðslubækur, Í matinn er þetta helst og Seinni réttir, auk þess sem hún hefur gert matreiðsluþætti fyrir sjónvarp.

Höfundur: Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir
Magnús Hjörleifsson tók myndirnar af réttunum



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem
auðveldar allt vinnferli við útgáfu og
utanumhald gæðahand- bókar og
skjala.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er
vefgátt sem gerir
fyrirtækjum og sveitar-
félögum kleift að veita íbúum
þjónustu allan sólahringinn, allt
árið um kring. Rafrænar innri ferlar
eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa
eða viðskiptavini, þar sem þeir
geta afgreitt sig sjálfa á
sjálfvirkan máta með
innsendingu
umsókna og
erinda á
vef.



MoReq2


Þróunarstefna OneSystems styður
Moreq2, kröfur evrópulanda um
gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

Tímarvélín



Gamla auglýsingin

Vísir 27. febrúar 1937

SNIFF VARÐ AÐ FARALDRI HJÁ UNGLINGUM

■ Lím, gas og þynnir til að komast í vímu ■ Heilaskaði og eldhætta

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Á fyrri hluta níunda áratugarins gekk yfir sniffaraldur á Íslandi. Voru það mestmegnis unglingar sem notuðu lím, gas, bensín og fleira til þess að komast í vímu. Afleiðingar sniffsins gátu hins vegar verið lífshættulegar og sumir hlutu varanlegan heilaskaða af því. Sniffið hefur aldrei horfið algerlega en hefur þó aldrei náð jafn mikilli útbreiðslu og þá.

Að sniffa eter var algeng iðja á bannárunum Bandaríkjunum. Á sjötta áratugnum fór fólk frekar að nota lím, málningu og bensín til að komast í

vímu. Á áttunda áratugnum var sniff orðið nokkuð algengt í Skandinavíu og í kringum 1980 var sniffið orðið nokkuð vinsælt hér á Íslandi.

Ógerningur að banna

Árið 1979 var farið að skrifa um það í íslenskum blöðum að fjórtán ára unglingar væru að sniffa lím. Á níunda áratugnum jókst umfjöllunin til muna og náði hápunkti árið 1982. Þann 20. janúar það ár var greint frá því að fjórtán ára unglingur lægi þungt haldinn á gjörgæsludeild Borgarspítalans eftir að hafa misst meðvitund við að sniffa. Ekki var vitað hvaða efni hann sniffaði en talið að um lím hefði verið að ræða.

Í þeirri frétt var sagt að faraldur gengi yfir og unglingar notuðu meðal annars lím, bensín, frostlög, kveikjargas og þynni til þess að komast í vímu. Var efnið sett í poka og honum haldið upp að vitum.

„Þetta er ákaflega erfitt vandamál. Efnið eru svo mörg að það er ógerningur að grípa inn í útbreiðslu þeirra með bönnum. Sniffæði hefur skotið upp

kollinum af og til en dettur upp fyrir eins og önnur tiskufyrirbæri. Það eina sem hægt er að gera er að auka fræðsluna í þessum efnum og sýna unglingunum fram á að þetta sé stórhættuleg iðja,“ sagði Skúli Johnsen borgarlæknir.

Það var einmitt vandamálið. Unglingarnir vissu hreinlega ekki hversu hættulegt þetta var. Í þeirra hugum voru efni ekki eiturlyf ef hægt var að kaupa þau úti í næstu bensinstöð. Í Vikunni þann 11. febrúar þetta sama ár sögðu tvær ungar stúlkur:

„Við höfum verið að lesa í blöðunum að það geti verið hættulegt að sniffa af gasi og við höfum heyrt að það væri jafnhættulegt og eiturlyf. Er satt að maður geti orðið aumingi eða dáíð ef maður sniffar? Við þekkjum



Maður verður svo ruglaður daginn eftir af þynninum og bensíninu

nokkra krakka sem sniffa, en höfum eiginlega aldrei gert það sjálfar.“

Bjarni Móhíkani

Vorið 1982 kom út kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Rokk í Reykjavík. Í frægu viðtali við Bjarna Þóri Þórðarson, Bjarna Móhíkana, ræðir hann sniff. Hann var þá í þöknhljómsveitinni Sjálfsfróun, fimmtán ára gamall. Í viðtalinu segir Bjarni frá því hvernig hann útvegaði sér lím og notaði það.

„Sniffið byggist eiginlega upp á því að komast í vímu af mismunandi tegundum. Bensín, þynni, lími. Ad-allega bótalími. Það er hættulegast en gott að sniffa það. Maður fór næstum yfir um á þessu en núna er ég hættur“ og „Það eru dálítið margir sem eru í gasinu aðallega. Þeir dæla því bara beint ofan í sig. Mér fannst vont að sniffa gas af því að það hafði svo leiðinleg áhrif, líka þynnirinn. Leiðinleg eftirköst. Maður verður svo ruglaður daginn eftir af þynninum og bensíninu. Maður getur séð ofsjónir af gasinu. Við vorum einu sinni að sniffa og einum okkar fannst eins og það kæmi hlaupandi kall í gegnum augað á sér og ofan í magann. Hann náði honum ekki út en þegar rann af honum sá hann að þetta var bara rugl sem stafaði af sniffinu.“

Í viðtalinu kvartaði hann jafnframt yfir því að lögreglan hefði gert lím upptækt þegar hann og félagar hans voru að sniffa á Hlemmi. Þegar þeim hafi gengið illa að útvega sér sniffefni og allar bensinstöðvar lokaðar þá hafi þeir gripið til þess ráðs að stela bensíni af bílum.

Sniff var gjarnan fyrsta fíkniefnið sem krakkar komust í kynni við, áður en þeir byrjuðu að drekka, reykja og jafnvel leiðast út í harðari eiturlyf. Skýringin var hversu aðgengilegt og ódýrt þetta var. Engu að síður var sniffið gríðarlega alvarlegt út frá heilsufarslegum ástæðum. Margir leituðu frekar í sniffið en áfengi þar

sem þeim fannst drykkjan ekki gefa nógu mikla vímu. Ofskynjanir voru miklar hjá krökkunum sem sniffuðu. En einnig urðu þeir skapstyggi og uppstökkir. Þeir áttu einnig í sífellt meiri erfiðleikum með að halda einbeitingu og hugsa skýrt. Súrefniskorturinn getur valdið bilunum í öðrum líffærum, svo sem hjarta- og æðakerfinu.

Varanleg áhrif á vitræna getu

Sniffaraldurinn rénaði um miðjan níunda áratuginn og hefur komið í smærri bylgjum eftir það. Um miðjan tíunda áratuginn og miðjan fyrsta áratug 21. aldarinnar var nokkuð um þetta. Þó aldrei jafn mikið og á árunum 1979 til 1986.

DV ræddi við Valgerði Rúnarsdóttur, framkvæmdastjóra lækninga hjá SÁÁ, sem segir að sem betur fer sé sniff óalgengt í dag.

„Það eru notuð lífræn leysiefni, með sterkri lykt, sem geta verið róandi og vímuefandi. Þessi efni eru sérstaklega hættuleg fyrir miðtaugakerfið og heilann. Þetta getur valdið heilaskaða og haft varanleg áhrif á vitræna getu. Þetta hefur haft sorglegar afleiðingar í gegnum tíðina.“

Valgerður bendir á að við sniff geti fólk misst meðvitund og þetta geti verið lífshættulegt. Reglulega komi upp tilvik þar sem gaskútur springur vegna þess að verið sé að sniffa. Í október árið 2008 varð til dæmis mikil sprenging í verkfæraskúr í Grundargerði. Þar brenndust fimm unglingar, þrettán til sextán ára, illa og voru færðir á gjörgæsludeild. Höfðu þau kveikt á kveikjara inni í skúrnum eftir að hafa skrúfað frá gasinu.

„Það er mjög sjaldgæft að það komi fólk inn til okkar í dag vegna þessarar neyslu,“ segir Valgerður. „Ég man samt eftir einstaka sjúklingum hér sem hafa verið með þennan vímuefnavanda.“ ■



Ekki flækja málin.

VIÐ SÆKJUM
BÆTURNAR

SLYSABÆTUR.IS

Suðurlandsbraut 14 • 108 Reykjavík • Sími 588 0188 • slysabaetur@slysabaetur.is



BANAÐI KONU SINNI Í AFBRYÐISEMISKASTI

■ Læknarnir gáttaðir á krufningunni ■ Aðeins 6 ára dómur

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Haustið 1961 átti sér stað óhugnanlegt manndráp á Laugarnesvegnum í Reykjavík. Gekkt Hubert Morthens, sjómaður á fertugsaldri, svo hart í skrokk á eiginkonu sinni að hún lést. Afbrýðisemi var talin ein helsta ástæðan fyrir manndrápinu og sagði hann í yfirheyrslu að hún hefði kallað nafn annars manns í samförum. Hubert hlaut einungis sex ára fangelsisdóm fyrir þótt hann hefði verið metinn fyllilega sakhæfur.

Oft hávaði frá íbúðinni

Árið 1961 bjuggu hjónin Hubert Rósmann Morthens og Ásbjörg Haraldsdóttir við Laugarnesveg númer 118. Þau voru bæði fædd árið 1926, höfðu verið gift í tíu ár og áttu saman þrjú börn. Hjónabandið var hins vegar erfitt og oft-sinnis kom til átaka á milli þeirra, sérstaklega þegar vín var haft um hönd. Nágrannar urðu þess varir því mikill hávaði barst gjarnan frá íbúðinni. Ein af ástæðunum fyrir þessu var afbrýðisemi Huberts.

Hubert var yngsti bróðir söngv-arans Hauks Morthens og starfaði sem sjómaður. Laugardaginn 30. september var Hubert að koma úr siglingu frá Þýskalandi á togar-anum Neptúnusi. Ásbjörg kom niður að höfn til að sækja hann en fór fyrst um borð í Neptúnus. Sátu þau þar við drykkju, bæði á sterku víni og bjór, til klukkan tvö um nóttina. Þá fóru þau heim á Laugarnesvegin.

„Hörmungin“

Eftir að þau komu heim til sín fóru hlutirnir að flækjast en Hubert var einn til frásagnar um atburðina. Hjónin bæði rifust harkalega og elskuðust inni á milli. Þegar komið var fram á morgun og þau höfðu samfarir í annað skiptið kallaði hún nafn annars manns í miðjum klíðum og sagðist hann þá hafa orðið sturlaður af bræði.

Gekkt hann þá í skrokk á henni með berum höndum. Svo harkalega að hún gat ekki staðið. Í yfirheyrslum talaði Hubert um „hörmungina.“ Vegna ölvunar var þessi nótt og morgunn að einhverju leyti í móðu hjá honum. Hann mundi hins vegar eftir því að hafa séð Ásbjörgu liggjandi á gólf-inu og hann hafi borið hana inn í rúm. Þá var hún með lífsmarki.

Börnin þrjú voru sofandi í svefnherbergi sínu en atgangur-inn átti sér stað í stofunni. Ná-grannarnir heyrðu læti en voru vanir þeim og skiptu sér því ekki af. Um hádegið fór Hubert að ranka við sér og sá hann þá Ásbjörgu alblóðuga. Þegar hann ætlaði að þrífa af henni blóð sá hann að ástandið var alvarlegt.

Hringdi hann í frænku hennar sem kom skömmu síðar. Þegar hún sá hvernig komið var hringdi hún samstundis í sjúkrahil. Sjúkrabíllinn flutti Ásbjörgu á slysavarðstofuna og Hubert fór með í bílnum. Frænkan tók börn-in að sér á meðan. Þegar komið var á spítalann var Ásbjörg úrskurðuð látin og Hubert færð-ist ekki undan því að hafa valdið áverkunum. Var lögregla því kölluð til á staðinn og Hubert færður í varðhald.

Eins og eftir bílslys

Áverkarnir á líkinu voru stórvægi-legir og læknar voru gáttaðir á hvernig hægt væri að veita mann-eskju slíkan miska með berum höndum. Í krufningunni stóð:

„Miklir marblettir og hruf í andliti og svo að segja samfelmt mar undir öllu höfuðleðrinu. Þá fundust marblettir á útlimum og einnig á brjósti. Á brjóstkas-sanum fundust þrjú rif brotin og tvö þeirra tvíbrotin. Rifa fannst á þindinni, en það sem hefur valdið dauða konunnar var stór sprunga í lifrinni sem mikið hefur blætt úr.“

Það var áverkinn á lifrina sem læknarnir áttu erfiðast með að skilja. Einn þeirra sagði:

„Slíkar stórkostlegar sprungur á lifur hef ég aldrei séð nema í sambandi við bílslys, til dæmis þar sem hjól hefur ekið yfir mann.“

Fannst þeim líklegast að annaðhvort hefði verið hoppað á konunni eða stokkið á hana úr einhverri hæð. Innvortis áverkar voru mun meiri en þeir útvortis gáfu til kynna.

Íbúðin var einnig rannsökuð af lögreglu. Þar var ekkert brotið eða bramað en blóðslettur á gólfu og veggjum. Einnig hár sem slitnað hafði af höfði Ásbjargar.

Afbrýðisemi talin til refsilækkunar

Eins og áður segir neitaði Hubert því ekki að hafa verið valdur að dauða Ásbjargar, þótt hann myndi illa eftir atburðum næturinnar og morgunsins. Var hann færður

„Slíkar stórkostlegar sprungur á lifur hef ég aldrei séð nema í sambandi við bílslys“

í gæsluvarðhald og látin gangast undir geðrannsókn. Niðurstöður geðrannsóknarinnar voru þær að Hubert væri fyllilega sakhæfur. Hubert var ákærður fyrir manndráp þann 29. desember og rétt-arhöldin hófust í byrjun árs 1962.

Miðvikudaginn 7. febrúar árið 1962 var kveðinn upp dómur í Sakadómi Reykjavíkur. Var Hubert fundinn sekur um að hafa banað Ásbjörgu með því að berja hana og misþyrma illa yfir langan tíma. Ekki hafi hann þó ætlað sér að

Maður varð konu sinni að bana
Ástæður taldar: ölæði og afbrýðisemi

myrða hana. Hlaut hann sjö ára fangelsisvist fyrir.

Dómarinn í málinu, Logi Einarsson, sagði blaðamönnum að skammvinnu ójafnvægi á geðs-munum hefði leitt til refsimildun-ar og að hann hefði verið mjög af-brýðisamur, og það þrátt fyrir að Hubert hafi verið talinn fyllilega sakhæfur. Einnig að hann hafi verið í ölæði, játað strax og ekki reynt að teffa málið á nokkurn hátt.

Hubert áfrýjaði dómnum til

Hæstaréttar sem tók málið fyrir um haustið 1962. Í lok nóvember var kveðinn upp dómur og refs-ingin lækkuð í sex ára fangelsis-vist. Tveir dómáramur skiluðu hins vegar sérákvæði og vildu að úr-skurður Sakadóms stæði óhreyfð-ur.

Hubert giftist aftur árið 1963 og eignaðist tvö börn til viðbótar. Hann lést árið 2010. ■

BJARNDÝR SKOTIÐ Í FLJÓTAVÍK

■ Börnin í hættu ■ Bangsi stoppaður upp og settur á safn

Árið 1974 var bjarndýr skotið í Fljótavík á Vestfjörðum. Átti það ekki nema þrjá til fjóra metra ófarna til manna þegar því var veitt eftirtekt. Frá þessu segir meðal annars í nýútkominni bók, Hvítabirnir á Íslandi, en í henni fjallar höfundurinn, Rósa Rut Þórisdóttir, um alla landgöngu bjarndýra hér á landi, allt frá landnámi til okkar dags, með viðkomu í þjóðsögum um þessar grimmu skepnur og sagnir ýmiss konar. En áfram með frásögnina af bjarndýrinu í Fljótavík.

Björninn hnuðaði af dyrunum

Það var laugardaginn 18. maí að Helgi Geirmundsson skipstjóri, Jón Gunnarsson trésmiður og Ingólfur Eggertsson útvarpsvirki fóru ásamt eiginkonu Ingólfs, Herborgu Vernharðsdóttur, syni þeirra Herði, sextán ára, og tveimur öðrum drengjum, Magnúsi, syni Jóns, og Helga,

báðum ellefu ára, á vélbát frá Ísafirði norður í Fljótavík. Strax eftir landingu fór Herborg með drengina inn að sumarhúsi þeirra að Atlastöðum en karlmennirnir fóru að slysavarnaskýlinu til að huga að jeppabifreið sem þar stóð og var í eigu þeirra. Þar sem þeir hlustuðu á útvarpið og dyttuðu að jeppanum varð einum þeirra skyndilega litið upp og sá þá bjarndýr nokkra metra frá þeim. Mónnunum brá mikið við þetta og snöruðust inn í skýlið. Þeim tókst að grípa haglabyssu með sér inn í skýlið en skotin urðu eftir úti.

Úr skýlinu náðu þeir talstöðvar sambandi við Ísafjörð þar sem þeir sögðu frá aðstæðum sínum og voru strax gerðar ráðstafanir til að ná í flugvél og senda menn norður til að vinna á dýrinu. Helgi Geirmundsson sagði blaðamanni Vísis að þeim hefði ekki liðið vel lokuðum inni í skýlinu á meðan björninn hnuðaði af dyrunum. Mestar áhyggjur höfðu þeir þó haft vegna Herborgar



og drengjanna sem voru í sumarhústaðnum í tveggja og hálf klómetra fjarlægð og hefðu alltaf getað tekið upp á því að fá sér göngutúr í góða veðrinu til að líta eftir þeim og gengið þannig beint í flasið á dýrinu. Að lokum náðu þeir þó í skotin og felldu björninn.

Át appelsínur og franskbrauð

Helgi Geirmundsson lýsti atburðinum á eftirfarandi hátt: „Við komum norður í Fljótavík svona um hálf tólf og vorum búin að vera þar í rúmar tvær klukkustundir þegar við sáum bjarndýrið. Það hlýtur að hafa komið utan frá Kögri. Líklega hefur það heyrt til okkar og runnið á hljóðið. Hins vegar veittum við því enga eftirtekt þegar það kom að. Það heyrðist ekkert í því og við vissum ekki af neinu því sem var í kringum okkur þar sem við vorum önnur kafnir við að setja vél í jeppaskrifli sem við höfðum með okkur frá Ísafirði. Jeppann höfðum við þarna til að létta okkur ganginn.“

Bangsi hélt okkur þannig inni í hálf tíma meðan hann þefaði úti fyrir dyrum, vitandi vel af okkur inni fyrir. Við heyrðum í gegnum dyrnar andardráttinn í honum



Þessi mynd var tekin, þegar verið var að setja bjarndýrið í land á Ísafirði.

„Bangsi hélt okkur þannig inni í hálf tíma meðan hann þefaði úti fyrir dyrum, vitandi vel af okkur inni fyrir.“

fyrir utan. Þegar hann fékk leið á að skoða dyrnar fór hann í dótið okkar. Át þar appelsínur og gleypti heilt franskbrauð en annað fann greyð ekki. Ferðaútvarpstækið okkar vakti mikla athygli hans. Hann hlustaði vendilega eftir músikinni og velti tækinu um koll með hrömmunum. Svo vék hann sér nægilega frá til þess að ég taldi óhætt að freista þess að ná til úlpunnar og þá var ég ekki höndum seinni að smella skoti í einhleypuna. Og eins og færið var stutt þá var ekki vandinn að sálga bangsa. Ég sendi honum kveðjuna beint í hausinn. Það dugði. Að vísu sendi ég honum annað skot til þess að vera alveg viss því að biðin inni í skýlinu hafði ekki beinlínis verið til þess að róa okkur félagana.“

Vopnið, sem varð ísbirninum að bana, var rússnesk einhleypa af hlaupvidd nr. 12 og skotin voru með ósköp venjulegum „fluglahögl-

um“ eins og Helgi sagði. En heppi-legt hafði það reynst að hafa byssu-hólkinn með. „Já, það var nú annars meiri tilviljunin,“ sagði Helgi blaðamanninum. „Ég hef farið í þetta sumarhús fjölskyldunnar á hverju ári frá því að ég man bara eftir mér og aldrei nokkurn tíma hef ég haft með mér byssu. En mest fyrir einhverja gleymsku hefur þessi byssa verið í bátnum hjá mér um skeið en hins vegar engin skotfæri í hana. Þegar við vorum svo að fara í gærmorgun mundi ég allt í einu eftir byssunni og því að engin voru í hana skotin. Þá datt mér allt í einu í hug að hlaupa inn og sækja nokkur skot sem ég stakk í úlpuvasann. Það var meiri happahugsunin.“

Stoppaður upp

Jón Gunnarsson, sem einnig skaut á dýrið, rifjar upp atburðinn nokkrum árum seinna. Hann segir að þeir hafi verið hræddir um að bjarndýrið myndi brjóta upp dyrnar á skýlinu, eins og hann þekkti til af sögum að hefði gerst, eða ráðast á drengina sem líklegir voru til að kalla á þá í mat og höfðu ekki hugmynd um bjarndýrið. Mikil spenna hafi því verið í skýlinu. Þeir hafi mikið spekulerað í hvað væri best að gera í stöðunni þar sem byssan var inni hjá þeim en skotin fyrir utan þar sem björninn var. Datt þeim meðal annars í hug að góma björninn í net sem þeir höfðu haft utan um bílvélina, komast með það upp á þakið og kasta yfir björninn. Endirinn var eins og áður sagði að þeir komust út, náðu í skotin og brutu síðan rúðu á skýlinu og skutu björninn þar í gegn.

Björninn var hengdur upp í stroffu og fluttur til Ísafjarðar þar sem múgur og margmenni tók á móti honum. Hann var um 180 sentimetra langur og 200 kíló að þyngd. Ísafjarðarbær sýndi því áhuga að eignast dýrið en úr varð að Jón E. Guðmundsson stoppaði björninn upp og fór hann svo á Íslenska dýrasafnið í Reykjavík og þaðan í Safnahúsið á Selfossi. Jón Gunnarsson segir að það hafi ekki verið fjallað mikið um þessa lífsreynslu þeirra á þessum tíma. Þó muni hann eftir því að einhver „jólakálfur“ úr Háskólanum hafi skrifað grein og skammað þá fyrir að hafa skotið greyð. Þessum manni var aldrei svarað og segir Jón að varla sé nokkur svo vitlaus að klappa bjarn-dýri til að vita hvort það bití. ■

Björninn fallinn Fljótavík á Ströndum.



Björninn unninn við slysavarnaskýlið í Fljótavík á Hornströndum. Greinilega sést að rúða er brotin í skýlinu en út um gluggann var björninn skotin. Á myndinni eru Ingólfur Eggertsson og Helgi Guðmundsson. Mynd Jón Gunnarsson



Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handhnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía



Þorláksmessu
SKATA



ÚRVALS GRÁSKATA
& ÚTVATNAÐUR SALTFISKUR FYRIR
FYRIRTÆKI, STOFNANIR, FÉLAGASAMTÖK & HÓPA



PANTIÐ TÍMALEGA
624-4022 / SALA@SAETOPPUR.IS

„Margir hérna heima halda að við séum hætt“

■ FM Belfast með tónleika á Hard Rock ■ Boðið til Karíbahafsins

Guðni Einarsson
gudnieinarsson@dv.is



Nafnið FM Belfast kemur eiginlega bara úr rassgatinu á mér

FM Belfast hefur verið ein allra vinsælasta stuð- og danshljómsveit landsins um langa hríð og hefur sent frá sér fjórar breiðskífur sem allar hafa slegið í gegn, bæði hér heima og erlendis. Hljómsveitin hefur verið á mikilli siglingu og þá sérstaklega í Þýskalandi þar sem hún hefur öðlast dyggan aðdáendahóp. Í kvöld, föstudaginn 14. desember, mun FM Belfast halda tónleika á Hard Rock í Lækjargötu þar sem öllu verður tjaldað til og áhorfendur munu eiga von á miklu „stuðgúllasi.“ DV ræddi við Lóa, söngkonu og textasmið FM Belfast, til að forvitnast um þetta stórskemmtilega band.

Byrjaði sem jólagrín

„Nafnið FM Belfast kemur eiginlega bara úr rassgatinu á mér,“ segir Lóa H. Hjálmtýsdóttir. Hún segir að hljómsveitin hafi orðið til sem grínband hennar og Árna Rúnars Hlökkverssonar fyrir þátt sem Andri Freyr var með á Rás 2 fyrir jólin árið 2005.

„Hann fékk alltaf til sín tónlistarmenn en stundum hættu sumir við á seinustu stundu. Þá var ég alltaf að koma af barnum Sirkus og gaf mér tíma til að sprella og þykjast vera annað fólk í þættinum. Ég hafði aldrei verið í neinum hljómsveitum áður. Nafnið kom þegar við sátum í bíl og áttum að reyna finna nafn sem átti að hljóma eins og einhver væri að reyna að vera töff en væri ekki alveg að takast það. Þetta var ímynduð hljómsveit og við ætluðum aldrei að fara út úr stúdíóinu.“

Lögin fóru í dreifingu á netinu og fólk fór að taka eftir sveitinni. Árið 2006 var þeim boðið að koma fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves. Bættust þá við þrjú meðlimir í bandið og boltinn fór að rúlla.

Óljóst hverjir hafa verið í sveitinni

Lóa segir að mannabreytingar hafi

verið þónokkrar í gegnum tíðina. Sérstaklega á trommunum. Meðal þeirra sem gripið hafa í kjuðana má nefna Björn Stefánsson, úr Mínus, og Sykurmolann Sigtrygg Baldursson. Í gegnum tíðina hefur verið fastur fjögurra manna kjarni í hljómsveitinni. En stundum hafa verið margir á sviðinu og erfitt að henda reiður á hverjir séu raunverulega í bandinu.

„Eiginlega bara þeir sem hafa tíma og langar að vera með. Svo getur fólk alveg tekið sér frí frá þessu. Við höfum spilað án allra nema Árna Rúnarssonar, því hann er sá eini sem kann á tækin,“ segir Lóa og hlær.

FM Belfast hefur gefið út fjórar breiðskífur, sú nýjasta er Island Broadcast frá árinu 2017. Lóa er stolt af henni en segir að upptökuferlið hafi ekki gengið áreynslulaust fyrir sig. Hún hafi til dæmis þurft að kljást við erfiðan mann hjá útgáfufyrirtækinu í Þýskalandi.

Eruð þið með þemu á plötunum?

„Já, eiginlega. Við tökum upp mjög mörg lög og röðum þeim eftir kerfi sem myndast fyrir þau sem passa saman. Það er engin heildarsaga en við pörum lög saman, eftir stemningu. Við röðum þeim upp eins og í línuriti, hvernig stemningin keyrist upp og fer svo aðeins niður.“

Boðið til Karíbahafsins

Partísveit eins og FM Belfast hefur vitaskuld lent í ýmsum uppákomum í gegnum tíðina. Lóa minnst þess þegar þeim var boðið óvænt til Karíbahafsins.

„Það var nefnilega sturlað. Við sömdum lag árið 2006 eða 2007



sem fjallaði um að eiga lítið hús í Karíbahafinu. Svo fyrir þremur árum þá var ógeðslega vont veður á Íslandi í febrúar. Þá fengum við tölvupóst frá einhverjum náunga sem vildi fá að nota lagið okkar til að auglýsa húsið sitt í Karíbahafinu á Airbnb,“ segir hún og hlær. „Hann spurði hvað við vildum fá borgað fyrir það og við svöruðum: „Tú nætur í húsinu þínu.“ Hann sagði já og við komum okkur til Saint Jam á Bandarísku Jómfrúaejrunum. Við vorum þar með DJ sett og beina útsendingu sem við borguðum fyrir með því að spila og býtta.“

Húsið reyndist lúxus tréhús inni í miðjum friðlýstum skógi.

„Stundum líður mér eins og þetta hafi ekki gerst í alvörunni. Ef við ættum ekki til myndir þá myndi ég halda að þetta hefði verið ímyndun. Við eigum ekkert mikinn pening eða þannig. Erum bara að leigja í Reykjavík og ég keyri á bíl foreldra minna. Þetta var æði!“

Eins og murano-fiskur

Hver er verkaskiptingin í hljómsveitinni?

„Ég geri allt sem er leiðinlegt, eins og skipuleggja myndatöku með sjö manns sem eru allir upp-teknir og búa ekki í sama landinu,

og rífast við einhvern gaur hjá þýsku framleiðslufyrirtæki. En ég sem líka texta sem er skemmtilegt. Árni semur flest öll lögin. Hann er búinn að halda þessu gangandi af því að hann er með meiri drifkraft en ég. Ívar spilar á trommur og er jákvæðasta manneskja í heiminum þannig að hann sér um að allt fari ekki í volæði. Örvar sér um að halda uppi staðlinum og semur líka texta og laglínur. Hermigervill kemur fyrir aukaspil og Egill kemur til þess að gera þetta enn skemmtilegra. Hann dansar og gerir alls konar fyndna hluti. Hann samt sparimeðlimur af því að hann er skritsfofublók í Brussel og á erfitt með að losna úr vinnu. Mér finnst best þegar við erum öll, þá finnst mér þetta fullkomið.“

FM Belfast-liðar hafa verið í pásu frá utanlandstúrum í ár en fara út næsta vor. Þá spila þau á snjóbrettahátíð í svissnesku Ölpunum.

Eigið ykkur ykkur aðdáendur sem eru tryggari en aðrir?

„Þjóðverjar,“ segir Lóa ákvedin. „Við höfum spilað á stærstu hátíðunum í Þýskalandi. Stærstu tónleikarnir voru hins vegar í Sydney í Ástralíu. Þar spiluðum við fyrir tuggu þúsund manns og hituðum upp fyrir Flaming

Lips. Við höfum alltaf verið svolítið utangátta hérna á Íslandi. Við vorum með þýskan útgefanda og vorum þess vegna mikið erlendis. Margir hérna heima halda að við séum hætt.“

En þið eruð alveg á fullu ennþá?

„Jú. Við erum oft í ólíkum verkefnum en segjum yfirleitt já þegar einhver biður okkur um að spila. Við erum ekkert ofboðslega drifandi og þetta byrjaði ekki sem drifandi verkefni. Við erum eins fiskur sem heitir murano. Það er ránfiskur sem liggur í leyni og veidir aðeins ef það kemur eitthvað fyrir framan holuna sem hann dvelur í,“ segir hún og hlær.

Ætli þið að taka nýju plötuna í kvöld eða verður þetta samtvinn-ingur af nýju og eldra efni?

„Það er eiginlega ekki hægt að taka aðeins nýjar plötur af því að fólk vill ekki aðeins heyra eitthvað sem það hefur ekki hlustað mikið á. Við reynum bara að hafa þetta eitthvert stuðgúllas.“

Um upphitun sér hljómsveitin The Post Performance Blues. Elektrónískt „performans“-band sem áður hefur hitað upp fyrir FM Belfast. Miðar eru fánlegir á tix. is. ■

Sægreifinn

við gömlu höfnina

Eilíf hamingja



Kæst stórskata og tindabykkja með öllu tilheyrandi. Steingrimur í effirrétt á aðeins **2.350 kr.**

Skatan er í boði 1. des milli 11.30 og 14.00, og 17.des.-23. des. alla daga, allan daginn



STÓRVIRKI ÁRSINS




SS / MORGUNBLAÐIÐ



ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN

Tilnefning



Á annað þúsund óviðjafnanlegar vatnslitamyndir

Allar 467 tegundir íslensku flórunnar

Flóra Íslands fæst á sérstöku kynningarverði til áramóta



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið til 19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

Þegar mamma eyðilagði jólin

■ Ebba Sig á hryllilega jólaminningu ■ Mamman skipti kalkúni út fyrir hamborgarhrygg

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Ebba ásamt systur sinni, Stefaníu.



Stefanía og Ebba á góðri stundu um jól.

L eikkonan og uppistandarinn Þuríður Elín, eða Ebba Sig eins og hún er oftast kölluð, er mjög vanaföst þegar kemur að jólum og hlakkar ávallt til jólamatar móður sinnar yfir hátíðarnar.

„Jólin eru yfirleitt þannig að ég, mamma, systir mín og frænka mín erum heima hjá mömmu. Við borðum alltaf klukkan sex og erum alltaf með kalkún. Við höfum ætlað að færa okkur yfir til systur minnar þar sem hún er með meira pláss, en þar sem hvorki ég né systir mín þorir að taka við eldamenskunni erum við heima hjá múttu því hún treystir ekki öðrum ofnum,“ segir Ebba og brosir við tilhugsunina um kalkúninn á aðfangadag.

„Kalkúninn er svo sannarlega ómissandi. Við erum svo með þetta klassíska jólamæðlæti sem mér finnst reyndar allt vont. Ég er ein af fáum manneskjum sem ég þekki sem finnst brúnaðar kartöflur vondar, þess vegna gerir mamma alltaf svona „crispy“, saltaðar og smjörsteiktar kartöflur handa mér. Svo er fyllingin sem hún gerir alveg sjálf algjör snilld. Ég var einu sinni á þakkargjörðarhátíðinni í Bandaríkjunum og var boðið í þrjár veislur en engin kalkúnafylling jafnaðist á við mömmu. En aðalmálið á aðfangadag er sósan hennar mömmu. Ég get drukkið hana og stand oft yfir pottinum og dýfi kartöflunum sem mamma séreldar fyrir mig ofan í. Get verið þar endalaust. Enda gerir hún soldið mikið af sósu þrátt fyrir að við séum bara fjórar í mat. Helmingurinn af sósunni er handa mér.“

Skeiðar á augun vegna bólgu

Ein jólin vildi mamman breyta til og það rann alls ekki ljúflega ofan

í Ebbu og systur hennar.

„Mömmu langaði til þess að prufa að hafa hamborgarhrygg. Systur minni leist alls ekki á þetta og mótmælti harðlega. Ég var svo sem alveg til í það, þar sem ég er sjúk í allt saltað. En jólin voru alls ekki eins. Það vantaði eitthvað svakalega,“ segir Ebba alvarleg og heldur áfram. „Það var allt sama meðlætið, nema fyllingin og sósan var engan veginn eins. Ég og systir mín horfum til baka á þessi jól með fyrirlitningu. Við höfum heitið því að það verði aldrei aftur prufað eitthvað nýtt á aðfangadag. Ég vaknaði líka með svo bólgin augu daginn eftir að ég þurfti að setja skeiðar í ísskápinn til að láta bólgu af saltinu hjaðna.“

Hnetusteikin var vond

Ebba lærði ekki af reynslunni og nokkrum árum síðar gerðist hún grænmetisæta og var því landslagið talsvert annað á jólum.

„Ég á það til að prufa ýmislegt í mataræði, ekki sem megrunarúræði heldur frekar bara til að ögra mér. Ég var búin að vera

„Ég og systir mín horfum til baka á þessi jól með fyrirlitningu.“

grænmetisæta í nokkurn tíma en þegar jólin voru að nálgast spurði mamma hvað mig langaði í og ég sagðist bara borða meðlæti eða eitthvað. Síðan endaði hún á að kaupa hnetusteik fyrir mig sem er eitt af því versta sem ég hef smakkað. Það eru reyndar orðin soldið mörg ár síðan og hefur matargerð fyrir grænmetisætur orðið töluvert betri,“ segir Ebba, sem útilokar þó ekki að prófa grænmetisæðið aftur. „Ég gæti vel hugsað mér að vera grænmetisæta aftur með öllu því nýja sem er í boði. Ætla meira að segja að taka þátt í Veganúr eftir áramót.“

Kvíðin, einhleyp kona á Íslandi

Það er nóg að gera hjá Ebbu í aðdraganda jóla. Ekki bara þetta týpíska jólastress því hún heldur uppistand á Hard Rock Café föstudaginn 15. desember klukkan 21. Ebba hefur vakið talsverða athygli síðustu misseri fyrir uppistöndin sín og má segja að jólauppistandið sé brot af því besta.

„Seinni helmingurinn er alveg splunkunýtt efni, þannig að þau sem hafa séð efnið mitt áður munu líka sjá alveg glænýtt efni sem ég er mjög spennat að sýna. Þetta uppistand er mjög mikið byggt á mínum veruleika. Hvort sem það er að vera einhleyp á Íslandi eða kvíðann minn, en einnig ætla ég að ræða um ýmislegt sem er í gangi í samfélaginu. Svo fæ ég hina frábæru Kimi Taylor, sem er bresk stelpa sem ég kynntist á Kaffi Laugalæk, til að hita upp,“ segir Ebba. Í framhaldinu hlakkar hún til að njóta þess sem jólin þýða fyrir hana.

„Fyrir mér þýða jólin að eyða tíma með faméliunni og vinum. Mér finnst dásamlegt að vakna eftir hádegi, eyða deginum á náttfötunum og „tjilla“ allan daginn. En svo er líka alltaf gaman að fara og hitta fólk, spila og hafa gaman.“ ■



Svona eldarðu kalkún

- Gott er að setja kalkún í saltþækil í heilan sólarhring fyrir eldun. Sagt er að þá verði hann safaríkari.
- Bringan á fuglinum skal snúa upp þegar hann er steiktur.
- Best er að elda kalkúninn í lokuðum ofnpotti eða á grind í ofnskúffu og breiða þá yfir hann álpappír.
- Steikja á ófylltan kalkún við 150°C í 30 mínútur fyrir hvert kíló, eða þar til kjarnhiti í bringu er 71°C.
- Á heilum fylltum kalkúni er steikingartími miðaður við um það bil 40 til 45 mínútur fyrir hvert kíló við 160°C.
- Einhverjir segja að gott sé að gegnbleyta viskastykki með smjöri og hafa ofan á kalkúninum allan eldunartímann. Margir ausa einnig smjöri yfir kalkúninn.
- Mikilvægt er að leyfa kalkúni að hvíla í þrjátíu mínútur utan ofns áður en hann er borinn fram.
- Nauðsynlegt er að ausa fuglinn nokkrum sinnum í lok steikingartíma. Ef fuglinn er fullsteiktur fyrir áætlaðan tíma skal taka hann úr ofninum og vefja viskastykki utan um steikingarfílið.

Einföld sósa með kalkúni

- Hráefni:
- safinn af kalkúninum í pottinum
 - 2-3 bollar kjúklinga- eða kalkúnasoð
 - 3 msk. smjör
 - ¼ bolli hveiti

Aðferð:

Hellið safanum úr pottinum í stórt glas eða skál og leyfið honum að hvíla þar til fitan flýtur upp á yfirborðið. Takið mest af fitunni og hendið. Bætið nægu soði í skálina eða glasið þannig að það jafngildi fjórum bollum af vökva. Bræðið smjör á pönnu yfir meðalhita. Bætið hveitinu saman við og þeytið vel til að búa til smjörbollu. Haldið áfram að þeyta þar til smjörbollar er orðin brún og ilmandi. Bætið soðinu saman við og þeytið vel. Hækkið hitann og látið koma upp suðu á meðan þið þeytið. Lækkið hitann við suðu og hræið reglulega í sósunni þar til hún er orðin eins þykk og þið viljið. Smakkið til og berið strax fram.



BÍLAMERKINGAR

Vel merktur bíll er ódýrasta auglýsingin

Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

SPORT



Íþróttavöruverslun

PLAY.



Öll helstu merkin á einum stað

Opnunartími

Virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

Sundaborg 1 Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á 

SAKAMÁL



17. nóvember, 1972, stakk Antony Baekland móður sína til bana í London. Hann bjó hjá móður sinni, Barböru Daly, fyrirverandi kvikmyndaleikkonu, sem nánast kæfði hann í ást. Talið var að á milli þeirra hefði jafnvel verið kynferðislegt samband. Antony fékk dóm, var sleppt í júlí, 1980. Hann flutti til New York-borgar og bjó þar hjá ömmu sinni. Innan viku hafði hann stungið ömmu sína, en ekki með banvænum afleiðingum. Antony endaði í fangelsinu á Rikers-eyju og lauk lífinu með plastpoka yfir höfði sér. Ekki er vitað hvort um morð eða sjálfsmorð var að ræða.

EITURBYRRLARIN

■ Lánið lék ekki við lækninn á veðhlaupabrautunum ■ Hann greip til eiturs og ó

Maður er nefndur William Palmer. William þessi fæddist í Rugeley í Stafordskíri á Englandi árið 1824 og var eitt átta barna foreldra sinna. Faðir Williams dó þegar William var tólf ára og segir sagan að móðir hans hafi dekrað hann í hengla, eða þannig. Lýkur hér með þætti foreldra og systkina Williams í þessari frásögn.

Ófeðraður barnafjöldi

Sautján ára að aldri vann William sem lærlingur hjá lyfsala í Liverpool. Ekki varð dvöl hans þar ýkja löng því eftir þrjá mánuði fékk hann reisupassann, grunaður um að hafa stolið fé.

Hvað sem þessu leið komst William í læri hjá ónefndum lækni og segir sagan að hann hafi á þeim tíma náð að feðra fjórtán börn, sem skráð voru óskilgetin. Einnig er sagt að hann hafi einkum og sér í lagi sinnt fóstureyðingum, sem þá voru ólöglegar.

Drykkjukeppni og dauði

Síðar fékk hann vinnu á sjúkrahúsinu í Staffordskíri og að sögn



Frá réttarhöldunum Ekki var hægt að sanna nema eitt morð á William Palmer.

prófaði hann þar að byrja manni strikníni til að kanna áhrifin. Hann lauk læknisnámi sínu í London árið 1846 og gerðist í kjölfarið læknir í heimabæ sínum, Rugeley.

Kvöld eitt hitti William pípulagningarmann, George

Abley, á kránni Lamb and Flag og skoraði á hann í drykkjukeppni. George Abley tók áskoruninni og var borinn heim klukkustund síðar og andaðist síðar það sama kvöld. Ekki voru færðar sönnur á að William hefði átt þar hlut að máli,



William Palmer
Læknirinn var veður fyrir veðreiðum.

HLÝJAR JÓLAGJAFIR



**SKÍÐADRESSIÐ
FYRIR HANA**



**LÚFFUR FRÁ
4.995 kr.**



**HJÁLMAR
TILVALIN JÓLAGJÖF**

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Íslensku
ALPARNIR

Faxafen 12
108 Reykjavík

Sími 534 2727
alparnir.is

en fólk af svæðinu hafði á orði að hann hefði haft mikinn áhuga á laglegri eiginkonu Georges.

Fimm börn, fjögur dauðsföll

Ekki var hægt að kvarta yfir William sem lækni, hann naut ágætis velgengi í starfi, en hann glímdi við kostnaðarsama fíkn; veðreiðar. Áður en langt um leið hafði hann sóluðað 9.000 sterlingspunda arfi.

Í október, árið 1847, kvæntist William konu að nafni Anna Thornton. Saman eignuðust þau fimm börn. Fjögur barnanna dóu áður en þau náðu eins árs aldri og eru áhöld um hvort William hafi komið þar nærri. „Krampaköst“ voru sögð hafa dregið börnin til dauða. Aðeins fyrsta barn þeirra hjóna, sonur, komst á legg og gott

betur og lifði föður sinn.

Lán og andlát

Sem fyrr segir þá varð veðreiðafíkn Williams honum dýrkeypt og lausafjárskortur því nokkuð tíður. William brá á það ráð að fá lán hjá tengdamóður sinni, Mary Thornton, samtals um 8.000 sterlingspund.

Eins og gefur að skilja þá varð ávöxtun þess fjár engin.

Í desember 1848 sótti Mary dóttur sína og tengdason heim og hálfum mánuði síðar, í janúar 1849, var hún öll.

Lánardrottinn falla frá

Fjárhagslega var það þó skammgóður vermir og í maí, 1850, var komið að skuldadögum hjá William vegna láns sem hann




5 meðlimir Bain-fjölskyldunnar voru skotnir til bana 20. júní, 1994, í Otago á Nýja-Sjálandi. Sá sem það gerði var David Bain og fórnarlömbin voru systur hans, Laniet og Arawa, móðir hans og faðir, Margaret og Robin, bróðir hans, Stephen. Að morðunum á móður sinni og systkinum loknum bar David út blóðin eins og hann var vanur. Síðan fór hann heim, settist við tölvuna og skrifaði „sjálfsmorðsbréf“ föður síns þar sem fram kemur að faðir hans hafi talið að David hefði einn átt skilið að lifa. Síðan skaut hann föður sinn til bana. Aform Davids gengu ekki eftir, hann fékk lífstíðardóm árið 1995.



IN FRÁ RUGELEY

myndisúrræða ■ Enginn sem lánaði honum fé var öruggur ■ Lán breyttist í ólán



William hengdur Samtímamynd sem sýnir aftöku læknisins.

„Hann héldi að helvítið hann Palmer hefði verið að byrja honum einhvern andskotann

John Parsons skánaði og þeir félagarnir fengu sér drykk saman 17. nóvember og varð John fljótlega í kjölfarið fárveikur og lést, veinandi af sársauka, 19. nóvember.

mei þeirra hefði verið eitur. William Palmer var sakfelldur fyrir morðið á John Parsons Cook og dæmdur til dauða. Hann varð fyrsti Engendingurinn sem sakfelldur var fyrir að myrða með stríkníni.

Sakfelldur fyrir eitt morð
Þann 18. desember, 1855, var William Palmer handtekinn fyrir morð. Lík Önnu, eiginkonu hans, og Walters, bróður hans, voru grafinn upp, en ekki var hægt að úrskurða með fullri vissu að bana-

Annar lánardrottinn hlaut sömu örlög vegna 800 sterlingspunda skuldar og frændi Williams lést í kjölfar fyllerís í félagsskap hans.

„Eruð þér viss um að hann sé öruggur?“

hafði tekið hjá Leonard nokkrum Bladon. Um var að ræða verulega upphæð og William sá sig knúinn til að koma Leonard fyrir kattarnef, sem hann síðan gerði með eitri.

Banvæn líftrygging

Tíminn leið, eins og hans er von og vísa, en lítið vænkaðist fjárhagur Williams. Árið 1854 sá hann í hendi sér að róttækra aðgerða var þörf. Í þetta sinn leitaði hann ekki langt yfir skammt og líftryggti eiginkonu sína fyrir 13.000 sterlingspund.

Hann innti af hendi fyrstu iðgjaldgreiðsluna, en síðan ekki söguna meir enda andaðist eiginkona hans í september það ár – úr kóleru, samkvæmt dánarvottorði. Síðar fékkst staðfest að banamein hennar var eitrun.

Dauði drykkfells bróður

Árið 1855 gekk í garð og William líftryggti bróður sinn Walter fyrir 82.000 sterlingspund. Sá var drykkfelldur með eindæmum og vonaði William að drykkjan yrði honum að aldurtíla innan

skamms. En áralöng neysla bróður hans hafði aðeins eftir eiginleika hans til taumlausrar neyslu og William brást þolinmæðin. Hann sá að hér dygði ekkert annað en blásýra og vænn skammtur af henni og í ágúst þetta ár var Walter liðið lík.

Ekki er sopið kálið þó í ausuna sé komið og William til mikillar skapraunar neitaði tryggingafélagið að greiða út líftrygginguna og, til að bæta gráu ofan á svart, setti tvo fulltrúa sína í að rannsaka málið.

Stjórnláus skuldasöfnun

Þegar þarna var komið sögu var William í tygjum við vinnustúlku sína, Elizu Tharme. Eliza hafði undir lok júní fætt son þeirra, sem fékk nafnið Alfred. Ekki bætti fæðing Alfreds úr fjárhagsstöðu Williams en skuldasöfnun hans var þá orðin gjörsamlega stjórnláus.

Þá fékk læknirinn þá snilldarhugmynd að myrða vin sinn, John Parsons Cook. John Parsons var heilsulítill, ungur maður sem hafði erfitt formúu.


Þann 13. nóvember, 1855, fóru vinirnir á veðreiðar saman. John Parsons hafði heppnina með sér, en heilladísirnar hundsudu William. John Parsons vann 3.000 sterlingspund.

Æskuvini fórnaf

Vinirnir héldu upp á velgengni Johns og fengu sér í glas á Ravenkránni. Daginn eftir hafði John á orði að ginið sem hann innbyrti á Raven hefði brennt á honum hálsinn. Síðar varð John alvarlega

veikur og trúði tveimur vinum sínum fyrir því að „hann héldi að helvítið hann Palmer hefði verið að byrja honum einhvern andskotann.“





13. júlí, 1955, endaði enska konan Ruth Ellis ævi sína með snöruna um hálsinn í Halloway-fangelsi í London. Hún var sakfelld fyrir að hafa myrt elskhuga sinn, David Blakely, 10. apríl, 1955, en hún hafði verið handtekinn þann sama dag. Ruth hafði unnið sig upp úr fyrirsætustörfum, þar sem hún hafði setið fyrir nakin, í að verða þjónustustúlka í næturklúbbum. Hún lét ekki staðar numið þar því árið 1953 varð hún framkvæmdastjóri eins slíks. Hún var umkringd aðdáendum sem gáfu henni dýrar gjafir og var stundum með fleiri en einn í takinu. Blakely fylgdi fordæmi hennar og varð Ruth Ellis afbrýðisöm mjög og fannst hún afskipt. Ruth sat fyrir Blakely kvöld eitt og skaut hann fimm skotum. Fyrsta skotið geigaði, annað skotið særði Blakely þannig að hann skall á gangstéttina. Þar stóð Ruth yfir honum og skaut hann þremur skotum til viðbótar. Það dugði. Ruth var síðasta konan sem var tekin af lífi á Bretlandseyjum.

SKÁK OG MÁT

■ Það er edli skákar að þar eru menn felldir ■ Stundum hefur mannfallið orðið utan skákbordisins

Skák er vinsæl íþrótt þar sem skákmenn eru felldir vinstri hægri án blóðbaðs þó. Íþróttin hefur í gegnum tíðina tengst nokkrum morðum og segir sagan að morð hafi markað upphaf leiksins á 6. öld á Indlandi.

Samkvæmt þeirri sögu það konungur einn þar í landi vitran mann að hanna herkænskuleik

sem myndi styrkja huga hermanna hans. Þegar upp var staðið var konungurinn yfir sig ánægður með útkomuna og spurði þann vitra hvað hann vildi að launum.

„Þú velur,“ sagði sá vísi. „Annaðhvort gefurðu mér mína eigin þyngd í gulli eða eitt hrísgrjón fyrir einn reit á borðinu, tvö fyrir annan reit og fjögur fyrir þann



Skákbordsmorðinginn Alexander tókst ekki að fylla skákbord sitt með fórnarlömbum.



Pippin af Bæjarlandi Sonur hans tapaði skák með banvænum afleiðingum fyrir andstæðinginn.



Knútur konungur Kærði sig ekki um að vera brigslað um óheilindi.

þriðja og þannig koll af kalli.“

Konunginum leist vel á hrísgrjónaleiðina og kaus hana. Um síðir komst hann að því að ekki voru nógu mörg hrísgrjón til í heiminum til að uppfylla skilyrðin. Sá konungur þá ekki annað í stöðunni en að láta taka vitra manninn af lífi.

Tapsár prins

Árið 800 átti Okarius, prins af Bæjarlandi son sem dvaldi við hirð Pippins frankakonungs. Dag einn tefldi sonur Pippins við son Okarius og laut í lægra haldi fyrir honum. Brást Pippinsson hinn versti við og sló son Okarius í höfuðið

„**Annaðhvort gefurðu mér mína eigin þyngd í gulli eða eitt hrísgrjón fyrir einn reit á borðinu, tvö fyrir annan reit og fjögur fyrir þann þriðja og þannig koll af kalli.**

með grjóti með þeim afleiðingum að hann lést samstundis.

Banvæn ásökun

Um tvö hundruð árum síðar áttust þeir við Knútur konungur ríki og Úlfur jarl. Fannst jarli sem konungur færi helst til frjálsglega með taflmenn sína á borðinu og sinnadist þeim félögum. Ekki hugnaðist konungi að vera borið á brýn að hafa haft rangt við og lét bana Úlfi svo lítið bæri á.

Nágrannaslagur

Í september, árið 2009, játaði 30 karlmaður, David Christian, að hafa orðið nágranna sínum, Michael Steward, að bana. Það sem hófst sem saklaus skák breyttist í harmleik þegar David reiddist við skákbordið. Í staðinn fyrir að

hrókeri ... eða eitthvað, kyrkti hann Michael.

Hann reyndi þó að endurlífga nágranna sinn en tókst ekki. Má kannski segja að þar hafi gilt reglan „snertur maður, hreyfður maður“.


Skákbordsmorðin

Eitt frægasta málið snertir rússneskan raðmorðingja, Alexander Yuryevich Pichushkin, sem fékk viðurnefnið Skákbordsmorðinginn. Fórnarlömb hans eru talin vera allt að 62 talsins, myrt á árunum 1992–2006, og sagt að markmið Alexanders hafi verið að ná einu fórnarlambi fyrir hvern reit skákbordisins. Ekki gekk það eftir hjá honum og afplánar hann nú lífstíðardóm í Rússlandi. ■

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR
& UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500





ÍSLENSKT

Hafa bakað með
íslendingum
frá **1935**

gjörir svo vel



Flóra

SÍÐAN 1935

Sími 4524272 vilko.is

DV VELUR MANN ÁRSINS 2018 - TAKTU ÞÁTT Í VALINU

DV velur Mann ársins 2018 og gefst lesendum DV kostur á að taka þátt í valinu.

Valið stendur á milli 20 einstaklinga af öllum kynjum, sem vakið hafa mikla athygli í fréttum ársins. Netkosning hefst á DV.is í dag, föstudaginn 14. desember og stendur til miðnættis sunnudaginn 16. desember.

Val lesenda á Manni ársins 2018 verður birt í helgarblaði DV föstudaginn 21. desember.

Þeir einstaklingar sem valið stendur á milli eru eftirtaldir í stafrófsröð:



Arnór Sigurðsson

er aðeins 19 ára og okkar helsta von á knattspyrnuvísunni. Hann leikur með CSKA Moskvu og skoraði eitt mark og lagði upp annað á móti stórlíði Real Madrid í vikunni. Var Arnór í liði umferðarinnar í Meistaradeild Evrópu fyrir frammistöðu sína.



Áslaug Thelma Einarsdóttir

vakti athygli á árinu eftir að henni var sagt upp hjá Orku náttúrunnar, dótturfélagi Orkuveitu Reykjavíkur. Hún hafði kvartað undan hegðun Bjarna Más Júlíussonar framkvæmdastjóra. Við tók löng barátta við kerfið til að fá skýringar á uppsögninni, barátta sem rataði alla leið á toppinn í borgarkerfinu.



Bárta (Marvin) Halldórsdóttir

var orðin ein umtalaðasta manneskja ársins áður en hún steig fram í dagsljósið. Bárta var stödd á Klaustur Downtown Bar þriðjudagskvöldið 20. nóvember þegar hún heyrði sex þingmenn tala niður öryrkja og minnihlutahópa. Í stað þess að leiða það hjá sér ákvað Bárta að sitja sem fastast og taka upp samræðurnar á símann sinn. Upptökurnar sendi hún fjölmiðlum undir dulnefninu „Marvin“. Á upptökunum heyrast þingmenn tala um sambingmenn sem „tikur“ og „kuntur“ og hæðast að þeim sem minna mega sín. Nú hefur Bárta verið boðuð fyrir héraðsdóm og á yfir höfði sér refsingu fyrir uppátækið.



Einar Hansberg Árnason



Bárta Tómasdóttir og Óskars Vídalín

Einar Darri, sonur þeirra Bárú og Óskars, lést aðeins 18 ára gamall í maí á þessu ári eftir neyslu róandi lyfja. Í kjölfarið setti fjölskylda Einars Darra á laggirnar minningarsjóð sem styrkir baráttuna #égábaraeitlíf sem berst gegn fíkniefnum, með áherslu á misnotkun lyfja meðal ungmenna á Íslandi.



Bjarki Már Sigvaldason og Ástrós Rut Sigurðardóttir

Bjarki Már hefur gengið í gegnum ótrúlega erfiðleika en hann greindist með krabbamein fyrir sex árum. Fyrir um þremur mánuðum eignaðist hann dóttur ásamt eiginkonu sinni, Ástrós Rut Sigurðardóttur. Viðtal við Bjarka og Ástrós vakti mikla athygli þegar hann greindi frá því að ný ætli hefðu myndast í heila. Ekki er hægt að skera meinin burt og er Bjarki hættur á lyfjum. Var viðtalið bæði átakanlegt og fallegt og hægt að draga mikinn lærdóm af þessum ungu hjónum um hvernig tekist sé á við lífið.

Einar Hansberg reri 500 kílómetra róður á 50 klukkustundum í CrossFit Reykjavík til styrktar Kristínu Sif Björgvinsdóttur og börnum hennar og til að vekja athygli á Útmeða og Pieta sjálfsvígssamtökunum. Með framtakinu minnti Einar á að engum á að líða illa og sitja einn uppi með það. Tölum við einhvern og nýtum þau úrræði sem eru í boði.



Straumhvörf í neysluvatnsdælum



GRUNDFOS

Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýsting og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra
Innbyggð þurrkeyrsluvörn
Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

**ÍSLEIFUR
JÓNSSON**

Dragháls 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is



Elísabet Margeirsdóttir

langhlaupari vann nýlega það afrek, fyrst íslenskra kvenna, að hlaupa 40 marabon á fjórum sólarhringum í Góbíeyðimörkinni í Kína. Utanvegahlaup eru ær og kýr Elísabetar, sem er frábær fyrirmynd og sterk bæði líkamlega og andlega í sinni íþrótt.



Freyja Haraldsdóttir

hefur staðið sig frábærlega í baráttunni fyrir réttindum fatlaðra hér á landi. Hún hefur þurft að þola mikið mótlæti á árinu, fyrst þegar hún var upplýst um smánandi myndir af sér í lokuðum hópum á samfélagsmiðlum, svo þegar hún tapaði máli gegn Barnaverndarstofu um að fá að gerast fósturforeldri. Svo í lok árs var hún ein af þeim fjölmörgu sem voru tekin fyrir af þingmönnum sex á Klaustur Bar. Freyja lét engan bilbug á sér finna og skiladi skömminni þangað sem hún á heima.

NOKIA

Glænýr Nokia 7.1 með öllu því nýjasta frá Google

androidone



12MP tvöföld Zeiss myndavél



Full HD+ 5.84" HDR10 skjár



Notaðu #Bothie til að
taka mynd með báðum
myndavélunum



Vertu öruggur með nýjustu
uppfærslunar frá Android™



Guðmundur Ragnar Magnússon

sigmaður hjá Landhelgisgæslunni tók þátt í björgunaraðgerðum við afleitar aðstæður í Helguvík þegar sementsflutningaskipið Fjordvik strandaði á leið til hafnar. Um borð var fjórtán manna áhöfn og hafnsögumaður frá Reykjaneshöfn. Það var hlutverk Guðmundar að sýna niður í skipið, stjórna aðgerðum þar og koma öllum heilum og höldnu upp í þyrluna. Rifbeinsbrotnaði hann þegar hann seig fyrstu ferð í skipið, en harkaði af sér þar til björgunaraðgerðum var lokið.



Guðmundur Ragnar Magnússon

sigmaður hjá Landhelgisgæslunni tók þátt í björgunaraðgerðum við afleitar aðstæður í Helguvík þegar sementsflutningaskipið Fjordvik strandaði á leið til hafnar. Um borð var fjórtán manna áhöfn og hafnsögumaður frá Reykjaneshöfn. Það var hlutverk Guðmundar að sýna niður í skipið, stjórna aðgerðum þar og koma öllum heilum og höldnu upp í þyrluna. Rifbeinsbrotnaði hann þegar hann seig fyrstu ferð í skipið, en harkaði af sér þar til björgunaraðgerðum var lokið.



Lilja Alfreðsdóttir

mennta- og menningarmálaráðgjafi bykir sýna einstakan skörungsskap í starfi sínu, og nýtur hún mikils áhlits og trausts meðal kjósenda. Frammistaða hennar í viðtali tengdu Klaustursmálinu bykir sýna vel þá leiðtogakosti sem Lilja býr yfir, eitthvað sem Íslendingar þurfa á að halda nú, eins og alltaf.



Sanna Magdalena

settist í borgarstjórn fyrir Sósíalístaflökkinn í maí. Vakti hún mikla athygli í kosningabaráttunni og stal hverju atkvæðinu á fætur öðru af fjórflokknum. Síðan þá hefur hún látið gott af sér leiða og barist fyrir hönd þeirra sem ekki hafa rödd í samfélaginu. Þá hefur það einnig gríðarleg áhrif að kona sem er dökk á höfund og alin upp í fátækt hafi orðið borgarfulltrúi. Þannig er Sanna fyrirmynd og sýnir að allir geta haft áhrif, og þá til góðs.



Skúli Mogensen

forstjóri flugfélagsins WOW air hefur verið mikið í kastljósinu á árinu. Hefur hann sýnt mikla baráttu við að reyna að bjarga flugfélaginu. Um tíma leit út fyrir að WOW myndi sameinast Icelandair Group. Úr því varð ekki og tóku þá við vandræður við Indigo Partners. Í kjölfarið varð að segja upp fjölda starfsmanna en Skúli neitar að gefast upp og segir að um sé að ræða eitthvað skref aftur á bak en síðan verði tekin tvö stór skref áfram.



Sunna Elvira Þorkeldsdóttir

upplifði martröð á Spáni þegar hún lamadist eftir fall og sambýlismaður hennar var handtekinn grunaður um innflutning á eiturflyfum. Sunna man lítið eftir því sem gerðist. Hún er nú komin heim og hefur með mikilli baráttu, eljusemi og fyrst og fremst einstakri jákvæðni tekið miklum framförum. Þrátt fyrir öll áföllin sést Sunna aldrei öðruvísi en með bros á vör.



Sævar Ciesielski og fjölskylda hans

Niðurstaða fékkst loks í Guðmundar- og Geirfinnsmálið á árinu, þó að því máli muni í raun aldrei ljúka. Á haustmánuðum voru allir sakborningar sem tengdust þessum málum sýknaðir. Sævar barðist lengi fyrir enduruppþöku á málinu en fékk aldrei að upplifa þennan dag. Börn hans tóku við kyndlinum af föður sínum eftir að hann lést og upplifðu loks eitthvert réttlæti nú í haust en vegferðin var löng og ströng. Í niðurstöðu starfshóps frá árinu 2013 um málið kom fram að það væri hafif yfir allan vafa að játningarnar væru óáreiðanlegar og ungmennin hefðu verið beitt ofbeldi og kúgun til að jata á sig eitthvað sem þau gerðu ekki.



Gunnar Nelson

MMA-kappi hefur vakið mikla athygli fyrir íþróttaafræk sín, nú síðast sigurinn á Alex Oliveira, sem fleytti Gunnari upp um tvö sæti á UFC-listanum í hans þyngdarflokk. Þó að sitt sýnist hverjum um hvort íþróttin eigi rétt á sér eða ekki, þá er Gunnar einn af okkar fremstu íþróttamönnum, traustur, staðfastur og högvær.



Heiðveig María Einarsdóttir

kokkur á Engey og viðskiptalögfræðingur frá Bifröst, hristi upp í karllægu veldi Sjómannafélags Íslands, þegar hún bauð sig fram til embættis formanns félagsins. Uppi varð fótur og fit hjá stjórninni sem setið hafði óáreitt í stólum sínum um árabíl og varð niðurstaðan sú að reka Heiðveigu úr félaginu.



Sólveig Anna Jónsdóttir

Fáir vissu hver hún var í byrjun árs, hún starfaði á leikskóla þegar hún kom, sá og sigraði í formannskjöri Eflingar, eins stærsta stéttarfélags landsins, í vor. Hún talar tæpitungulaust um stöðu verkafólks og kjör, og hikar ekki við að láta auðvaldið heyra það.



Stefán Karl Stefánsson

Stefán Karl snerti hjörtu íslensku þjóðarinnar, bæði sem leikari og sem ötull baráttumaður gegn einelti. Hann lést 21. ágúst á þessu ári eftir tveggja ára baráttu við illvígt gallgangakrabbamein. Áður en hann lést var hann sæmdur riddarakrossi fyrir framlag sitt til íslenskrar leiklistar og samfélags. Hann lætur eftir sig eiginkonu, Steinunni Ólínu Þorsteinsdóttur, og fjögur börn.



Þórdís Elva Þorvaldsdóttir

hefur lifað ótrúlegt ár. Hún er rithöfundur, fyrirlesari, aktivisti og feministi. Þá eignaðist Þórdís Elva tvíbura fyrir tímann og var lengi rúmliggjandi og mátti vart hreyfa legg né líð en á sama tíma var hún afar áberandi í jafnréttisbaráttu og við að vekja athygli á reynslu kvenna af kynbundnu ofbeldi og fleiri mikilvægum málum sem snerta okkur öll.

ÁSKRIFTARKLÚBBATILBOÐ DV OG VOGUE

Wizar lock

Wizar lock Leður 239.900 kr.

Áskriftarklúbbsverð **179.925 kr.**

Wizar lock Tau 199.900 kr.

Áskriftarklúbbsverð **149.925 kr.**

Tilboðið gildir til áramóta.



Vogue
FYRIR HEIMILID

Síðumúla 30 - Reykjavík / Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri / Sími 462 3504

Áskriftarklúbbur DV

Meðlimir áskriftarklúbbs DV framvísa aðildarkorti sem er í gildi hverju sinni til að nýta sér þau tilboð og fríðindi sem eru í boði hverju sinni fyrir áskrifendur DV.

DV
Áskriftarklúbbur

Áskriftarklúbbskortid gildir til 31.12.2018



**GULLAUGAÐ Í UMHVERFISVÆNUM
UMBUDUM FRÁ 1000 ÁRA SVEITAPÖRPF
HEFUR NOTIÐ MIKILLAR HYLLI Á ÍSLANDI,
EINKUM VEGNA BRAGÐSINS.**



HÁKOT, PYKKVABÆ, 851 HELLA | SÍMI: 859 6197 | HALLO@1000ARASVEITATHORP.IS

Nylon-stjarna gengin út

Emilía Björg Óskarsdóttir er tekin saman við Inga Örn Gíslason. Emilía gerði garðinn frægan á árum áður með stúlkna-
poppsveitinni Nylon. Emilía var með frá stofnun en hætti árið 2007, töluvert á undan hinum meðlimunum. Hún var áður gift flugmanninum Pálma Sigurðssyni og bjó í Reykjanesbæ. Þau voru saman frá árinu 2003 og gengu í hjónaband árið 2007. Nú er hún flutt í Norðlingaholtið.

Ingi Örn er annar tveggja framkvæmdastjóra Íslenskrar verkmiðlunar sem sérhæfir sig í að útvega fyrir-
tækjum starfsmenn. Líkt og Emilía á hann fortíð í tónlist og gaf út plötu undir listamannsnafninu Ingi.



Lítt þekkt ættartengsl

Lögfræðingurinn og hjartaskurðlæknirinn

Vikunni var greint frá því að saksóknari í Gautaborg í Svíþjóð hefði ákveðið að hefja rannsókn á máli Paolo Macchiarini skurðlæknis, sem fyrstur framkvæmdi plastbarkaðgerð á mönnum. Málið verður rannsakað sem sakamál en eins og frægt er tengdist Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir málinu. Skjólstæðingur hans, Andemiram Beyene, var sá fyrsti sem lagðist undir hnifinn hjá Ítalanum.

Einnig hefur gustað um systur Tómasar, Ingibjörgu Guðbjartsdóttur, en þó með óbeinum hætti. Ingibjörg var á árum áður framkvæmdastjóri gjald-
eyriseftirlits Seðlabanka Íslands og bar meðal annars ábyrgð á umfangsmikilli rannsókn sem beindist gegn meintum svikum Samherja. Bankinn beitti fyrir-
tækið stjórnvaldssekt en sú sekt var dæmd ógild í Hæstarétti á dögnum. Reiði forsvarsmanna Samherja hefur opinberlega beinst gegn Má Guðmundssyni seðlabankastjóra en bak við tjöldin eru þeir ekki síður ósáttir við framgöngu Ingibjargar í málinu.



Já, en er hann ekki farinn út?

Loki

Leigusalinn vill bera Jóhann í Já iðnaðarmönnum út

Eigendur atvinnuhúsnæðis að Þverholti 18 í Reykjavík hafa höfðað mál gegn Jóhanni Jónasi Ingólfssyni, eiganda Já iðnaðarmanna, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í þeim tilgangi að fá Jóhann borinn út úr fasteigninni. Jóhann hefur leigt húsið undanfarið undir skrifstofu Já iðnaðarmanna en fram kemur að leigusamningnum hafi verið rift vegna vanefnda. DV hefur fjallað um tvö gjaldþrot rekstrarfélaga Já iðnaðarmanna undanfarið misseri en reksturinn er núna á þriðju kennitölunni. Ekki hefur tekist að birta Jóhanni stefnuna en í Þjóðskrá er hann skráður með

óþekkt heimilisfang í Danmörku.

Eigendur umrædds húsnæðis í Þverholti eru hjónin Friðrik Skúlason og Björg Marta Ólafsdóttir í gegnum félagið Friðrik Skúlason ehf. Fasteignin er rúmlega 1.000 fermetrar að stærð, rúmlega 600 fermetra skrifstofurými og 400 fermetra bílakjallari. Skrifað var undir leigusamningin við Jóhann í júlí 2017 og var leiguverðið 1.650.000 krónur mánuði. Fasteignin var þó aðeins að litlu leyti notuð sem skrifstofa félagsins, þar gistu einnig erlendir verkamenn sem komu til starfa hjá Já iðnaðarmönnum. DV fjallaði um alvarlega upptöku í húsnæðinu í júlí



Þverholt 18 í Reykjavík.

í sumar en þá dró egypskur hælisleitandi upp hníf í húsnæðinu í kjölfar þess að hann taldi sig vera svikinn um laun. Var sérsveit lögreglu kölluð til og handtók manninn.

Afbrotaverill Jóhanns er langur. Hann var fyrst dæmdur fyrir þjófnað árið 1975 og hefur hlotið á þriðja tug dóma fyrir margs konar brot, meðal annars nauðgun og fíkniefnainnflutning.

FAGLEG ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF!

ÖLL ÞJÓNUSTA Á SAMA STAÐ

HÚSAVIÐGERÐIR

ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI

- SMÍÐAVINNA
- MÚRVINNA
- MÁLNINGARVINNA

HELLULAGNIR

LÓDAFRAMKVÆMDIR

- JARÐVINNA
- DRENLAGNIR
- HELLULAGNIR
- ÞÖKULAGNIR

Eind ehf

788 8870 | eind@eind.is